**HEIÐA AGNARSDÓTTIR:**

*Útstillingar eru skemmtilegt nám*

• nám • ferðir

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ:**

Skrifar samtímasögu um vald og valdníðslu

• American Psycho á Íslandi

**FÓLK 34**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. október 2005 – 275. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Síðar nærbuxur rokseljast

Veður fer kólnandi og kaupmenn hafa vart undan við að afgreiða síðar nærbuxur. Bómullin er enn sem komið er langvinsælust.

**FÓLK 24**

### Fátækt til vansa

Það er okkar ríka samfélagi til vansa að hér búa alltof margir þjóðfélagsþegnar við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða lágmarks framfærslu. Þetta segir Margrét Frímannsdóttir formaður þingflokks Samfylkingarinnar í grein í blaðinu í dag.



**UMRÆÐAN 18**

### Ferillinn á enda?

Knattspyrnumaðurinn Ríkharður Daðason þarf væntanlega að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla en hann er hugsanlega með brjósklos. Ríkharður segist ekki vera bjartsýnn á að geta haldið áfram.



### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SLYDDA** við suðurodda landsins. Annars yfirleitt úrkomulítið lengst af. Hiti við frostmark nyrðra en eilítið yfir því syðra.

# Fjárdrætti og lánum er blandað saman

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gagnrýnir vinnubrögð ríkislögreglustjóra. Hann vill að ríkissaksóknari fái nýja aðila til þess að fara yfir Baugsmálið og segir ríkisstjórnina ekki eiga að blanda sér í störf ákæruvaldsins.**

**BAUGSMÁL** „Þessi dómur Hæstaréttar er mjög harðorður og hlýtur að vekja ýmsar spurningar,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um þá stöðu sem komin er upp í Baugsmálinu.

„Mér þykir það sérkennilegt þegar ég les það að menn blandi saman fjárdrætti og ólöglegum lánum. Í mínum huga er himinn og haf þarna á milli,“ segir Halldór. „Ég geng út frá því að ríkissaksóknari fái nýja aðila til þess að fara yfir málið og meta það í þessu ljósi,“ segir forsætisráðherrann. Hann kveður það þó ekki vera í verkahring ríkisstjórnarinnar að blanda sér í störf ákæruvaldsins því það starfi sjálfstætt.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ritaði á heimasíðu sína í kjölfar dómsúrskurðar Hæstaréttar að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta orð í málinu: „Lögheimildir eru til þess, að ákæruvaldið taki mið af því, sem fram hefur komið hjá Hæstarétti við frekari ákvarðanir um framhald málsins.“ Orð Björns hafa vakið talsverð viðbrögð og voru rædd á Alþingi í gær. Þar sagði Steingrímur J. Sigfússon að dómsmálaráðherra þurfi að svara fyrir og bera ábyrgð á afglöpum undirmanna sinna sem þau væru hans eigin: „Það er nefnilega þannig að áfellisdómur Hæstaréttar yfir lögreglu og ákæruvaldi er um leið áfellisdómur yfir dómsmálaráðherra sem ber hina pólítísku ábyrgð á þessum málaflokki.“

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, gagnrýnir einnig skrif dómsmálaráðherra á heimasíðu sína og segir óviðeigandi og óþolandi að framkvæmdavaldið hafi með þessum hætti afskipti af málefnum sem eru fyrir dómstólum.

Jón H. B. Snorrason, saksóknari ríkislögreglustjóraembættisins, telur Björn hafa rétt fyrir sér að því leyti að lögformlega sé máli ekki lokið enda þótt ákæruliðum hafi verið vísað frá dómi. Hann segir að aðeins séu tvær leiðir til þess að ljúka málum. Annað hvort með bréfi um að ekki sé tilefni til ákæru eða einfaldlega með ákæru sem dómstólar fjalli um.

**- saj / jh** **Sjá síður 2, 6 og 16.**



**Í FANGELSI** Ungmennafangar við æfingar í fangelsi á Flórída. GETTY IMAGES

Lífstíðardómar ungmenna:

## Bandaríkin gagnrýnd

**BANDARÍKIN, AP** Að minnsta kosti 2.225 ungmenni, sem brutu af sér á barns- eða unglingsaldri, afplána nú lífstíðarfangelsisdóma í bandarískum fangelsum, án möguleika á skilorði. Í öðrum löndum heims sitja samtals tólf ungmenni inni sem afplána svo þunga dóma.

Á þessu vekja mannréttindasamtökin Amnesty International og Human Rights Watch athygli í nýrri skýrslu, en þau saka bandarísk yfirvöld um að brjóta með þessu gegn alþjóðarétti.

Í skýrslunni segir að nú sé það þrisvar sinnum algengara en fyrir 15 árum að svo þungir dómar séu felldir af bandarískum dómstólum.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON LÍFFRÆÐINGUR** Hér heldur Össur á 22 punda urriða. MYND/SIGURÐUR ODDSSON

Hrygning í Öxará:

## Tveir boltar í Öxaránni

**ÞINGVELLIR** „Öxaráin er full af stórurriða þessa dagana. Hann er þarna í bullandi hrygningu og inn á milli eru risastórir hængar. Þeir eru að slást um ástaratlot og hylli glæsilegra hrygna,“ segir Össur Skarphéðinsson, alþingismaður og líffræðingur.

Össur segir þennan fisk hafa verið svo árásargjarnan að þegar beint hafi verið ljósgeisla að honum í haustmyrkrinu hafi hann orðið svo reiður við að hann hafi synt þannig að boðarnir féllu af honum. Um leið var hann fangaður í háf og verður notaður í klak.

Össur telur urriðastofninn í vatninu vera að styrkjast, bæði í Öxaránni og ekki síður við uppsprettur á öðrum stöðum í vatninu. Þessi stóri hængur verður merktur með sérstökum merkjum og þannig fylgst með ferðum hans.

**- saj**


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


MARKAÐURINN
Sómi verði átta hundruð milljóna samlokufyrirtæki
Útvegsmenn daðra við evruna
E*TRADE
Landsbankinn


Þrír dagar til þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Írak:

# Saddam hefur kosningarétt

**BAGDAD, AP** Rósturnar í Írak stigmagnast eftir því sem nær dregur þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrárdrög landsins en hátt í fimmtíu manns létust í hryðjuverkaárásum í gær. Íraskir embættismenn hafa greint frá því að Saddam Hussein geti neytt atkvæðisréttar síns á laugardaginn.

Uppreisnarmenn í Írak hafa heitið því að valda sem mestum usla í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um helgina og í gær sýndu þeir að þeim væri alvara. Í gær biðu þrjátíu borgarar bana í tilræði í bænum Tal Afar, nærri sýrlensku landamærunum, í gær en þá ók kona bíl fylltum sprengiefni á markaðstorg bæjarins. 388 hafa beðið bana síðastliðnar tvær vikur í árásum uppreisnarmanna.



**SADDAM HUSSEIN** Saddam getur greitt atkvæði á laugardaginn, eins og 12.000 fangar sem sitja án dóms í íröskum fangelsum.

Undirbúningur fyrir kjörfundinn er í fullum gangi og í gær greindi Abdul Hussein Hindawi, einn kjörstjórnarformannanna, frá því að Saddam Hussein gæti neytt atkvæðisréttar síns, rétt eins og aðrir fangar sem ekki hafa hlotið dóm. Réttarhöld yfir einræðisherranum fyrrverandi hefjast 19. október næstkomandi.

Þá skýrði breska ríkisstjórnin frá því í gær að hún hygðist greiða skaðabætur vegna manntjóns og eignaspjalla sem urðu þegar breskir hermenn réðust inn á lögreglustöð í Basra í síðasta mánuði og frelsuðu tvo félaga sína sem þar voru í haldi. Fimm borgarar létust í þeirri árás.

**- shg**


**Það dregur til tíðinda!**

Aðeins

**3**

dagar til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október





## SPURNING DAGSINS

*Páll, nær þetta mál út fyrir gröf og dauða?*

„Já.“

Páll Ásgeir Ásgeirsson undirbýr útgáfu bókar um Láru Ingibjörgu Stefánsdóttur miðil. Börn Láru eru á móti útgáfunni og telja að illa sé komið fram við látna konu sem geti sér ekki vörn veitt.

Bílaleigum heimilt að hafa bíla á sumardekkjum til 15. október:

# Jeppinn festist í snjóskafli

**ÖRYGGISMÁL** „Jeppinn sem ég leigði var eins og aðrir jeppar á bílaleigunni á sumardekkjum og svo þegar ég fór yfir smá snjóskafning við Ásbyrgi þá sat hann fastur,“ segir Stefán Helgi Valsson sem leigði jeppa í Reykjavík frá 5. til 10. október.

„Það sem er alvarlegt í þessu er það að manni verður hugsað til þess hver ábyrgð bílaleigunnar sé ef einhver lántaki verður fyrir slysi vegna þessa en ég veit að margir þeirra sem leigja bíla eru útlendingar sem þekkja lítið til íslenskra aðstæðna og nú þegar eru snjóþyngsli fyrir norðan,“ bætir hann við.

Ingi H. Berþórsson, þjónustufulltrúi hjá Bílaleigunni Budget en þaðan var jeppinn leigður, segir að lögum samkvæmt verði bílarnir að vera komnir á vetrardekk fyrir 15. október eða fyrr ef aðstæður knýja á. Hins vegar ef slys verður sem rekja megi til þess að bíllinn hafi verið á sumardekkjum sé bílaleigan ekki ábyrg hafi það verið fyrir 15. október og fjarri bílaleigu.

„Þegar útlendingar eiga í hlut lánum við þeim nær undantekningarlaust jeppa á vetrardekkjum, svo getur leigutaki farið fram á að fá jeppannn á nöglum eða á vetrardekkjum og þá verðum við alltaf við því honum að kostnaðarlausu,“ segir Ingi. Hann segir að nú sé verið að setja vetrardekk undir alla jeppana. **-jse**



**Á SUMARDEKKJUM** Þessi dekk komu lántaka jeppans í vandræði í litlum snjóskafli.

ASÍ og forsætisráðherra:

## Fundur um kjör eftir helgi

**KJARAMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á fundi með blaða- og fréttamönnum í gær að á næstunni yrðu aðilar vinnumarkaðarins að koma sér saman um áframhald viðræðna um kaup og kjör.

„Það hefur verið spurt um aðkomu ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Ég get upplýst að það hafa átt sér stað óformleg samtöl við aðila vinnumarkaðarins af minni hálfu. Alþýðusamband Íslands hefur óskað eftir fundi með ríkisstjórninni ásamt formönnum allra landssambanda. Við munum fara yfir stöðuna á fundinum,“ sagði Halldór. **- jh**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Lögbannsmál þingfest

**DÓMSMÁL** Mál Jónínu Benediktsdóttur á hendur Fréttablaðinu og Kára Jónassyni ritstjóra þess var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Krafist er staðfestingar á lögbanni sem sett var á birtingu einkagagna Jónínu og upptöku á gögnum hjá blaðinu. Þá krefst Jónína fimm milljón króna í miskabætur og málskostnað og ítrustu refsingar til handa ritstjóranum sem lög leyfa. Jón Magnússon, verjandi Fréttablaðsins, sagði málið verða tekið fyrir í næstu viku, en hann hefði farið fram á viku frest til að skila greinargerð. **- óká**



**JÓN MAGNÚSSON** Verjandi Fréttablaðsins.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Kostar peninga að halda uppi réttarríki

**Jón H. B. Snorrason, saksóknari ríkislögreglustjóra, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafa rétt fyrir sér. Máli sé ekki lokið þótt ákæru sé vísað frá. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri vill varðveita trúverðugleikann.**

**BAUGSMÁL** Jón H. B. Snorrason, saksóknari ríkislögreglustjóra, segir að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi að sínu leyti rétt fyrir sér þegar hann segi á vefsíðu sinni að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta orð.

„Máli sem tekið er til rannsóknar getur aðeins lokið með tvennum hætti. Annars vegar með bréfi þar sem greint er frá því að ekki þyki tilefni til þess að gefa út ákæru. Hins vegar með útgáfu ákæru sem dómstólar fjalla þá um. Björn er lögfræðingur að mennt og það situr væntanlega enn í honum,“ segir Jón og bætir við: „Nú er greinileg sú tilhneiging við meðferð opinbers valds að sífellt meiri kröfur eru gerðar til handhafanna.“

Jón telur að dómur Hæstaréttar um frávísun 32 ákæruliða verði fordæmisgefandi og hafi áhrif á allar ákærur sem skrifaðar verði héðan í frá.

Þeir 32 ákæruliðir Baugsmálsins sem Hæstiréttur vísaði frá dómi í fyrradag eru nú í höndum Ríkissaksóknara. „Við vildum að enginn vafi léki á trúverðugleika þeirra ákvarðana sem teknar eru í sambandi við niðurstöðu Hæstaréttar, þess vegna óskaði ég eftir því að Ríkissaksóknari tæki yfir málið,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. „Síðan er það Ríkissaksóknari sem ákveður hvernig haldið verður á málinu. Við höfum engin afskipti af þeim hluta málsins,“ bætir Haraldur við.

Jón segir að kostnaðurinn við rannsóknina gæti komið til með að hlaupa á tugum milljóna króna en bendir á að hlutfallslega sé ekki víst að hann sé meiri en við aðrar rannsóknir hjá embættinu. „Kostnaðurinn hefur ekki verið tekinn saman en við vitum þetta á ákveðnum tímapunkti. Flest mál sem rannsökuð eru hjá embættinu taka fleiri mánuði í vinnslu og að þeim koma fleiri en einn starfsmaður. Þannig getur einstakt mál kostað fleiri en eitt ársverk og það er fljótt að hlaupa á tugum milljóna króna. Það kostar peninga að halda uppi réttarríki. Þetta er ekki gríðarlegur kostnaður þótt það sé vissulega afstætt,“ segir Jón. **- saj**




**Á FUNDI MEÐ BLAÐAMANNI** Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón H. B. Snorrason saksóknari á fundi með blaðamanni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**FÓRNARLAMB OFBELDIS** Lögreglumenn í New Orleans tóku Robert Davis engum vettlingatökum þegar þeir tóku hann fastan.

Mál Roberts Davis rannsakað:

## Ekki drukkið í áraraðir

**BANDARÍKIN** Robert Davis, sem á laugardaginn var barinn af lögreglunni í New Orleans, þvertekur fyrir að hafa verið ölvaður eins og lögreglan heldur fram. Þá segir lögreglan hann hafa streist á móti þegar hann var settur í handjárn en myndband sem náðist af atburðinum sýnir þó annað.

Davis hafði nýlega snúið aftur til síns heima eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir svæðið og var á leið út í búð til að kaupa sígarettur þegar lögreglan réðst á hann. Málið hefur valdið mikilli reiði í landinu en lögreglumönnunum hefur verið vikið frá störfum tímabundið á meðan rannsókn stendur yfir.

**SVEITASTJÓRNARMÁL**

**Minni tekjur jöfnunarsjóðs**

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ráð fyrir að tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dragist saman um 100 milljónir á næsta ári. Það eru áhrif af lækkun tekjuskatts um eitt prósentustig sem hefur þessi áhrif, en tekjurnar eru að verulegum hluta til hlutfall af öllum skatttekjum ríkissjóðs.

IATA UFTAA
AUTHORISED TRAINING CENTRE

**Alþjóðleg ferðamarkaðsfræði**



„Að geta sýnt fram á lokapróf í Alþjóðlegri ferðamarkaðsfræði frá jafn virtri stofnun sem IATA/UFTAA er, hlýtur að teljast gulltrygging fyrir atvinnu innan ferðaþjónustunnar hvar sem er í heiminum.“

*Sigurlaug Valdís Jóhannsdóttir, Allrahanda.*

Námsefnið kemur frá IATA/UFTAA og tekin eru próf í mars nk. og veitir því alþjóðlega viðurkenningu, en kennslan fer fram á íslensku.

**Námið hentar öllum þeim, sem áhuga hafa og vilja auka þekkingu sína á ferðaþjónustu.**

www.menntun.is

Ferðamálaskóli Íslands

**Bíldshöfða 18 • Sími 567 1466 • Opið frá kl. 8—22**

Umfangsmestu rannsókn lögreglu í barnaklámsmáli lokið:

# Maður með þúsundir mynda af barnaklámi brátt ákærður

**LÖGREGLA** „Þetta hlýtur að vera lang umfangsmesta mál sinnar tegundar hér á landi,“ segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík um rannsókn á máli manns sem hafði barnaklám undir höndum.

„Rannsókninni var að ljúka í síðustu viku. Ákæra verður gefin út fljótlega,“ segir Hörður. Rannsóknin hefur staðið yfir frá því í mars. Hörður segir ástæðuna fyrir löngum rannsóknartíma vera að óheyrilegan tíma hafi tekið að fara yfir allt efnið, en um er að ræða sjö gígabæt af myndskeiðum og átta gígabæt af öðru myndefni. Þegar farið hafði verið yfir efnið var sakborningurinn tekinn til yfirheyrlu þar sem hann játaði að eiga myndefnið og að hafa hlaðið því niður af netinu.

Í 210. grein almennra hegningarlaga segir að hver sem flytji inn eða hafi í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýni börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tvö ár ef brot er stórfellt. **- saj**



**BARNAKLÁM** Lögreglan gerði þennan tölvubúnað upptækan fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingaheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfaviðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 11.10.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,2 | 61,5 |
| Sterlingspund | GBP | 107,23 | 107,75 |
| Evra | EUR | 73,54 | 73,96 |
| Dönsk króna | DKK | 9,853 | 9,911 |
| Norsk króna | NOK | 9,371 | 9,427 |
| Sænsk króna | SEK | 7,876 | 7,922 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5358 | 0,539 |
| SDR | XDR | 88,42 | 88,94 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**103,3492**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðdraganda Íraksstríðsins andæft í Danmörku:

# Forsætisráðherranum stefnt

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hefur verið stefnt með fulltrúa ríkisins fyrir að hafa brotið stjórnarskrána með aðild Danmerkur að innrásinni í Írak fyrir um tveimur og hálfu ári.

Í tilkynningu frá 24 manna hópi sem stendur að stefnunni kemur fram að stjórnarskráin kveði skýrt á um að Danmörk geti aðeins beitt hervaldi í sjálfsvörn eða í umboði Sameinuðu þjóðanna og þá í samræmi við alþjóðalög. Einnig er gagnrýnt að danskir hermenn hafi verið færðir undir stjórn annarra ríkja.

Danska þingið samþykkti 21. mars 2003 aðild Danmerkur að innrásinni í Írak en ríkisstjórnin og þá sérstaklega forsætisráðherrann voru harðlega gagnrýnd fyrir þá ákvörðun. Ákærendurnir lögðu því í gær fram stefnu í málinu fyrir Eystri-Landsrétti og í kjölfarið tekur dómurinn afstöðu til þess hvort grundvöllur sé fyrir því að taka málið fyrir.

Dagblaðið Politiken hefur eftir Henning Koch, prófessor í ríkisrétti við Kaupmannahafnarháskóla, að stríðið í Írak hafi verið ólöglegt en hins vegar sé ekki víst að dómstólar séu réttu aðilarnir til að taka á málinu þar sem utanríkismál snúist ekki aðeins um lögfræðileg atriði heldur einnig völd. **- shg**



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Forsætisráðherrann er sagður ábyrgur fyrir ákvörðuninni um þátttöku Dana í innrásinni í Írak.

Dómsmálaráðuneytið:

# Hannes fékk lögfræðiálit

**DÓMSMÁL** „Ráðuneytið vinnur ekki lögfræðilegar álitsgerðir fyrir einstaklinga,“ segir Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor fékk þó ráðgjöf í ráðuneytinu varðandi meiðyrðamál sem Jón Ólafsson kaupsýslumaður höfðaði gegn honum. Stefán segir ráðuneytinu skylt að svara spurningum og veita upplýsingar um mál sem undir það heyra.

Aðgangur að gögnum varðandi þessa ráðgjöf er ekki heimill án samþykkis Hannesar. **- saj**

**AÐDRAGANDI ÍRAKSSTRÍÐSINS**

## Stefnan er mjög áhugavert mál

■ *Steingrímur J. Sigfússon*



„Stefna Dana á hendur forsætisráðherra vegna þátttökunnar í Íraksstríðinu er mjög áhugavert mál, bæði lögfræðilega og pólitískt,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri-grænna.

„Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þeim gengur að fá málið tekið fyrir því uppi hafa verið efasemdir um að borgarar geti fengið mál sem þetta tekið fyrir því það varði ekki persónulega hagsmuni, heldur stjórnarfarslega og pólitíska,“ segir Steingrímur.

Hann bendir á að ákvörðunin hafi fengið umfjöllun og afgreiðslu í danska þinginu, en það hafi ekki verið gert á Íslandi. „Ýmsir munu fylgjast mjög grannt með því hvernig málinu reiðir af,“ segir Steingrímur.

## Eðlilegt að láta á þetta reyna

■ *Össur Skarphéðinsson*

„Ég tel fullkomlega eðlilegt að íslenskir borgarar láti á þetta reyna því stuðningur okkar við innrásina í Írak var í andstöðu við lög, íslenska lýðræðishefð og allt siðferði í stjórnmálum,“ segir Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, þegar hann er spurður um hvort hann telji að Íslendingar ættu að fylgja fordæmi Dana sem stefnt hafa ráðamönnum fyrir ólögmæta þáttöku í Íraksstríðinu.



„Forsætisráðherra hefur viðurkennt að það hafi verið mistök að gefa vopnaeftirlitinu ekki meiri tíma og því hlýtur hann að telja að innrásin öll hafi verið mistök. Hann ætti því að jafna þennan djúpa ágreining við þjóðina með því að biðjast afsökunar á sínum þætti í þessum mistökum.“

# Haglél tefur hjálparstarfið

**Neyðaraðstoð til bágstaddra á jarðskjálftasvæðunum í Kasmír berst nú víðs vegar að en óveður hamlaði hins vegar hjálparstarfi í gær. Rúmlega fjörutíu þúsund manns eru taldir af.**



**KÆRKOMIN AÐSTOÐ** Hjálpargögnum var dreift í héraðshöfuðborginni Musaffarabat í gær. Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna hyggst senda meira af matvælum á vettvang. MYND/AP

**JARÐSKJÁLFTI** Óveður á hamfarasvæðunum í pakistanska Kasmír hamlaði hjálparstarfi í gær en hjálpargögn berast nú víða að. Eftir því sem lengra líður frá skjálftanum þverra líkurnar á að fleiri finnist á lífi.

Aðstæður á hamfarasvæðunum í Kasmír eru afar erfiðar. Tæpar þrjár milljónir manna sem misst hafa heimili sín hafast við í tjöldum eða undir berum himni, þrátt fyrir haustkuldann. Í gær gerði óveður á svæðinu með éljagangi og hvössum vindi og stöðvuðust því um tíma allar flugferðir með vistir frá Islamabad, höfuðborg Pakistan.

Hvað sem veðrinu líður hafa ókjör af matvælum og öðrum nauðsynjum verið flutt á vettvang. Amjad Jamal, talsmaður Matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, sagði í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN að 120 tonn af mat væru þegar komin, sem eiga að duga 240.000 manns í fimm daga, og að ráðgert væri að halda þeirri aðstoð áfram. Sameinuðu þjóðirnar hafa beðið aðildarríki sín um að láta sextán milljarða króna af hendi rakna til fórnarlamba jarðskjálftans. Bandaríkjamenn hafa hvatt Atlantshafsbandalagið til að senda útbúnað frá herstöðvum sínum í Afganistan á hamfarasvæðin og er fastlega búist við að NATO verði við þeirri beiðni.

Alger eyðilegging blasir við á þeim svæðum sem verst urðu úti. Heilu þorpin hafa þurrkast út, vatn er af skornum skammti og óttast er að farsóttir geti farið að breiðast út. Stjórnvöld í Pakistan telja að 41.000 manns hafi týnt lífi í skjálftanum en við þann fjölda bætast svo 1.240 dauðsföll í Indlandi og Afganistan. Formælandi íslamskra hjálparsamtaka sem eru á störfum á svæðinu kvaðst álíta að allt að 80.000 manns hefðu beðið bana.

Í gærmorgun fundust tveggja ára stúlka og móðir hennar grafnar undir blokk sem hrundi í Islamabad. Björgunarsveitir hafa því ekki gefið upp alla von um að finna fleiri á lífi en eftir því sem tíminn líður minnka líkurnar á því.

Talið er að Osama bin Laden, leiðtogi al-Kaída, hafi hafst við í fjallahéruðum svæðisins þegar skjálftinn reið yfir. Engar upplýsingar hafa hins vegar borist um afdrif hans. **sveinng@frettabladid.is**



**ERFITT VERK** Björgunarsveitir róta nú í rústum víða um Pakistan en eins og sjá má er slíkt ekkert áhlaupaverk. MYND/AP




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MINNI ÚRKOMA NYRÐRA**

Norðurlandið hefur nú fengið dágóðan skammt af ofankomu sem nú sér að miklu leyti fyrir endann á. Hins vegar er að sjá smálægð við suðurodda landsins í dag sem fylgir talverð slydda eða vatnsveður einkum síðdegis en þá bætir í vind. Senn fer svo hlýnandi á landinu.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg austlæg átt en vaxandi vindur síðdegis. Úrkomulítið eða -laust lengst af. Hiti 0 - 4 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C hálfskýjað | París | 18°C rigning | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Osló | 11°C alskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Milano | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C léttskýjað | Frankfurt | 14°C hálfskýjað | New York | 16°C rigning |
| Helsinki | 14°C hálfskýjað | Madrid | 17°C hálfskýjað | San Francisco | 21°C léttskýjað |
| London | 18°C rigning | Barcelona | 21°C rigning | Orlando/Florida | 33°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


„Drífðu þig!“
Þessi mynd var tekin nokkrum augnablikum eftir að við frelsuðum þessa ungu fjölskyldu sem hafði verið lokuð inni í 360 daga samfleytt með allt of lítinn hraða og mjög takmarkað niðurhal.
Svo sannarlega merkileg tímamót fyrir þau og okkur hjá Hive, en við vitum að hver mínúta skiptir máli því fleiri bíða frelsisins. Þess vegna sögðum við ljósmyndaranum að drífa sig. Við biðjumst því afsökunar á töfinni sem þessi myndataka olli.
Við reynum að láta það ekki gerast aftur.
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími
*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is
Hive
*M.v. 12 mánaða samning.



## SPURNING DAGSINS

*Er rétt að reisa Slippstöðina á Akureyri við?*

| | |
|---|---|
| Já | 86% |
| Nei | 14% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er Baugsmálið áreiti við Baug, eins og stjórnendurnir halda fram?*

Farðu inn á visir.is og segðu þína skoðun.

Stjórnarmyndun í Þýskalandi:

# Kanslaravald Merkel takmarkað

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel mun þurfa að sætta sig við hömlur á valdi sínu sem kanslari í samsteypustjórn kristilegra demókrata og jafnaðarmanna. Þetta sögðu forystumenn úr báðum flokkum í gær, daginn eftir að kunngjört var að Merkel yrði kanslari í slíkri samsteypustjórn ef samningar tækjust um málefnasamning.

Franz Müntefering, formaður þýska jafnaðarmannaflokksins SPD, sagði að þótt í stjórnarskránni væri kveðið á um rétt kanslara til að móta stjórnarstefnuna væri „ekki raunhæft“ að Merkel nýtti sér þann rétt til fulls.

„Hver sem leyfir sér að gera það í samsteypustjórn veit að þar með springur stjórnarsamstarfið,“ sagði Müntefering í sjónvarpsviðtali. Þegar að ríkisstjórn stæðu tveir jafnstórir flokkar yrði að vera fullt samráð um allar helstu ákvarðanir.

Framámenn í flokki Merkel hafa viðurkennt að svigrúm hennar í kanslaraembættinu verði takmarkað. „Að kanslarinn ákveði stefnuna í samsteypustjórn er aðeins mögulegt í mjög litlum skömmtum,“ sagði Edmund Stoiber, sem mun ásamt Merkel fara fyrir stjórnarmyndunarviðræðunum sem hefjast formlega strax eftir helgi. **- aa**



**SAMSTEYPUKANSLARI** Angela Merkel, verðandi kanslari „stóru samsteypu“, setur þingflokksfund kristilegra demókrata í Berlín í gær. MYND/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Dæmdir fyrir þjófnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt fjóra menn um tvítugt í 45 daga til fimm mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar vegna stórfelldra innbrota í heimahús og verslanir á þessu ári, auk smávægilegra fíkniefnabrota. Bótakröfum tryggingafélagsins Sjóvár-Almennra var vísað frá dómi.

Tveir piltanna, sem eru undir tvítugu, hafa annars hreinan feril, en hinir hafa áður verið sakfelldir fyrir þjófnað og fíkniefni. Allir dómarnir eru skilorðsbundnir til þriggja ára. **- smk**


STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir




Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).
**Næsta námskeið hefst mánudagskvöldið 17. október**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



Áætlanagerð í daglegum rekstri:
**Áætlanir - verkfæri til árangurs**



Áætlanagerð sýnt um að ákveða með hvaða aðgerðum á að ná þeim markmiðum sem hafa verið sett. Á námskeiðinu verður fjallað um leiðir til gera raunhæfar áætlanir sem hægt er að nota sem áttavita á leiðinni að takmarkinu.

**Hverjum er námskeiðið ætlað?**
Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem stunda eigin atvinnurekstur eða þurfa á annan hátt að skipuleggja tíma sinn og tekjur sjálfir.

**Helstu efnisþættir**
- Sölu-, markaðsáætlanir
- Sjóðsstreymisáætlanir
- Eftirfylgni áætlunar
- Hvenær á EKKI að gera áætlanir
- Hvenær á að leita sér aðstoðar

**Næsta námskeið**
*25. október* frá kl. 09.00 til 13.00

Nánari upplýsingar og skráning á vef Iðntæknistofnunar *www.iti.is* eða í síma *570 7100*.

Iðntæknistofnun



Innheimta reikninga:
**Skilvirkni og aukin arðsemi**



Hraði og skilvirkni í umsjón og innheimtu reikninga er mikilvægur áhrifaþáttur í arðsemi fyrirtækja. Á námskeiðinu verður því fjallað um aðferðir og tæki sem auka skilvirkni í innheimtuferlinu frá útgáfu reikninga þar til hann er greiddur.

**Fyrir hvern?**
Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa við umsjón og innheimtu reikninga hjá fyrirtækjum og stofnunum ásamt sjálfstætt starfandi verktökum.

**Markmið**
Að þátttakendur læri meðferð og útgáfu reikninga samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um reikningsviðskipti. Jafnframt að þátttakendur þekki hagkvæmustu og bestu leiðir til innheimtu reikninga.

**Helstu efnisþættir**
- Reikningsformið
- Lög og reglur um útgáfu reikninga
- Kröfur ríkisskattstjóra
- Ítrekanir og greiðsluáskoranir
- TOK innheimtukerfið

Námskeiðið er haldið *18. og 20. október*.

Skráning er á *www.iti.is* eða í síma *570 7100*.

Iðntæknistofnun




**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Ákæruvaldið mun hugsa sig vel um áður en lengra verður haldið í málinu. Og ég tel að það sé mjög gott.“ FR'ETTABLAÐIÐ/E'OL

# Tekur ábyrgð á dómsmálaráðherra

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er ánægður með að ríkissaksóknari hafi tekið Baugsmálið úr höndum ríkislögreglustjóra. Hann kveðst treysta Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra þrátt fyrir ummæli hans um Baugsmálið.**

**BAUGSMÁL** „Ég tek að sjálfsögðu ábyrgð á dómsmálaráðherra í minni ríkisstjórn,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í gær um þau ummæli Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á vefsíðu sinni að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í Baugsmálinu.

Hörð hríð var gerð að dómsmálaráðherranum við upphaf þingfundar í gær vegna þessara ummæla en sjálfur var hann farinn af landi brott í embættiserindum og var ekki viðstaddur umræðurnar.

Halldór sagði á fundi með blaða- og fréttamönnum í gær, að hann hefði rætt málið við dómsmálaráðherra þá um morguninn og hann hefði útskýrt sín sjónarmið. „Það liggur alveg ljóst fyrir, bæði í mínum huga og dómsmálaráðherra, að ákæruvaldið er algerlega sjálfstætt. Það vill hins vegar þannig til í þessu máli að það er fallinn dómur í Hæstarétti sem ég hef lesið og farið yfir. Og það hlýtur að vera þessu sama ákæruvaldi mikið áhyggjuefni og mikill áfellisdómur. Ég tel að það þurfi að taka mjög alvarlega.“

### Málið hefur tekið of langan tíma

Forsætisráðherra sagði málið í eðlilegum farvegi og að gott væri að ríkissaksóknari hefði það nú til meðferðar.

„Ég geng út frá því að ríkissaksóknari muni fá nýja aðila til þess að fara yfir málið og meta það í þessu ljósi. Ég vænti þess að ríkissaksóknari geti unnið þetta mál fljótt og vel því það er satt best að segja búið að taka allt of langan tíma. Og þessi dómur hæstaréttar er mjög harðorður og hlýtur að vekja ýmsar spurningar. En það er ekki okkar í ríkisstjórninni að blanda okkur inn í störf ákæruvaldsins því að er sjálfstætt.“ Halldór gat þess að eitt af því sem rætt væri í stjórnarskrárnefndinni væri að ítreka enn frekar sjálfstæði ákæruvaldsins með því að setja um það ákvæði í stjórnarskrána.

### Ólíkum þáttum blandað saman

Að svo miklu leyti sem niðurstaða dómstóla í Baugsmálinu kann að vera áfellisdómur yfir embætti ríkislögreglustjóra og saksóknara kann það einnig að eiga við um dómsmálaráðherrann sem er æðsti yfirmaður lögreglustjóraembættisins.

Þessu neitar forsætisráðherra. „Ákæruvaldið er sjálfstætt og dómsmálaráðherrann hvorki getur né á að blanda sér inn í það. En þegar svona kemur upp hljóta menn að vilja draga lærdóm af því og fara yfir málið. Ég get ekkert neitað því eftir að hafa lesið þennan dóm að þá vakna spurningar í mínum huga. Ég er endurskoðandi að mennt og mér finnst það sérkennilegt þegar ég les það sem gamall endurskoðandi að menn blandi saman hugsanlegum fjárdrætti og hugsanlegum ólöglegum lánum. Í mínum huga er himinn og haf milli þessara mála. Ég hef engar skýringar á því.“

Aðspurður um það hvort forsætisráðherra vantreysti embætti ríkislögreglustjóra kvaðst hann ekki vilja gerast dómari. „Það er alveg ljóst að með því að ríkissaksóknari hefur ákveðið að taka málið til sín liggur það alveg ljóst fyrir að hið svokallaða ákæruvald muni hugsa sig vel um áður en lengra verður haldið í málinu. Og ég tel að það sé mjög gott.“

### Engin pólitísk afskipti

Halldór útilokar að pólitísk afskipti hafi verið af Baugsmálinu og kvaðst ekki vita meira en aðrir um hugsanleg afskipti af þeim toga. „Ég hef enga ástæðu til að ætla að svo sé. Ég hef enga ástæðu til að vantreysta ákæruvaldinu með þeim hætti. Það geta að sjálfsögðu orðið mistök hjá þeim eins og hjá öðrum. Og ég hef engar skýringar á því. Þessi dómur hæstaréttar er mjög harðorður. Það fer ekkert á milli mála. Og það hlýtur að vera þeim sem þarna eru sakborningar mikill léttir að fá þennan dóm miðað við hverju þeir hafa haldið fram.“

Forsætisráðherrra sagðist ekki vilja fullyrða neitt um það hvort einhver yrði dreginn til ábyrgðar ef sannaðist að Baugsmálið væri ekki á rökum reist. „Ég sagði áðan að við yrðum að draga lærdóm af málinu. Ég vil ekki tala um það sem ekki hefur gerst. Það er nóg að tala um það sem gerst hefur þótt maður fari ekki að ræða eitthvað sem eftir á að gerast. **johannh@frettabladid.is**

# Rýmingarsala á hjólum*

***Einungis fáanlegt í Skeifunni**

## 12" hjól 3-5 ára

**One**

**Fjöldi gíra:** 1
**Bremsur:** Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



**TILBOÐ 3.000 kr**
**Verð áður 6.999,-**

## 16" hjól 5-7 ára

**Fox**

**Fjöldi gíra:** 1
**Bremsur:** Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



**TILBOÐ 3.000 kr**
**Verð áður 7.999,-**

## 24" hjól 9-12 ára

**Offroad**

**Fjöldi gíra:** 18
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



**TILBOÐ 7.500 kr**
**Verð áður 19.999,-**

## 24" hjól 9-12 ára

**Serval**

**Fjöldi gíra:** 6
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Trektro handbremsa að framan og aftan



**TILBOÐ 5.000 kr**
**Verð áður 14.999,-**

## 26" hjól fyrir herra

**Racer**

**Fjöldi gíra:** 18 **Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa a› framan og aftan



**TILBOÐ 7.500 kr**
**Verð áður 16.999,-**

***Ameríski draumurinn!***



**TILBOÐ 5.000 kr**
**Verð áður 19.999,-**

Gildir til 14. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver er á myndinni hér fyrir ofan?

2 Hver er verjandi Jóhannesar Jónssonar í Baugsmálinu?

3 Hvar og hvaða ár fæddist kanslarinn Angela Merkel?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 34

Brengluð verðmyndun á fiski kallar á lagasetningu

# Feluleikur með fiskverðið

**SJÁVARÚTVEGUR** Guðjón A. Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, og Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, vilja að rekstur útgerðar og fiskvinnslu verði skilinn að með lögum og hafa lagt fram þingsályktunartillögu um málið.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að koma á fót nefnd sem ætlað er að vinna að málinu og stefnt verði að því að lög um það taki gildi í ársbyrjun 2007.

Flutningsmenn telja víst að verslun með óunninn fisk hér á landi standist ekki settar reglur um virka samkeppni og siðlegt athæfi í viðskiptum. Mjög halli á fiskvinnslu sem ekki fái úthlutað aflaheimildum. „Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst,“ segir í greinargerð með tillögunni.

Tilraunir til að færa verðmyndunina til betra horfs hafa mistekist með öllu, segja flutningsmenn og benda á að lög um kvótaþing hafi verið afnumin án þess að ástandið hafi verið bætt. **- jh**



**FISKVINNSLA** Flutningsmenn telja að kvótaviðskipti brengli eðlilega verðmyndun á fiskmörkuðum.

Hafnarfjörður:

# Þjófnuðum fækkar

**LÖGREGLUMÁL** Þjófnuðum og innbrotum hefur farið fækkandi í umdæmi Hafnarfjarðarlögreglunnar seinustu þrjú árin.

Samkvæmt tölfræðilegri úrvinnslu lögreglunnar á ýmsum afbrotum í umdæminu hefur innbrotum fækkað um 38 prósent og þjófnuðum um 45 prósent á tímabilinu 2002 til 2005.

Á sama tíma hefur umferðaróhöppum fjölgað og kennir lögreglan auknum umferðarþunga um. Umferðarslysum hefur hins vegar fækkað mikið og þakkar lögreglan það breyttum umferðarmannvirkjum, svo sem hringtorgum. **- smk**







# Slippstöðin skoðar verk á Kárahnjúkum

**Verki Slippstöðvarinnar á Kárahnjúkum verður haldið áfram með eða án starfsmanna nýju stöðvarinnar. Síðustu daga hefur staðið yfir samningagerð um verkið við þá sem taka við rekstri skipastöðvarinnar.**

**IÐNAÐUR** Hafist verður handa við stálfóðringu fallganga Kárahnjúkavirkjunar í Valþjófsstaðarfjalli í vikunni með eða án þátttöku fyrrverandi starfsmanna Slippstöðvarinnar sem standa að nýju fyrirtæki um reksturinn. Þetta segir Sigurður Arnalds, upplýsingafulltrúi virkjunarinnar.



**SIGURÐUR ARNALDS** Upplýsingafulltrúi Kárahnjúkavirkjunar.

Gjaldþrot Slippstöðvarinnar setti verkáætlun úr skorðum en síðustu daga hafa staðið yfir samningar við starfsmenn fyrirtækisins sem tekið hafa yfir rekstur þess. „Við erum að reyna að koma verkinu í gang í þessari viku, hvort sem það verður með starfsmönnum Slippstöðvarinnar eða ekki. Það væri út af fyrir sig ágætislausn gætu þeir komið að þessu á einhvern hátt.“

Sigurður segir gerð aðrennslisganganna hafa tafist nokkuð, en nú verði unnið hörðum höndum að því að vinna upp þá töf. Þá segir hann að bor 2 sem verið hefur stopp í nokkurn tíma sé kominn aftur í gang eftir að tekið var að styrkja berg fyrir framan hann með steypu og fylla upp í holrúm í berginu.

„Þetta gengur ágætlega og við eigum von á að þessi vandamál leysist núna næstu daga,“ segir hann. Boraðar eru könnunarholur fram fyrir borinn og sementsblöndu dælt inn í misgengi til að þétta bergið ef það skyldi reynast laust í sér. **-óká**



**STÁLRÖR Í FALLGANGAFÓÐRINGU** Stálrör á borð við þetta hér á myndinni eru notuð til að fóðra aðrennslisgöng í stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.




Baugsmálið til umfjöllunar í bresku blöðunum:

# The Times segir dóminn vera áfall

**BAUGSMÁL** Þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson hefur lýst því yfir að hann haldi sér til hlés í fjárfestingum á meðan málaferli gegn honum standa yfir er ákvörðun Hæstaréttar Íslands í fyrradag áfall. Þetta segir Lundúnablaðið Times í umfjöllun sinni.

Ákvörðun Hæstaréttar um að vísa beri frá 32 af 40 ákæruliðum í Baugsmálinu svonefnda var til umfjöllunar í helstu dagblöðum Bretlands. Financial Times rekur ákvörðun dómaranna og viðbrögð sakborninga við þeim, meðal annars Hreins Loftssonar, stjórnarformanns Baugs.

„Þessi langvarandi málarekstur hefur valdið miklu uppnámi á Íslandi vegna stöðu hr. [Jóns Ásgeirs] Jóhannessonar og umsvifa hans á Bretlandi,“ segir í niðurlagi greinarinnar.

The Times greinir frá því að Hæstiréttur hafi vísað öllum meiri háttar ákærum á hendur Baugi frá en eftir standi ákærur sem snúa að persónulegum viðskiptum Jóns Ásgeirs. Blaðið vitnar í óháða lögmenn sem segja málið alvarlegt þar sem Jóni er gefið að sök að hafa vísvitandi falsað skjöl. „Áframhaldandi málarekstur er áfall fyrir hr. Jóhannesson sem hefur lýst því yfir að hann muni ekki fara út í verulegar fjárfestingar á meðan málið hefur ekki verið til lykta leitt. **- shg**




**BAUGSMÁL Í BLÖÐUNUM** Breska pressan fylgist með þróun mála hérlendis enda eru umsvif Baugs á Bretlandseyjum umtalsverð.

MYND/HARI

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# Þvottadagar

# ORMSSON



### NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG

# EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

## AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: A+ • Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð

**Kr. 90.000,-**

## AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
• Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
• Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
• Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
• Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
• Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
• Stórt hurðarop - 33 sm

**Kr. 85.914,-**

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

**AEG** NÚ BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á KR. 159.000,- **AEG**




## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI!

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8** · SÍMI 530 2800 **SMÁRALIND** · SÍMI 530 2900
**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is



**HIMINGEIMURINN BÍÐUR** Kínverskir geimbúningar voru til sýnis í vísindasafni Shanghai þessa vikuna. Kínverjar hyggjast senda geimfara út í geiminn í vikunni, í annað skipti í geimferðasögu sinni. MYND/AP

Meirihluti á þingi fyrir lækkun matarskattsins segir formaður Samfylkingarinnar:

# Vill samstarf um matarskatt

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Árna Mathiesen fjármálaráðherra um lækkun matarskatts á Alþingi á mánudag og kvað meirihluta þingmanna og þjóðarinnar fyrir slíkri lækkun.

Ingibjörg rifjaði upp að bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin hefðu haft lækkun matarskatts á stefnuskrá sinni fyrir síðustu þingkosningar.

Árni Mathiesen svaraði að sjálfstæðismenn hefðu enn áhuga á lækkun matarskatts og unnið væri að slíkri lækkun með samstarfsflokknum. Hann taldi ekki skynsamlegt að fresta öðrum fyrirhuguðum skattalækkunum fyrir matarskattinn. Árni sagði jafnframt að það væri ekki rétt að lækkun matarskatts slægi á þensluna en það breytti verðbólgumælingum.

Ingibjörg kvað ráðherrann vera með útúrsnúninga og hótfyndni og spurði hvort Árni vildi fara einhverja aðra leið ef hann vildi ekki lækka matarskattinn nú.

Árni kvað nægan tíma til stefnu enda væri kjörtímabilið rúmlega hálfnað. - jh



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Ingibjörg býður Sjálfstæðisflokknum upp á samstarf um lækkun matarskattsins.

Kona svipt ökuskírteini:

# Tekin full í fimmta sinn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt konu á fertugsaldri í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið bifreið ölvuð og án ökuréttinda í mars síðastliðnum. Þetta er í fimmta sinn sem konan er tekin fyrir ölvunarakstur síðan árið 2001. Var hún síðast svipt ökuréttindum ævilangt í júní síðastliðnum og þá dæmd til tveggja mánaða fangelsisvistar. Var það í annað sinn sem hún var svipt þeim réttindum ævilangt.

Nú dæmdi héraðsdómur hana í tveggja mánaða fangelsi til viðbótar og árétti ökuréttindasviptingu hennar. Auk þess var henni gert að greiða tæpar 90.000 í sakarkostnað. - smk

Sjálfstæðisflokkurinn:

# Barnabætur óháðar tekjum

**STJÓRNMÁL** Í drögum að ályktun Sjálfstæðisflokks um fjölskyldumál, sem lögð verða fyrir landsfund flokksins nú um helgina, er hvatt til þess að lagaumhverfi verði með þeim hætti að það hvetji fremur en letji fólk til að búa saman í fjölskyldum.

Til þess að ná þessu markmiði er meðal annars tekið fram að lögum og reglum sé breytt þannig að ekki verði fjárhagslegur ávinningur af sambúðarslitum. Í þessu felst að einstæðir foreldrar fái ekki aukinn stuðning ríkisins umfram hjón.

Enn fremur kemur fram í drögunum að landsfundur fagni hækkun barnabóta og leggur til að þær verði óháðar tekjum foreldra. - ss

Endurkosning um sameiningu sveitarfélaga:

# Verður umbunað

**SAMEINING** „Ríkið segist ekki þvinga sveitarfélög til sameiningar, en þeim sem hlýða er umbunað," segir Gústaf Jökull Ólafsson, oddviti í Reykhólahreppi. Hann telur ólíklegt að íbúum Reykhólahrepps muni snúast hugur og þeir samþykkja sameiningu sveitarfélaga með Dalabyggð og Saurbæjarhreppi. Íbúar síðarnefndu sveitarfélaganna samþykktu tillögu um sameiningu nú um helgina.



**REYKHÓLAR Í REYKHÓLAHREPPI** Oddvitinn er svartsýnn á að sameining verði samþykkt í hreppnum.

„Þeir sveitarstjórnarmenn sem eru meðvitaðir um hvað er að gerast, eins og með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þeir eru hlynntir sameiningu. En það er merkilegt að hinn almenni íbúi, sem þekkir þetta ekki, hann er ekki hlynntur sameiningu," segir Gústaf.

Gústaf bendir á að sameiginlega hefðu Dalabyggð, Saurbæjarhreppur og Reykhólahreppur fengið í fyrra um níu milljónum meira úr Jöfnunarsjóði, en sveitarfélögin fengu hvert í sínu lagi. „Úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs eru hagstæðari fyrir þá sem eru tiltölulega stærri eins og stóri bróðir leggur til," segir Gústaf. -ss



**SAKBORNINGARNIR** Miroslav Radic, Veselin Sljivancanin og Mile Mrksic (talið frá vinstri) í sakborningastúkunni í Haag í gær. AP

# Réttað vegna fjöldamorða

**Réttarhald hófst í gær fyrir Stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag í máli þriggja fyrrverandi foringja úr júgóslavneska hernum, sem ákærðir eru fyrir fjöldamorð á að minnsta kosti 264 Króötum.**

**HAAG, AP** Réttarhald hófst í gær fyrir Stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag í máli þriggja fyrrverandi foringja úr júgóslavneska hernum, sem ákærðir eru fyrir vísvitandi fjöldamorð á að minnsta kosti 264 flóttamönnum, sjúklingum og starfsfólki á sjúkrahúsi í bænum Vukovar í Króatíu árið 1991. Vukovarfjöldamorðin kyntu mjög undir þeim vítahring hatursfullra borgarastríðsátaka sem hlutalýðveldi gamla júgóslavneska sambandsríkisins steyptust í á þessum tíma og enduðu með upplausn ríkisins.

Tveir sakborninganna þriggja endurtóku yfirlýsingar um sakleysi sitt fyrir réttinum í gær og skoruðu á dómarana að finna sannleikann að baki grimmdarverkinu og góma þá sem í raun báru ábyrgð á því.

Sakborningarnir, Mile Mrksic, Miroslav Radic og Veselin Sljivancanin, eru allir Serbar. Meðal ákæruatriða eru ofsóknir, útrýming, morð og pyntingar. Sljivancanin stýrði umsátri hersins um Vukovar, sem stóð í þrjá mánuði og kostaði að minnsta kosti 1.700 Króata lífið. Bærinn, sem státaði af mörgum miðaldabyggingum, var lagður í rúst. Á síðustu dögum umsátursins fluttu serbneskir hermenn um 400 manns, sem leitað höfðu skjóls fyrir átökunum í sjúkrahúsi bæjarins, út í sveit í rútum. Eftir barsmíðar og pyntingar voru flestir þeirra skotnir og grafnir í fjöldagröf.

Í máli saksóknara kom fram að sakborningarnir væru taldir hafa reynt að hrinda í framkvæmd skipun serbneska hershöfðingjans Vojislavs Seselj um að „enginn ústasja [skammaryrði Serba yfir Króata] skyldi sleppa lifandi frá Vukovar". -aa






Félag um geðraskanir stofnað í Háskóla Íslands:

# Bætt þjónusta við geðsjúka

**GEÐHEILBRIGÐI** Manía, félag fólks með geðraskanir innan Háskóla Íslands hefur verið stofnað. Félagið er fyrir fólk innan HÍ með geðraskanir og áhugamenn um málefnið. Markmið þess eru meðal annars að þrýsta á háskólayfirvöld að bæta þjónustu við stúdenta og starfsmenn með geðraskanir og standa fyrir opinni og upplýstri umræðu innan Háskólans um geðraskanir og geðheilbrigði.

„Það má áætla að um eitt þúsund manns innan háskólasamfélagsins glími við geðraskanir af einhverju tagi og þó að skólinn hafi mörg úrræði er margt sem má bæta," segir Tinna Mjöll Karlsdóttir, formaður félagsins.



**REKTOR Á STOFNFUNDI MANÍU** Kristín Ingólfsdóttir flutti ávarpsorð á stofnfundi Maníu. mynd/E.ÓL

# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

**Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans**



HÉR & NÚ / SÍA

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 407 á tilboði sem öllum líkar.

www.peugeot.is

Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407

PEUGEOT

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

## „ORÐRÉTT“

*Já, er það?*

**„Þetta er önnur niðurstaða en ég hefði búist við.“**

**Jón H. B. Snorrason saksóknari í Fréttablaðinu um niðurstöðu Hæstaréttar í Baugsmálinu.**

*Já, er það?*

**„Mér líst mjög illa á þennan dóm. Það verður að segjast eins og er að þetta eru mikil vonbrigði.“**

**Jón Gerald Sullenberger athafnamaður í Fréttablaðinu um niðurstöðu Hæstaréttar í Baugsmálinu.**

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR ÓPERUSÖNGKONA

## Verður Öskubuska í vor

Sesselja Kristjánsdóttir óperusöngkona er sem stendur að læra þau verk sem framundan eru hjá henni í söngnum. Þar ber hæst hlutverk hennar sem Öskubuska í samnefndri óperu eftir Rossini sem verður sýnd eftir áramót. „Þetta er mjög spennandi verkefni. Það er mikil raddleikfimi í Rossini þannig að maður verður að teygja á og toga í röddina,“ segir Sesselja hlæjandi.

Margt annað er á döfinni hjá Sesselju. Hún syngur í Dvorak-messu með sinfóníunni í nóvember og jólaoratoríu í desember í Hallgrímskirkju.

Lífið er þó ekki eintómur söngur. „Ég á lítinn fjögurra ára strák og reyni að standa mig eins vel og ég get í mömmuhlutverkinu og sinna vinum og vandamönnum,“ segir Sesselja sem hefur farið töluvert í leikhús undanfarið enda margt í boði. „Maður verður að velja grimmt og hafna,“ segir hún kímin en Sesselja fór bæði að hlusta á Kiri te Kanawa syngja og á söngleikinn Kabarett í síðustu viku. „Ég er dolfallin yfir því að hún skuli geta sungið svona orðin 61 árs,“ segir Sesselja sem fannst Kiri algerlega hafa staðið undir væntingum.

Fjölskylda Sesselju fór ásamt vinafjölskyldu til Krítar í sumar. „Þetta var yndislegt og ég kann mjög vel við Grikkina,“ segir Sesselja, sem finnst andrúmsloftið á eyjunum yndislegt.



Sesselja Kristjánsdóttir, óperusöngkona.

## SJÓNARHÓLL
BAUGSMÁLIÐ



EINAR SKÚLASON
ÆSKULÝÐSFULLTRÚI Á AKRANESI

### Hneisa

„Þetta er hneisa fyrir ákæruvaldið,“ segir Einar Skúlason, æskulýðsfulltrúi á Akranesi, um Baugsmálið. „Ég ætlast til að þessir menn vinni sína vinnu sómasamlega og hafi þeir ekki verið betur undirbúnir en raun ber vitni veit ég ekki á hvaða leið þeir eru,“ segir hann og bætir við aðspurður að ekki sé hægt að virða saksóknara það til sérstakrar vorkunnar að málið sé snúið og umfangsmikið.

„Ég get engan veginn séð fyrir hvert framhald verður og málið er háðung fyrir embættið og auðvitað spyr maður hvort tilefni hafi verið til þessarar miklu rannsóknar. Málið er auðvitað bara skandall.“

# Þýðir ekkert að væla yfir þessu

**Eldhúsið á Kentucky Fried Chicken í Faxafeni eyðilagðist í eldsvoða aðfaranótt sunnudagsins. Unnið hefur verið dag og nótt við endurbætur. Á meðan fara reykvískir aðdáendur staðarins í Kópavog til að fá sér Kentucky.**



**KRISTÍN HELGADÓTTIR** „Það var skelfilegt að koma að þessu en svo jafnar maður sig.“

„Það þýðir ekkert að væla yfir þessu, þetta bara gerðist og það hefði getað farið ver,“ segir Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Kentucky Fried Chicken í Reykjavík. Eldur kom upp í eldhúsi staðarins aðfaranótt sunnudagsins en greiðlega gekk að ráða niðurlögum hans. Tjónið varð talsvert en Kristín treystir sér ekki til að meta það enn sem komið er. „Það hefur verið unnið dag og nótt við endurbætur. Eldhúsið er fokhelt og nú erum við byrjuð að byggja það upp á ný,“ segir hún.

Upptök eldsins eru enn óljós en Kristín segir þau hafa orðið út frá rafmagni. Rangt sé að kviknað hafi í djúpsteikingarpotti eins og sagt var í fréttum.



**FOKHELT** Rífa þurfti allt úr eldhúsi Kentucky Fried Chicken í Faxafeni eftir brunann aðfaranótt sunnudags. Stefnt er að því að hægt verði að opna á ný öðru hvoru megin við helgi. HARI

Skipta þarf um öll tæki í eldhúsi, brjóta niður veggi og endurbyggja þá. Í veitingasalnum þarf að þrífa og mála en húsgögnin stóðust álagið þótt hitinn hafi verið mikill.

Kristín var komin á vettvang fljótlega eftir að eldsins varð vart og segir aðkomuna ljóta. „Það var skelfilegt að koma að þessu en svo jafnar maður sig,“ segir hún.

Kentucky Fried Chikcen er jafnan þétt setinn og löng röð við bílalúguna. Merkja má á orðum Kristínar að Reykvíkingar leggi á sig örlítið lengra ferðalag eftir kjúklingnum sínum. „Fólk fer í Kópavoginn, þar hefur traffíkin aukist. Menn keyra bara aðeins lengra en vanalega,“ segir hún.

Standist áætlanir tekst að opna staðinn á ný öðru hvoru megin við helgi. ■



**LOFTIÐ MÁLAÐ** Innréttingar veitingasalarins standa áfram en allt er þrifið hátt og lágt og veggir og loft máluð.






Gamla kirkjan á Eskifirði til sölu:

# Mætti breyta í sumarbústað

**ESKIFJÖRÐUR** Sóknarnefnd Eskifjarðarkirkju hefur ákveðið að selja gömlu kirkjubygginguna á Eskifirði og rennur tilboðsfrestur út í vikulok.

Gísli M. Auðbergsson, fasteignasali á Eskifirði, er með kirkjuna í sölumeðferð og segir hann eitt formlegt tilboð nú þegar hafa borist en fjórir aðilar til viðbótar hafi sýnt áhuga á að kaupa bygginguna.

„Kirkjan hefur verið afhelguð og sóknarnefnd setur engar kvaðir um framtíðarnotkun hennar. Hins vegar er ólíklegt að kirkjan verði seld aðila sem hefur hug á að opna þar skemmtistað en ef einhver vill nota kirkjuna sem sumarbústað þá tel ég það vel koma til greina,“ segir Gísli.

Kirkjan var byggð í kringum aldamótin 1900 og voru Eskfirðingar skírðir, fermdir, giftir og kvaddir hinstu kveðju í kirkjunni í um eitthundrað ár eða til ársins 2000 en þá var ný kirkja vígð á Eskifirði.



**GAMLA KIRKJAN** Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa kirkjuna en sóknarnefnd vill ekki að þar verði opnaður skemmtistaður.






**GENGIÐ MEÐ MÚRSTEIN** Á dögunum gekk Ashrita 130 kílómetra leið með fjögurra kílóa múrstein í hægri hönd.

Ashrita Furman, heimsmetahafinn í heimsmetum, setur enn og aftur heimsmet með undarlegu athæfi:

# Kertalogar og múrsteinagangur

Ashrita Furman, sem sett hefur fleiri heimsmet en nokkur annar í heiminum, bætti tveimur slíkum í safnið á dögunum.

Í tilefni af hálfrar aldar afmæli Heimsmetabókar Guinness og 74 ára afmælis vinar hans og lærifóður, Sri Chinmoy, kveikti Ashrita á 27.000 kertum á afmælisköku. Gamla metið var 12.432 kerti. Naut hann aðstoðar fjölmargra við verkið og hlaust af mikill logi sem stóð upp úr kökunni góðu.

Hitt metið fólst í að ganga 130 kílómetra leið með fjögurra kílóa múrstein í hægri hönd. Sá hann um það verk einn og gekk vel.

Ashrita Furman hefur helgað líf sitt heimsmetum og hvetur aðra til að reyna að setja ný met. Hann trúir því að geta okkar mannfólksins til að ná framúrskarandi árangri sé langtum meiri en við leyfum okkur að trúa.



**KERTIN TENDRUÐ** Ashrita Furman naut aðstoðar fjölmargra þegar hann kveikti á 27.000 kertum á afmælistertu.

Ungmennaráð Reykjavíkur:

# Unga fólkið í brennidepli

Jafnrétti, fordómar og áhrif er yfirskrift ráðstefnu sem ungmennaráð vestur- og miðbæjar Reykjavíkur halda í dag. Ungmennaráð er vettvangur ungs fólks til að koma skoðunum sínum á framfæri við stjórnvöld og hafa verið starfrækt í borginni um skeið.

Meðal þess sem ungmennaráðin hafa barist fyrir eru hjólabrettapallar víðs vegar um borgina og betri lýsing á útivistarsvæðum ungmenna.

Á ráðstefnunni í dag tala Gunnar Dofri sem situr í ungmennaráði miðbæjar, Brynja B. Halldórsdóttir sem situr í ungmennaráði vesturbæjar og stjórnmálamennirnir Katrín Jakobsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Ráðstefnan er haldin á Fríkirkjuvegi 1 og hefst klukkan 17.

Í fréttatilkynningu er þess getið að ungt fólk á aldrinum 13 til 99 ára velkomið. ■



**JÓN BJARNASON** Hlakkar til að hitta fólk en stundum grípur hann depurð ef hann getur ekki sinnt erindum þess.

Fjárlaganefnd opnar dyrnar:

# Tilhlökkun og depurð Jóns

Einstaklingum, samtökum, félögum og ríkisstofnunum gefst færi á að hitta fulltrúa í fjárlaganefnd Alþingis á næstu dögum og vikum. Viðtalstímar hafa verið auglýstir og er viðbúið að fjöldi fólks nýti sér þá.

„Það er mjög mikið um að einstaklingar leiti eftir fundum og kynni alls konar verkefni,“ segir Jón Bjarnason, fjárlaganefndarmaður vinstri grænna.

Hann segir fundina skipta tugum og gestina nema hundruðum. Engu að síður hlakkar Jón til. „Þetta eru yfirleitt góðir fundir og við komumst í góðan takt við samfélagið á þeim sem vitaskuld er mjög mikilvægt. Ég hlakka bara til,“ segir hann.

Niðurstöður fundanna eru Jóni þó ekki alltaf jafn gleðilegar. „Maður getur auðvitað orðið dapur með að geta ekki orðið við öllum erindum fólks. Bæði er oft pólitískur munur milli flokka og svo liggja stundum aðrar ástæður að baki.“ -bþs





MARKVISS UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

Á **FRUMGREINASVIÐI** HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

**Umsóknarfrestur er til 20. október**

**Hægt er að sækja um á www.ru.is**



**Frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík**
- áður frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands
- veitir framúrskarandi undirbúning fyrir nám á háskólastigi
- sérstaklega í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði.

**Námið hentar eftirfarandi einstaklingum:**

- Einstaklingum sem hafa lokið skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðnskóla, verkmenntaskóla, fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi. Ekki er gerð krafa um sveinspróf.
- Einstaklingum sem hafa lokið stúdentsprófi en þurfa að styrkja sig í stærðfræði og eðlisfræði áður en þeir hefja háskólanám í Tækni- og verkfræðideild.
- Einstaklingum sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða skilgreindu starfsnámi en hafa umtalsverða starfsreynslu.

**Engin skólagjöld eru í dagskóla á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík.**

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík og hafðu samband við Málfríði Þórarinsdóttur í síma 599-6438 eða með tölvupósti malfrid@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

# SALA HEF

» Sala á ferðum til nýrra áfangastaða Iceland Express hefst klukkan 9 í dag. Við byrjum að fljúga til þessara staða 16. maí 2005 og ef þú bókar snemma nælirðu þér í ódýrustu sætin.

Farðu nýjar leiðir í ferðalaginu með því að fljúga á spennandi áfangastað og heim frá öðrum. Í millitíðinni geturðu nýtt þér frábær lestarkerfi Evrópu eða leigt þér bíl og verið algerlega frjáls ferða þinna!
Notaðu Netið til að bóka flug og gistingu sem henta þér fullkomlega.

FJÖLMÖRG SÆTI Á
7.995 kr.*
FYRSTUR BÓKAR – FYRSTUR FÆR!

## » Stokkhólmur

Stokkhólmur er gjarnan nefnd höfuðborg Skandinavíu, enda ein fallegasta borg Evrópu. Borgin er stór og nútímaleg og iðar af lífi. Stokkhólmur býður þér siglingar, skemmtigarða, söfn og óteljandi litlar götur með kaffihúsum, veitingastöðum og verslunum.

## » Gautaborg

Gautaborg er næststærsta borg Svíþjóðar og þrátt fyrir heimsborgaralegan blæ hefur hún sterkan smábæjarsjarma. Stundum er talað um Gautaborg sem hliðið að Skandinavíu en fyrir þá sem vilja slappa af á einum stað eru sumrin á ströndinni í þessari fallegu borg ógleymanleg.

## » Berlín

Það er alltaf mikið um að vera í Berlín. Menningin blómstrar á hverju götuhorni í þessari sögufrægu borg. Verðlag og veðurfar er mjög hagstætt og ferðamenn finna allan skalann í afþreyingu og upplifunum í Berlín og nágrenni hennar.

## » Friedrichshafen

Þessi litla borg í Suður-Þýskalandi er lykill þinn að Suður-Evrópu. Borgin stendur við hið gríðarstóra Bodensee stöðuvatn, þar sem landamæri Þýskalands, Sviss og Austurríkis mætast og Alpana ber við himin.

## » Alicante

Loksins, loksins! Sól á sanngjörnu verði! Þessi dásamlega strandlengja við Miðjarðarhafið býður þér heilan heim afslöppunar og afþreyingar. Nú getur þú smíðað sólarlandaferð á þínum eigin forsendum.

## » London

London er miðpunktur menningar, viðskipta og tísku. Hvort sem þú ætlar að versla, fara í leikhús, út að borða, hitta vini eða njóta lífsins þá er London staðurinn.

## » Frankfurt Hahn

Frankfurt Hahn er í Hunsrück, einu fallegasta og frjósamasta landsvæði Þýskalands, nokkurn veginn miðja vegu milli Frankfurt og Lúxemborgar. Draumaáfangastaður fyrir fjölskyldur sem vilja leigja sér bíl og halda á vit sinna eigin ævintýra.

## » Kaupmannahöfn

Flestum Íslendingum líður eins og þeir séu komnir heim þegar þeir heimsækja Kaupmannahöfn enda er borgin ótrúlega vinaleg og fjölbreytileg í senn.

**Verð frá: 7.995 kr.* Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA FI014602

www.icelandexpress.is

# ST Í DAG!




Iceland Express

### FJÖLDI GJALDÞROTA FYRIRTÆKJA Á LANDINU




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: ÞÝSKI KANSLARINN

# Forn hefð fyrir kanslaratitlinum

Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, verður næsti kanslari Þýskalands.

**Hvað er kanslari?**
Kanslarinn er leiðtogi þýsku ríkisstjórnarinnar. Að æðsti maður stjórnsýslu Þýskalands beri titil kanslara á sér forna hefð, allt aftur til níundu aldar þegar fyrsta þýska ríkið varð til eftir að Frankaríki Karlamagnúsar skiptist upp. Hið „Heilaga rómverska ríki þýskrar þjóðar“ leið undir lok árið 1806 en er þýska keisaraveldið var endurreist sem nútímaþjóðríki árið 1871 („Annað ríkið“) fékk leiðtogi ríkisstjórnarinnar titil ríkiskanslara. Otto von Bismarck gegndi þeirri stöðu fyrstur. Titillinn hélst óbreyttur til ársins 1945, er „Þriðja ríkið“ var í rústum.
Á Weimar-lýðveldistímanum, 1919-1933, gegndu þrettán menn ríkiskanslaraembættinu. Adolf Hitler varð kanslari 30. janúar 1933, og lagði hann frumvarp fyrir þingið sem færði honum alræðisvöld.



ANGELA MERKEL

Hann lét upp frá því titla sig „foringja og ríkiskanslara“.
Eftir stríðið skiptist Þýskaland í tvennt. Konrad Adenauer varð fyrsti kanslari Vestur-Þýskalands og setti hann mjög mark sitt á embættið þau fjórtán ár sem hann gegndi því, 1949-1963. Að Adenauer meðtöldum hafa fjórir kristilegir demókratar verið kanslarar Vestur-Þýskalands, Ludwig Erhard 1963-1966, Kurt Georg Kiesinger 1966-1969 og Helmut Kohl 1982-1998. Kohl var kanslari sameinaðs Þýskalands frá árinu 1990. Þrír jafnaðarmenn hafa gegn embættinu, Willy Brandt 1969-1974, Helmut Schmidt 1974-1982 og Gerhard Schröder síðan 1998.

**Hvaða störfum gegnir kanslarinn?**
Kanslarinn er æðsti maður þýsku ríkisstjórnarinnar, og er hann kosinn af þingmönnum neðri deildarinnar, Sambandsþinginu. Störfum hans svipar til þeirra sem íslenski forsætisráðherrann gegnir. Stjórnskipulega stendur kanslarinn næst forseta Þýskalands, en forsetinn gegnir aðeins hefðbundnum þjóðhöfðingjaskyldum.

### SPURT OG SVARAÐ
**SLIPPURINN AKUREYRI**

## *Ætlum að standa okkur*


**ANTON BENJAMÍNSSON,** framkvæmdastjóri Slippsins Akureyri.

Einkahlutafélagið Slippurinn Akureyri var stofnað í vikunni, og í gær opnaði Slippurinn á ný, en Slippstöðin varð gjaldþrota fyrir rúmri viku síðan. Einkahlutafélagið hefur leigt allan búnað Slippstöðvarinnar til þriggja mánaða, og ráðið um helming fyrrverandi starfsmanna Slippstöðvarinnar í vinnu.

**Hvernig gekk fyrsti dagurinn?**
Þetta gekk bara vel, við erum kátir með fyrsta daginn. Fjörutíu og fimm manns mættu í vinnu í morgun, og dagurinn fór mest í að koma verkum aftur af stað, og að hafa samband við fjöldann allan af viðskiptavinum til að afla nýrra verkefna.

**Er framtíðin björt?**
Það er nú erfitt að spá, sérstaklega fram í tímann, en við teljum að það sé ágætur grundvöllur fyrir þessa þjónustu hérna, við erum býsna brattir og ætlum að standa okkur.




# Dómsmálaráðherra svari fyrir afglöp undirmanna

**Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu segir algerlega óviðeigandi að yfirmenn ákæruvaldsins skipti sér af dómsmálum. Hörð hríð var gerð að dómsmálaráðherra á Alþingi í gær vegna ummæla hans um að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í Baugsmálinu.**

**FRÉTTASKÝRING** „Það er algerlega óviðeigandi og óþolandi að yfirmenn - það er framkvæmdavaldið - hafi afskipti með þessum hætti af málefnum sem eru fyrir dómstólum,“ sagði Gestur Jónsson verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu þegar Fréttablaðið bar undir hann þau ummæli dómsmálaráðherra að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í málinu.

Um stöðu málsins sagði Gestur ekki óeðlilegt að Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefði ákveðið að taka málið í sínar hendur.

„Þá geng ég út frá því að þegar það verður gert fari fram sjálfstæð og heildstæð skoðun og raunverulegt endurmat á öllum gögnum málsins.“ Gestur kveðst vænta þess að sakborningarnir og þeir sem fyrir þá hafa starfað geti þá komið að gögnum og sjónarmiðum áður en tekin verður ákvörðun um framhald þessa máls.“

Gestur segir mjög athyglisvert að sjá í dómi Hæstaréttar ýmsa hluti sem verjendur sakborninga hefðu ávallt haldið fram. Ákært hefði verið fyrir atriði sem ekki væru refsiverð. „Í ákærulýsingunni kemur fram að Jón Ásgeir er með fyrirtækjakort. Hann tekur út á fyrirtækjakortið alls kyns hluti sem eru ýmist persónulegir eða í þágu fyrirtækisins. Á gjalddaga greiðir Baugur afborgunina og eignfærir á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs sömu fjárhæð og þar kemur fram. Þetta er í ákæru talinn fjárdráttur. Hvernig getur það verið fjárdráttur þegar menn nota greiðslukort fyrirtækja og fyrirtækið greiðir reikninginn en færir sömu kröfu á notandann? Og síðan ber fyrirtækið ekki kostnað nema menn komi með kvittanir? Hvar í ferlinu er brotið sem um er að ræða. Hæstiréttur er búinn að segja að í þessu geti ekki falist neitt refsivert,“ segir Gestur.

**Málið rætt á alþingi**
Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar gerði ummæli dómsmálaráðherra að umræðuefni í upphafi þingfundar í gær.

Lúðvík sagði að fyrir lægi að trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu fundað um málið í aðdraganda þess: „Þá hefur formaður Sjálfstæðisflokksins lýst því yfir að ef pólitískur fnykur væri af málinu þá yrði því fleygt út úr dómssölum. Í ljósi þessa verður að skoða ummæli hæstvirts dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar á heimasíðu sinni í gær, en blekið hafði vart þornað á dómi Hæstaréttar þegar hann lýsti því yfir að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta í málinu og ákæruvaldið skuli taka mið af því sem fram kemur í málinu hjá Hæstarétti. Er það skilningur ráðherrans að dómstólar hafi það hlutverk að gæta leiðbeiningaskyldu gagnvart ákæruvaldinu? Eða er hann að segja að afskiptum Sjálfstæðismanna af málinu sé ekki lokið,“ spurði Lúðvík Bergvinsson.


**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** „Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð.“

„Réttarkerfið hefur ekkert sagt sitt síðasta í málinu,“ sagði Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og vísaði til þess að í dómi Hæstaréttar segði berum orðum að málinu væri ekki lokið gagnvart neinum sakborninganna. „Hæstiréttur er einfaldlega að segja að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli og það er akkúrat það sem hæstvirtur dómsmálaráðherra var að segja á sinni heimasíðu,“ sagði Sigurður Kári.

„Fyrst og fremst vil ég vekja athygli á að dómsmálaráðherra þarf að svara fyrir og bera ábyrgð á afglöpum undirmanna sinna sem þau væru hans eigin,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður vinstri grænna í umræðunni. „Það er nefnilega þannig að áfellisdómur Hæstaréttar yfir lögreglu og ákæruvaldi er um leið áfellisdómur yfir dómsmálaráherra sem ber hina pólítísku ábyrgð á þessum málaflokki. Og þess vegna er það ekki bara þannig að hæstvirtur ráðherra geti skotið sér undan ábyrgð með því að blaðra eitthvað á heimasíðunni eða flýja til útlanda,“ sagði Steingrímur.

Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins sagði að menn hlytu að velta fyrir sér hvernig það mætti vera að málið væri vanreifað á báðum dómsstigum. Jafnframt yrði að velta því upp hvort ekki bæri að aðskilja rannsókn og ákæru í málum.

„Ritstjóri Morgunblaðsins og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins hleyptu þessu máli af stað. Og það eru staðreyndir málsins,“ sagði Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann skoraði á dómsmálaráðherra að biðjast afsökunar á ummælum sínum og draga skrifin til baka. „En það eru nú dæmi um það að hann hafi nú breytt skrifum sínum meðan hann hefur verið staddur í útlöndum. Og ég skora á hæstvirtan dómsmálaráðherra að gera það enn á ný,“ sagði Sigurjón.


**GESTUR JÓNSSON LÖGFRÆÐINGUR** „Hvar í ferlinu er brotið sem um er að ræða. Hæstiréttur er búinn að segja að í þessu geti ekki falist neitt refsivert.“


FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

**2 fyrir 2.200**

# Frábærar plötur



Pink Floyd-Wish You Were Here




Ray Charles-Genius Loves Company




Robbie Williams-Greatest Hits




Depeche Mode-Singles 81-85




Wilco-A Ghost Is Born



Led Zeppelin-Physical Graffity (2CD)




David Gray-White Ladder




REM-Out Of Time




Josh Groban-Josh Groban




Anastacia-Anastacia




Duran Duran-Astronaut




Dido-Life For Rent




Scissor Sisters - Scissor Sisters




Eminem - The Eminem Show




Tom Waits - Beautiful Maladies 1983-1993




Papa Roach - Getting Away With Murder




Brain Police-Brain Police



Sálin hans Jóns míns - 12.ágú.99




Björgvin Halldórsson - Duet




Í svörtum fötum - Meðan ég sef

**Eftirtaldir titlar eru nú fáanlegir í 2 fyrir 2.200 tilboðinu. Þú velur 2 plötur úr listanum hér að neðan og borgar aðeins 2.200 krónur.**

3 Doors Down - Away From The Sun
AC/DC - Back In Black
AC/DC - Highway To Hell
Aha - Hunting High And Low
Alanis Morissette - Jagged Little Pill
Alice Cooper - Trash
Alice In Chains - Dirt
Alicia Keys - The Diary Of Alicia Keys
Anastacia - Anastacia
Beach Boys - Very Best Of
Björgvin Halldórsson - Duet
Bob Dylan - Bob Dylan (Re-Mastered)
Bob Dylan - Time Out Of Mind
Bob Dylan - Times They Are A Changin' (Re-)
Brain Police - Brain Police
Brian Wilson - Smile
Brimkló - Smásögur
Bubbi - Sól að morgni
Bubbi - Tvíburinn
Cabaret - Cabaret Original Broadway Cast
Carreras, Domingo & Pavarotti - In Concert
Chemical Brothers - Push The Button
Clash - London Calling (Re-)
Coral - Magic & Medicine
D12 - D12 World
Damien Rice - B-Sides
Darkness - Permission To Land
David Gray - A New Day At Midnight
David Gray - White Ladder
Deep Purple - Very Best Of
Depeche Mode - Exciter
Depeche Mode - Music For The Masses
Depeche Mode - Singles 81-85
Diana Krall - Live In Paris
Diana Krall - Look Of Love
Diana Krall - When I Look In Your Eyes
Dido - Life For Rent
Donald Fagen - Nightfly
Doors - Absolutely Live
Duran Duran - Astronaut
Eagles - Live (2CD)
Elton John - Peach Tree Road
Eminem - Marshall Mathers LP
Eminem - The Eminem Show
Eminem - The Slim Shady LP
Eric Clapton - Me & Mr. Johnson
Eric Clapton - Unplugged
Eros Ramazzotti - 9
Erykah Badu - Worldwide Underground
Friðrik Karlsson - Vellíðan
G Unit - Beg For Mercy
Godsmack - Godsmack
Hera - Hafið þennan dag
Hot Hot Heat - Make Up The Breakdown
Í svörtum fötum - Meðan ég sef
Írafár - Allt sem ég sé
Jamie Cullum - Twentysomething
Jeff Buckley - Grace (New version)
Jim Morrison - American Prayer
Jimi Hendrix - Axis: Bold As Love
Joe Cocker - Live In The Promised Land
Jóhann Már - Frá mínum bæjardyru séð
John Fogerty - Deja Vu All Over Again
John Lennon - Acoustic
John Lennon - Double Fantasy (Re-)
John Lennon - Imagine (Re-)
Jón Sigurðsson - Our Love
Josh Groban - Josh Groban
Kalli Bjarni - Kalli Bjarni
Kate Bush - Whole Story
Korn - Follow The Leader
Kristján Jóhannsson - Portami via
Led Zeppelin - Physical Graffiti
Led Zeppelin - Song Remains The Same
Lenny Kravitz - Greatest Hits
Limp Bizkit - Significant Other
Limp Bizkit - Three Dollar Bill, Yall$
Limp Bizkit - Unquestionable Truth Part 1
Live - Secret Samadhi
Live - The Distance To Here
Live - Throwing Copper
Marilyn Manson - Last Tour On Earth (Live)
Marilyn Manson - Smells Like Children
Mark Knopfler - Shangri-La
Maroon 5 - Songs About Jane
Meatloaf - Bat Out Of Hell
Michael Buble - Michael Buble
Michael Jackson - Thriller (Re-)
Miles Davis - Kind Of Blue
Missy Elliot - Supa Dupa Fly
Neil Young - Unplugged
Nick Cave & The Bad Seeds - Best of
Nightwish - Century Child
Nightwish - Wishmaster
Nightwish - Oceanborn
Nightwish - Over the Hills and Far Away Li
Nightwish - Angels Fall First
Nirvana - Bleach
Nylon - 100% Nylon
Óskar Pétursson - Aldrei einn á ferð
Páll Rósinkranz - Páll Rósinkranz
Papa Roach - Getting Away With Murder
Papa Roach - Lovehatetragedy
Patti Smith - Horses
Patti Smith - Trampin'
Pearl Jam - Pearl Jam
Pink Floyd - Dark Side Of The Moon (Re-)
Pink Floyd - Division Bell
Pink Floyd - Wish You Were Here
Placebo - Once More With Feeling
Quarashi - Guerilla Disco
Ray Charles - Genius Loves Company
Razorlight - Up All Night (UK version)
REM - Automatic For The People
REM - Green
REM - Out Of Time
Robbie Williams - Greatest Hits
Robbie Williams - Live Summer 2003
Robbie Williams - Swing When You're Winning
Rod Stewart - Unplugged & Seated
Rolling Stones - Jump Back
Roots - Phrenology
Sade - Lovers Live
Safnplata - Axis Of Justice (CD+DVD)
Sálin & sinfó - Vatnið
Sálin hans Jóns míns - 12.ágú.99
Scissor Sisters - Scissor Sister
Selma og Hansa - Sögur af sviðinu
Simon & Garfunkel - Live From New York City 1967
Sonic Youth - Daydream Nation
Sonic Youth - Dirty
Sonic Youth - Goo
Soundgarden - Badmotorfinger
Soundgarden - Superunknown
Stone Temple Pilots - Best Of, Thank You
Stranglers - Peaches-Very Best Of
Stuðmenn - Á Hlíðarenda
Supergrass - Best Of-Supergrass is 10
Supertramp - Crime of the Century
Todmobile - Sinfónía
Tom Waits - Beautiful Maladies 1983-1993
Tom Waits - Closing Time
Travis - The Invisible Band
Travis - The Man Who
Úr kvikmynd - Cabaret
Úr kvikmynd - Lost Highway
Úr kvikmynd - Ray-OST (Ray Charles)
Úr kvikmynd - Saturday Night Fever
Usher - Confessions (Special edition)
Van Morrison - What's Wrong With This Picture
Verve - This Is Music-Singles 92-98
Vilhjálmur Vilhjálmsson - Hana Nú
Wilco - A Ghost Is Born
ýmsir - Ministry Of Sound: Annual 2005
Ýmsir - Söknuður: Minning um Vilhjálm
Ýmsir - Undir bláhimni: Íslandslögin

**2 fyrir 2.200 tilboðið er fáanlegt í öllum betri plötuverslunum um land allt**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Hlutverk Fréttablaðsins er að miðla fréttum og endurspegla samtíma sinn.

## Fréttablaðið hefur ekki skoðanir

Í Fréttablaðinu í gær birtist aðsend grein eftir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann þar sem hann fjallar meðal annars um meintar áhyggjur, yfirsjónir og misskilning ritstjórnar Fréttablaðsins í pistli sem var skrifaður um meiðyrðamál Jóns Ólafssonar gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Umræddur pistill birtist síðasta laugardag undir dálkaheitinu Sjónarmið, eða í sama plássi og þessi orð eru skrifuð.Þetta er misskilningur hjá Ragnari því þær skoðanir, eða sjónarmið, sem birtast í þessum dálki hafa ekkert með ritstjórn Fréttablaðsins sem slíka að gera heldur þann sem situr við lyklaborðið hverju sinni.

*„Sú staðreynd að Fréttablaðið hefur hafnað slíkri skoðanamiðstýringu er ein meginskýringin á því hversu opnum örmum þjóðin hefur tekið blaðinu og gert það að langvinsælasta fjölmiðli landsins.“*

Það er ekki að ástæðulausu að forystugreinar Fréttablaðsins eru skrifaðar undir fullu nafni, ólíkt því sem tíðkast til dæmis hjá Morgunblaðinu og Blaðinu. Í forystugreinum þessara blaða eru settar fram skoðanir, stundum mjög harkalegar, á ýmsum málum, einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum í nafni fjölmiðilsins en ekki viðkomandi höfundar.

Ólíkt þessum blöðum vega starfsmenn Fréttablaðsins ekki úr launsátri í þeim skoðanagreinum sem birtast í blaðinu heldur skrifa þær undir nafni eða merkja með netfangi. Þetta á við um forystugreinar og aðra efnisþætti. Dálkurinn frá Degi til dags, hér til hliðar, er til dæmis ávallt merktur höfundi, ólíkt Staksteinum Morgunblaðsins og Klippt og skorið dálki Blaðsins.

Hér með er ekki sagt að nokkuð sé við það að athuga að birta slíkt efni í nafni viðkomandi blaða í stað höfunda en Fréttablaðið hefur kosið að gera slíkt ekki því yfirlýst ritstjórnarstefna blaðsins er að Fréttablaðið hefur ekki skoðanir.

Hlutverk Fréttablaðsins er að miðla fréttum um allt milli himins og jarðar og endurspegla samtíma sinn hverju sinni. Í því sjónarmiði skrifa starfsmenn blaðsins meðal annars skoðanagreinar, en í þeim koma fram þeirra eigin skoðanir og lífssýn, ekki Fréttablaðsins, svo enn sé hnykkt á því.

Þetta kann að hljóma nýstárlega í eyrum þeirra sem þekkja ekki annað en þá hugmyndafræði að blöð og heilu ritstjórnirnar eigi að hafa eina samræmda skoðun með tilheyrandi strangri miðstýringu.

En það er skoðun þess sem hér skrifar að sú staðreynd að Fréttablaðið hefur hafnað slíkri skoðanamiðstýringu sé ein megin skýringin á því hversu opnum örmum þjóðin hefur tekið blaðinu og gert það að langvinsælasta fjölmiðli landsins.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Landsfundur

Sjálfstæðismenn koma saman til landsfundar á morgun. Segja má að hann sé haldinn í skugga Baugsmálsins. Í stað þess að rætt sé um þau mál sem flokkurinn hefur komið í höfn á undanförnum árum og ætti að geta haft sóma af snúast þjóðfélagsumræðurnar um dóm Hæstaréttar á mánudaginn og meint afskipti forystumanna flokksins af málinu. Flokksmenn eru sumir langt niðri vegna þessa. Yfirskrift fundarins, „Hátt ber að stefna“, virðist því vel viðeigandi. Mörgum finnst að flokkurinn þurfi að losna við Baugsþráhyggjuna og halda á vit nýrra og uppbyggilegra verkefna. Tillögur um ályktanir fundarins má lesa á vefsíðu flokksins, xd.is. Í heildina tekið eru þær hófsamar og fyrirsjáanlegar. Athygli vekur að hvergi sjást köpuryrði um „stóru viðskiptasamsteypurnar“ eða kröfur um ný fjölmiðlalög. Samkvæmt þessu endurspegla stjórnmálaskrif í Morgunblaðinu illa hug sjálfstæðismanna á komandi landsfundi.



### Óttast Gísla

Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur skrifar á vefsíðu sína um prófkjörið í Sjálfstæðisflokknum: „Oft reynist sigurstranglegast fyrir stjórnmálaflokka að hlusta eftir hvern andstæðingurinn vill helst fá að kljást við og velja svo öfugt. Andstæðingar Samfylkingarinnar vildu Össur fram yfir Ingibjörgu af þeirri einföldu ástæðu að þeir óttuðust Sollu meira en Össur. Er ekki það sama uppi á teningnum með Sjálfstæðisflokkinn núna? Er það ekki aðallega fólk úr öðrum flokkum sem vill Villa? Og merkir það þá ekki að þeir óttast Gísla enn meira?“

### Sensasjónalismi

Össur Skarphéðinsson horfði á viðtalið við Jónínu Benediktsdóttur í Kastljósi sjónvarpsins á mánudaginn og skrifaði á bloggsíðu sína að hún hefði greinilega verið í miklu uppnámi. Væri „umhugsunarefni hvort það eigi að gera fólki þann grikk að taka það í iðraviðtal á slíkum stundum í lífi sínu. Virðulegir fréttamenn ríkissjónvarpsins geta alla vega ekki talað af vandlætingu um sensasjónalisma DV eftir þetta. Ef þetta var ekki sensasjónalismi veit ég ekki hvaða merkingu sú arma sletta hefur.“

gm@frettabladid.is

## Svo að enginn þurfi að þola fátækt

UMRÆÐAN
LÍFSKJÖR Í LANDINU

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR



Mikið hefur verið gert úr þeim góðu lífskjörum sem Íslendingar búa við. Vissulega er það rétt að meirihluti þjóðarinnar býr við viðunandi eða góð kjör, enda er þjóðfélagið eitt af þeim ríkustu í heimi og eðlilegt að meirihluti landsmanna njóti þess. Það er okkur hins vegar til vansa að í okkar ríka samfélagi búa alltof margir þjóðfélagsþegnar við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða lágmarks framfærslu. Þetta á ekki síst við öryrkja, einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við erfiða langvarandi sjúkdóma. Þessir hópar hafa ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í „góðæri“ liðinna ára.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks afnam tenginguþ bóta almannatrygginga við vikukaup verkamanna var fullyrt að þessi breyting hefði ekki í för með sér skerðingu á grunnlífeyri eða tekjutryggingu. En raunin hefur orðið önnur. Hækka þyrfti heildarframlög til grunnlífeyris og tekjutryggingar um 4,6 milljarða króna ef framfærslulífeyrir lífeyrisþega ætti að halda raungildi sínu miðað við þær greiðslur árið 1995. Þannig ætti grunnlífeyrir og full tekjutrygging að vera 12 þúsund krónum hærri á mánuði í dag svo að raungildi þessara greiðslna væri sama og fyrir áratug. Þá hafa birst opinberlega tölur sem sýna að frá árinu 1995 til ársins 2005 hefur kaupmáttur lágmarkslauna aukist um 56% en kaupmáttur lífeyris aðeins um 25%.

Stór hluti ellilífeyrisþega, um tíu þúsund manns, hefur minna en 110 þúsund krónur í framfærslu á mánuði og greiðir af þessari upphæð um 14% í skatt. Fyrir áratug greiddi þetta fólk 2-3% skatt af samsvarandi tekjum. Skattleysismörk launa eru 71.296 krónur á yfirstandandi ári en væru 114.015 krónur hefðu þau fylgt þróun launavísitölu og 85.709 kr. hefðu þau fylgt neysluvísitölu. Af þessu er ljóst að skattabreytingar síðustu ára hafa lent af fullum þunga á lágtekjufólki. Fólk sem greiddi sama og engan skatt þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við greiðir nú verulegar upphæðir í skatta. Þannig skiluðu 29 þúsund manns með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum að 100 þúsund krónum á mánuði 2 milljörðum í skatta á síðasta ári! Í þessum hópi eru aldraðir, öryrkjar, einstæðir foreldrar og fólk með skerta starfsorku vegna veikinda og án menntunar.

*„Það er forgangsverkefni þessa ríka þjóðfélags að bæta kjör lágtekjuhópa, m.a. með því að styrkja almannatryggingakerfið, svo að þessir hópar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.“*

Hluti þessa fólks fær engar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þá er nauðsynlegt að benda á að ef þeir sem fá tekjur sínar úr almannatryggingakerfinu, þó lágar séu, mega helst ekki hafa atvinnutekjur, þá skerðast greiðslurnar verulega. Landssamband eldri borgara hefur lagt fram útreikninga sem sýna gífurlega mikla skerðingu á tekjum og lífeyri ef aldraðir hafa atvinnutekjur. Sem dæmi má nefna að við 10 þúsund króna auknar atvinnutekjur á mánuði hjá hjónum hækka ráðstöfunartekjur þeirra í mörgum tilfellum aðeins um 1.556 kr. á mánuði. Skerðing og skattar eru þá um 84,44%! Hvatinn til aukins vinnuframlags er því hverfandi sé mið tekið af tekjum. Skerðingarhlutfall almennt fyrir tekjur allt að 149.989 er 45%.

Það er forgangsverkefni þessa ríka þjóðfélags að bæta kjör lágtekjuhópa, m.a. með því að styrkja almannatryggingakerfið, svo að þessir hópar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum. Með það að markmiði hafa þingmenn Samfylkingarinnar undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur lagt fram tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraða og öryrkja. Tillagan er unnin í samráði við Samtök eldri borgara og fulltrúa öryrkja. Þá hafa okkar öflugu samtök 60+ sem er félagsskapur fólks í Samfylkingunni sem náð hefur 60 ára aldri tekið þátt í vinnslu málsins.

Í tillögunni felst að komið verði á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem feli í sér að grunnlífeyrir og tekjutrygging verði í samræmi við skilgreinda lágmarksframfærslu í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Afkomutrygging þýðir að raungildi grunnlífeyris og tekjutryggingar verði ekki lægri en var á árinu 1995. Skerðingar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar verði afnumdar. Afkomutrygging þýðir að skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutryggingar verði rýmkuð verulega til að auka möguleika á atvinnuþátttöku.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, er þekkt fyrir baráttu sína fyrir bættum kjörum þeirra sem búa við bág kjör. Ég hvet lesendur til þess að kynna sér tillögu hennar og okkar í þingflokki Samfylkingarinnar á þessum þingvetri. Í því efnahagsumhverfi sem við búum við er brýnt að hafa öflugt velferðakerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Hver einstaklingur á skilið frelsi til að halda sjálfsvirðingu sinni.

*Höfundur er formaður þingflokks Samfylkingarinnar.*


Spennandi námskeið fyrir millistjórnendur:

**Mannauðsstjórnun**



**Nýjustu aðferðir við stjórnun, hvatningu og teymisvinnu.**

Að auka fræðilega og faglega þekkingu þátttakenda á stjórnun með því að benda á nýjar og hagnýtar leiðir og tengja þær eigin reynslu þátttakenda.

Meðal námsþátta eru:
- Nýjustu aðferðir og hugtök
- Mannauðsstjórnun og hvatning
- Að leiða fólk að settu marki

Námskeiðið stendur yfir í 2 daga.
Frá kl. 8:30 til 15:50.
Næsta námskeið hefst 18. október.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Iðntæknistofnun í síma 570 7100 og á vefsíðu okkar www.iti.is.

Iðntæknistofnun



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna viðskiptablaðið**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.09 | 13.14 | 18.18 |
| Akureyri | 7.58 | 12.59 | 17.59 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

Í dag er miðvikudagur 12. október, 285. dagur ársins.

**KRÍLIN**




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir

# allt

[ nám o.fl. **FJÖLMENNT** Nám sniðið að þörfum hvers og eins bls. 2



ferðir o.fl. **VEIÐIMENN** Verða að fara varlega bls. 3


]

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiða vinnur í verslun með skólanum.

# Alls kyns útstillingar í Iðnskólanum

***Heiða Agnarsdóttir er nemandi í útstillingum í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hún segir að það sem hafi komið henni mest á óvart við námið hafi verið hversu skemmtilegt það sé.***

Heiða segir að útstillinganámið sé mjög fjölbreytt. „Það eru ýmis fög sem við þurfum að læra með útstillingunum sjálfum. Við lærum grunnteikningu, alls kyns hönnun, litafræði, formfræði og myndvinnslu. Við erum að læra margt nýtt og spennandi,“ segir hún.

Heiða segir að námið sé fjórar annir. „Ef maður tekur útstillingar með stúdentsprófi er þetta fullt nám en ef maður er búinn með það er þetta ekki alveg fullt nám. Ég var búin með tvö ár í framhaldsskóla sem ég fékk metin inn í mitt nám svo ég er ekki í fullu námi.“ Hún segir að það sé líka hægt að læra útstillingar þótt ekki sé tekið stúdentspróf samhliða þeim. „Þá er þetta bara tveggja ára nám.“

Heiða segir að námið gangi mjög mikið út á faglega vinnu. „Fyrstu tvær annirnar fara að mestu leyti í það að setja upp glugga, taka niður glugga og gera nýjan glugga. Núna er ég komin á þriðju önnina og þá er meiri skissuvinna og hugmyndavinna. Við byrjum á grunninum sem er vinnuaðferðir og svo förum við að þróa hugmyndir meira þegar líður á námið.“

Heiða segir að þau vinni með nýtt þema við gerð hvers glugga. „Við gerðum glugga þar sem áferðin var mest áberandi, glugga með mínímalísku þema og glugga þar sem stærðarmunur átti að vera áberandi. Stundum höfum við tekið fyrir ákveðið land og stundum höfum við verið að vinna með mikið af vörum eða lítið af vörum.“

Heiða er að vinna í verslun og langaði að læra útstillingar þar sem hún hafði þurft að fást við þær í starfi sínu. Hún hafði ekki verið í skóla í mörg ár og finnst mjög gaman að vera komin aftur í nám. „Ég vildi öðlast meira sjálfstraust við útstillingar og þetta er bara alveg hryllilega skemmtilegt,“ segir hún.

emilia@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

[ NÁM FERÐIR ]

**Í kvöld er ekki úr vegi** að kíkja til Stokkseyrar þar sem haldið verður upp á 112 ára afmæli Páls Ísólfssonar tónskálds. Hátíðartónleikar verða í menningarsal Lista- og menningarverstöðvarinnar Hólmarastar á Stokkseyri kl. 21.00. Þangað eru allir velkomnir og aðgangseyrir er enginn.

**Rannsóknarstofnun** háskólans á Akureyri hefur gefið út skýrslu um Gildi og gagnsemi náms í Háskólanum á Akureyri. Höfundur hennar er Hjördís Sigursteinsdóttir og greinir hún frá niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var meðal brautskráðra nemenda frá H.A. á árunum 1989 til 2003. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðunni rha.is.



Breski listamaðurinn John **Soul hefur opnað** sýningu í Saltfisksetrinu í Grindavík. Þar eru til sýnis dúkristur eftir Soul sem sýna myndir bæði frá Íslandi og Englandi. Sýningin stendur til 31. október og frítt er á hana.

**Á föstudag** mun Guðrún Eggertsdóttir, fræðimaður við Stofnun Árna Magnússonar, verja doktorsritgerð sína við hugvísindadeild H.Í. Ritgerðin heitir Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar. Andmælendur hennar verða dr. Jürg Glauser, prófessor í norrænum fræðum við háskólana í Zürich og Basel og dr. Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands. Athöfnin fer fram á hátíðarsal háskólans og hefst klukkan 14.00.

**Útsala á íslenskri grafík 20-50% afsláttur**

**Innrömmun 20% afsláttur - gildir til 20. okt.**



**Málverk eftir:**
Kristján Davíðsson
Atli Már
Tolli
Sveinn Þórarinsson
Valtýr Pétursson
Ásgrímur Jónsson
Scheving o. fl.

**Grafík:**
Bragi Ásgeirsson
Tolli
Jón reykdal
Þórður Hall
Daði Guðbjartsson
Kjartan Guðjónsson
o. fl.



RAMMA MIÐSTÖÐIN
Síðumúla 31 • Sími 533 3331
Opið 10 – 18 • Laugard. 11 – 14

**Bókasöfn**
eru góður staður til þess að læra á. Þar er yfirleitt ekki mikill hávaði og bækurnar geta komið sér vel ef þarf að fletta einhverju upp.




allt bílar
Alla laugardaga

Keramik fyrir alla
Vinnustaðir

Komið í hádeginu og málið bollana fyrir vinnustaðinn.
Tilboð
Bolli og matur kr.1990
Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

## Námskeið}


Kafað í Eyjafirðinum.

### Nám undir vatni

Kafaraskólinn kafarinn.is býður upp á námskeið í köfun í vatni og sjó. Námskeiðin eru bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Nú eru að hefjast námskeið sem eru sérsniðin fyrir landsbyggðarfólk. Kafarinn.is býður upp á gistiaðstöðu fyrir þá sem koma utan af landi en námskeiðið stendur yfir í fjóra daga. Skráning á námskeiðið þarf að fara fram með meira en viku fyrirvara þar sem nemendur fá námsefni sem þarf að kynna sér áður en haldið undir vatnsyfirborðið. ■

„Að vissu leyti er þetta eins og að fara í kynnisferð, vel skipulagða, þar sem fararstjórinn heldur vel áætlun. Árangur okkar er háður því hvort við fylgjumst með og tökum þátt."
**Skúli Guðbjartsson, 49 ára Verktaki.**
**„...næsta námskeið hefst 3. nóvember."**
**Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586 9400.**
**Akureyri – Hraðlestrarnámskeið – 9. nóvember** (ef næg þátttaka fæst).

HRAÐLESTRARSKÓLINN





Hrefna og Þórhildur brosa breitt fyrir utan grunnskólann á Flúðum.

# Fjölbreytt og fjörugt félagslíf á Flúðum

***Hrefna Sigurðardóttir og Þórhildur Þorkelsdóttir eru nemendur í 10. bekk í grunnskólanum á Flúðum. Þær segja margt um að taka þátt í félagsstarfi skólans sem og í sveitarfélaginu öllu.***

Þórhildur og Hrefna hafa báðar verið í grunnskólanum á Flúðum nær alla sína skólagöngu. Með þeim í 10. bekk eru 22 aðrir nemendur en alls stunda um 200 krakkar nám í skólanum. Stelpurnar segja margt hægt að gera sér til dundurs á Flúðum. „Það er opið hús alltaf einu sinni í viku og síðan er diskótek oftast einu sinni í mánuði sem haldið er í félagsheimilinu," segir Hrefna. „Það er líka rosalega mikill íþróttaáhugi hérna," bætir Þórhildur við. „Stelpurnar eru mikið í körfubolta og strákarnir í fótbolta. Sparkvöllurinn sem reistur var í fyrra er til dæmis eiginlega alltaf í notkun." Stelpurnar eiga von á því að stór hljómsveit eigi eftir að koma og spila fyrir krakkana á balli í vetur. Áðar hafa hljómsveitir eins og Á móti sól, Botnleðja, Írafár, 200.000 naglbítar og fleiri heimsótt skólann.

Hrefnu og Þórhildi líkar vel vistin í skólanum og þeim finnst kennararnir flestir skemmtilegir. Eftir skólann langar þær mikið til þess að ferðast og fara á framandi slóðir.

Þær ætla báðar að reyna að komast eitthvert til útlanda í skiptinám en fyrst ætla þær að flytja til Reykjavíkur. „Við stefnum báðar að því að fara í M.S. næsta haust," segir Þórhildur. „Við höfum heyrt að þar sé svo gott félagslíf," bætir Hrefna við. „Ég er samt enn ekki viss hvað ég ætla að læra í framtíðinni. Það kemur bara í ljós seinna," segir Hrefna að lokum og Þórhildur kinkar kolli því til samþykkis.

steinthor@frettabladid.is


Atli segir Fjölmennt ekki vilja vera stóra stofnun heldur drepa niður fæti hér og þar.

## Námið sniðið að þörfum hvers og eins

FJÖLMENNT, FULLORÐINSFRÆÐSLA FYRIR FATLAÐA, TEYGIR ANGA SÍNA VÍÐA EINS OG ATLI LÝÐSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KANN AÐ LÝSA.

„Við kennum á sextán stöðum á höfuðborgarsvæðinu og víða úti á landi því við erum í samstarfi við fjölda skóla og félagasamtök og setjum upp afmörkuð námskeið sem tengjast lífinu og tilverunni," segir Atli. Hann upplýsir að um 800 manns séu að læra undir umsjón Fjölmenntar í einhverri mynd. Flestir nemendurnir séu í Reykjavík og komi í höfuðstöðvarnar í Borgartúni 22 en einnig sé leigð aðstaða víða í borginni.

„Leiklistin er kennd í Borgarleikhúsinu, Mímir og MR hafa leigt okkur skólastofur, Skákfélagið Hrókurinn hefur haldið fyrir okkur námskeið sem og Hússtjórnarskólinn," tekur hann sem dæmi og bætir við: „Við viljum vera í sem eðlilegustum tengslum við umhverfið," Atli segir Fjölmennt þjónusta fólk sem búi við miklar takmarkanir vegna fötlunar en líka fólk með fulla námsgetu sem vegna geðraskana eða annarra veikinda geti ekki stundað nám í fjölmenni.


Nemendur í Fjölmennt læra meðal annars á tölvur.

„Við erum að kenna allt frá einföldustu tjáskiptum upp í háskólagreinar þannig að hópurinn er breiður en við miðum allt út frá einstaklingnum," segir hann og útskýrir það enn frekar. „Við getum hugsað okkur námskeið í bókmenntum þar sem fjallað er um Halldór Laxness. Þar eru kannski fimm manns og þrír af þeim ekki læsir. Þá notum við hljóðbækur, förum í heimsókn á Gljúfrastein og grípum til ýmissa ráða. Okkar hlutverk er að finna leiðir til að fólk geti notið námskeiðanna."

## Námskeið}

### Öflugt sjálfstraust

SJÁLFSTRAUST HEFUR ÁHRIF Á SAMSKIPTI

Dagana 1.-3. nóvember frá klukkan 16 til 20 stendur Endurmenntun HÍ fyrir námskeiðinu Öflugt sjálfstraust. Á námskeiðinu verður kennt hvernig greina á muninn á litlu og miklu sjálfstrausti og hvernig á að byggja upp sjálfstraust. Skoðað verður hvaða þættir hafa áhrif á sjálfstraust, hvort sjálfstraust tengist uppeldi og hvort hægt sé að byggja upp eigið sjálfstraust og annarra. Sjálfstraust hefur áhrif á það hvernig samskipti fólk á við aðra, hvernig það tekur ákvarðanir og hvernig það vinnur undir álagi. Gott sjálfstraust gerir fólk sterkara og hæfara að verjast óæskilegum áhrifum úr umhverfinu. Því er mikilvægt að þeir sem hafa lítið sjálfstraust læri að byggja það markvisst upp. Umsjón námskeiðsins er í höndum Jóhanns Inga Gunnarssonar og Sæmundar Hafsteinssonar, sálfræðinga og kennslan verður í formi fyrirlestra, umræðna, verkefna og æfinga.

### Skyggnst bak við tjöldin í Kína

KÍNA VERÐUR TEKIÐ TIL SKOÐUNAR Á NÁMSKEIÐI HJÁ ENDURMENNTUN HÍ

Í nýju námskeiði Endurmenntunar sem hefst í kvöld er Kína tekið til skoðunar. Námskeiðið er ætlað áhugafólki um sögu og menningu Kína. Í því verður skyggnst bak við tjöldin í Kína sem löngum hefur verið sveipað dulúð í huga Vesturlandabúa. Kennari er Kristján Loftsson, blaðamaður og sagnfræðingur. Kennt verður á miðvikudögum frá 20.15-22.15. Verð á námskeiðinu eru 17.400 krónur.

**Nesti**
getur komið sér vel á langri keyrslu. Það er oft skemmtilegra að stoppa á leiðinni og borða heimatilbúið nesti en að kaupa eitthvað í sjoppu. Það er líka ódýrara og fólk er ekki bundið af því að stoppa á ákveðnum stöðum.





Sigmar B. Hauksson segir mikilvægt að veiðimenn láti vita um ferðir sínar.

# Öruggar skyttur skila mestum afla

***Nú fara vopnaðir menn að leggja land undir fót og ganga til rjúpna. Aldrei verður of varlega farið í veiðiferðum og veiðimenn verða að huga vel að öryggisbúnaði áður en lagt er af stað í ferðina.***

Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, segir mestu máli skipta að veiðimenn láti vita um ferðaáætlun sína. Þar á eftir sé áttavitinn nauðsynlegur jafnvel þótt GPS-tæki sé með í för. „Flest þeirra óhappa sem hafa orðið síðustu ár hafa orðið vegna þess að fólk er ekki með áttavita," segir Sigmar. „Frumöryggistækin eru að fylgjast með landslaginu svo hægt sé að rekja leiðina til baka og hafa með sér áttavita." Sigmar segir einnig þýðingarmikið að menn séu nálægt hver öðrum og vasaljós sé nauðsynlegt til að lýsa upp vatnsföll í myrkri. Sigmar segir menn líka hafa klikkað á því að taka GPS-upphafspunktinn frá bílnum, þar sem einhver gæti fært bílinn eftir að hópurinn tvístrast. Betra sé að taka upphafspunktinn frá föstu kennimerki eða sammælast um að hreyfa ekki bílinn.

Sigmar segir það nauðsynlegt að halda kyrru fyrir verði veiðimaður viðskila við hópinn, þá séu meiri líkur á að hann finnist. „Mikilvægt er að leita sér skjóls, halda á sér hita og halda ró sinni. Ekki nota neyðarblysið fyrr en þú hefur grun um að fólk sé nálægt þér."

Þó svo að góður öryggisbúnaður sé mikilvægur í veiðiferðina má samt ekki gleyma sjálfri byssunni, því engin verður rjúpan skotin nema byssa sé við hönd.

johannas@frettabladid.is

**Nauðsynlegur öryggisbúnaður fyrir veiðiferðina.**

- Áttaviti
- GPS-staðsetningartæki
- Vararafhlöður fyrir GPS því þær eyðast fljótt í kulda
- Neyðarblys, helst tvö lítil
- Dómaraflauta til að láta heyra í sér
- NMT eða GSM-sími
- Handhægar talstöðvar
- Vasaljós og höfuðljós
- Kíkir
- Sólgleraugu til að verja augun og til varnar skammdegisbirtu
- Góður fatnaður og skór með grófum sóla
- Smá nesti og drykkjarílát
- Nauðsynleg lyf ef veiðimaður er haldinn sjúkdómi eða kvilla
- Sjúkrakassi

# Októbertilboð

***Í október verður Hótel Ísafjörður með mörg tilboð fyrir ferðalanga.***



Ísafjörður er einhver alskemmtilegasti bær landsins og fáir staðir á landinu sem hafa jafn sterkan karakter. Nú er bærinn byrjaður að klæðast vetrarbúningnum með snjó og öðru tilheyrandi. Hótel Ísafjörður mun í október hafa sérstaka tilboðsdaga þar sem boðið verður meðal annars upp á tvær nætur á verði einnar, tveggja manna herbergi á verði eins manns og ýmis tilboð í miðri viku. Tilboðin gilda yfir ákveðna daga en hægt er að fá frekari upplýsingar á hotelisafjordur.is. Bóka verður í gegnum netið. ■

## Ferðir }

### Göngugleði FÍ

Ferðafélag Íslands stendur vikulega fyrir sunnudagsgöngutúr. Þátttakendur eiga að mæta klukkan 10.15 í hús Ferðafélagsins, Mörkinni 6, með nesti og góðan útbúnað og er svo haldið í þriggja til fimm tíma göngutúr í nágrenni Reykjavíkur.

### Óvissuferð

FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST HELDUR ÚT Í ÓVISSUNA.

Óvissuferð ferðafélagsins Útivistar er árviss viðburður. Um helgina verður haldið út í óvissuna á vegum félagsins. Lagt verður af stað frá Reykjavík á föstudaginn. Á heimasíðu félagsins www.utivist.is er að finna ýmsar vísbendingar um áfangastað, meðal annars að hvorki verður farið til Grímseyja né Vestmannaeyja. GENGIÐ Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP



Hótel Klaustur

### Viðhafnarhelgar í haust á Klaustri

ICELANDAIR HÓTEL KLAUSTUR Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI VERÐUR MEÐ SÉRSTAKAR VEISLUR VISSA LAUGARDAGA Á NÆSTUNNI.

Lambakjötið er í öndvegi í matarveislu á Icelandair Hótel Klaustri næsta laugardag og einnig býður hótelið uppá sérstök villibráðarkvöld 5. og 12. nóvember. Þá er upplagt að njóta þess gista í sveitasælunni því Icelandair hótel Klaustur er heilsárshótel með 57 vistlegum herbergjum. Náttúran er fjölbreytt í kringum Klaustur, veðráttan mild og því miklir möguleikar til útivistar fyrir þá sem það kjósa.
Margir kjósa að halda fundi og ráðstefnur á Klaustri enda eru tveir fundarasalir í hótelinu fyrir 30-40 manna hópa og þar fyrir utan hefur hótelið til umráða 150 manna fundarsal í félagsheimili staðarins sem er í 200 metra fjarlægð. ■

Ford KA eða sambærilegur
Vika í Þýskalandi
18.450* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
www.hertz.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!
Gerum góð tilboð í allar hópferðir
Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is
Iceland excursions Allrahanda
GRAY LINE
Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku
Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456-3745



Sjálfboðastörf
Guatemala, Costa Rica, Suður Afríka, Perú og Indland
Að vinna að sjálfboðastörfum er gott tækifæri til þess að læra tungumál og kynnast framandi menningu. Dvölin hefst á málanámi og undirbúningi fyrir störf hjá hjálparstofnunum, þjóðgörðum og við samfélagsþjónustu.
MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?
STÚDENTAFERÐIR
exit.is
Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502
Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-
Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jólamorgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-



bilaland.is Grjóthálsi 1 575 1230 bíla B&L land notaðir bílar Traust bílaviðskipti í 50 ár


BMW 120D nýskr. 04/2005, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 18 þ. Verð 2.990.000 SX-205 B & L. S. 575 1230.


BMW 745I nýskr. 01/2002, 4400cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 14 þ. Verð 6.690.000 NR-132 B & L. S. 575 1230.


Hyundai Getz nýskr. 09/2004, 1600cc, 4 dyra, fimmgíra, svartur, ekinn 19 þ. Verð 1.390.000 JZ-087 B & L. S. 575 1230.


Hyundai Getz nýskr. 09/2004, 1600cc, 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 14 þ. Verð 1.340.000 NU-556 B & L. S. 575 1230.


Hyundai Getz nýskr. 09/2004, 1600cc, 4 dyra, beinskiptur, rauður, ekinn 17 þ. Verð 1.320.000 UL-068 B & L. S. 575 1230.


Peugeot 307 SW nýskr. 05/2004, 0cc, 5 dyra, fimmgíra, ekinn 38 þ. Verð 2.050.000 YA-198 B & L. S. 575 1230.


Volkswagen Golf nýskr. 08/2004, 0cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ekinn 28 þ. Verð 1.790.000 OP-335 B & L. S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

TOPPBÍLAR bílasala


Jeep Liberty Sport 3.7 L. árgerð 2004, ekinn 18 þ. km, sjálfskiptur, álfegur, hraðastillir, loftkæling. Verð 2.890.000. Toppbílar Kletthálsi 2 sími 587 2000 eða toppbilar.is

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

Bílahúsið.is


Isuzu d-max D-cap Dísel 08/2004 ssk., ekinn 25 þús. Verð 2.880 þús. Sími 421 8808.


Subaru Impreza Outback 02/2005 ssk., ekinn 12 þús. Verð 2.190 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


MMC Montero 3,5 03/2002 ssk., ekinn 39 þús. Verð 3.190 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


Ford Econoline triton 2000, ssk., ekinn 39 þús/mílur verð 2.380 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


Hyundai Coupe FX 2000 12/2003, ekinn 14 þús. Verð 1.680 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


MMC Eclipse GT 01/2003, ekinn 24 þús. Verð 2.390 þús., Tilboð 2.250 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


Subaru Impreza 04/2003 ssk., ekinn 54 þús. Verð 1.550 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


Nissan Primera Accenta 02/2005 ssk., ekinn 41 þús. Verð 1.940 þús. Sími 421 8808.


MMC L200 d-cap dísel 12/1997, ekinn 220 þús. Verð 940 þús. Sími 421 8808.


Toyota Touring 07/1994, ekinn 185 þús. Verð 290 þús. Sími 421 8808.


Toyota landcruser 90 VX Dísel ssk., 03/2000 ekinn 100 þús. Verð 3.190 þús. Sími 421 8808, ath skipti.


Toyota DC bensín 10/1992, ekinn 280 þús. Verð 690 þús. Sími 421 8808.

**Bílahúsið.is**
**Holtsgötu 52, 260 Njarðvík**
**Sími: 421 8808**
**www.bilahusid.is**

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777


VW Polo 1.4 10/1998, ssk, ek. 92 þ. km., hvítur. Verð 590 þús.


Honda Civic 1.4 10/1996, 5g, hvítur, ek. 145 þ. km. Verð 395 þús.


Nissan Terrano II 2.7 TDI 7/2004, 5g, ek. 16 þ. km. Lán 2190. Verð 3190 þús.


Suzuki Grand Vitara XL-7 2002, ssk., ek. 25 km., 7 manna, loftkæling og fl. Verð 2390 þús.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

SG BÍLAR BÍLASALA Brekkustíg 38 260 Reykjanesbæ sími: 421-4444 fax: 421-3732


Citroen C3 árgerð 2001. Ekinn 37 þ. km. Verð kr. 1.190.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Getz árgerð 2004. Ekinn 34 þ. km. Verð kr. 1.290.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Honda CRV árgerð 1998. Ekinn 93 þ. km. Verð kr. 1.280.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Getz árgerð 2004. Ekinn 43 þ. km. Verð kr. 1.190.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Santa Fe árgerð 2002. Ekinn 55 þ. km. Verð kr. 2.290.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Matrix árgerð 2003. Ekinn 13 þ. km. Verð kr. 1.480.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Starex 4X4 2.5 Túrbo Diesel árgerð 2002. Ekinn 43 þ. km. Verð kr. 2.650.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Trajet árgerð 2004. Ekinn 36 þ. km. Verð kr. 1.860.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.



Lexus IS 200 árgerð 2005. Ekinn 5 þ. km. Verð kr. 3.450.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Mazda 3 Hatchback árgerð 2004. Ekinn 41 þ. km. Verð kr. 1.690.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Mazda 323 GTI árgerð 1999. Ekinn 91 þ. km. Verð kr. 790.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Renault Kangoo 1400 árgerð 2005. Ekinn 12 þ. km. Verð kr. 1.590.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai H-1 árgerð 1999. Ekinn 110 þ. km. Verð kr. 670.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.

SG bílar
BÍLASALA
S:421 4444
100%Lán

**SG Bílasala**
**Brekkustíg 38, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 421 4444**

J.R. BÍLASALAN


Honda Civic V-Tec 1.6 árg. 2000 ek. 89 þús. Low profile, aukafelgur og vetrardekk Geislaspilari, Race stýri, spoiler 160HP beinskiptur. Er á staðnum. Ásett 990 þús. S. 567 0333.


Isuzu Trooper turbo dísel árg. 1999 ek. 190 þús. Nýjum 33" dekkjum, einn eigandi frá upphafi. Beinskiptur, dráttakúla, geislaspilari. Reyklaus, er á staðnum. Ásett 1340 þús. S. 567 0333.

## NÝR TOYOTA LAND CRUISER VX 100 DÍSEL.



**Verð aðeins 6,990,000.-**
**Með öllum staðalbúnaði**
**5 SÆTA.**

**Annar meðfylgjandi aukabúnaður.**

Sóllúga, bakkmyndavél, raddstýrður snertiskjár, leiðsögukerfi 18" álfelgur, Blue Tooth símabúnaður,

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Bíldshöfða 10. Sími 587 – 8888

**Allt að 90% fjármögnun til 84 mánaða.**

**Þriggja ára ábyrgð.**

## VESPUR TIL SÖLU

Vorum að taka heim vespur 125 cc fyrir ökumann og farþega í 2 litum aðeins kr. 198 þús. með skráningu og númeri.
Sími 587 1135
helgar 845 5999

VÉLHJÓL & SLEÐAR S:5871135 Stórhöfða 18

J.R. BÍLASALAN


M.Benz Sprinter 416 CDI árg. 2002 ek. 104 þús. 18 manna, oliumiðstöð, ofnar, ísl. breytingar, sjálfskiptur með stept-ronic, dísel turbo. Er á staðnum. Ásett 4800 þús. S. 567 0333.


Honda Civic V-TEC 1.5 árg. 1999 ek. 112 þús. Beinskiptur, geislaspilari, álfelgur, spoiler. Er á staðnum. Ásett 690 þús., skipti möguleg. S. 567 0333.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**www.jrbilar.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN
HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800


Daewoo Musso 2900 TDI Grand Luxe árgerð 10/1998. beinskiptur, ekinn 117 þ. km., Abs, topplúga, dráttarbeisli. Verð 1.270.000.-


Hyandai Galloper TDi, árgerð 1998, beinskiptur, ekinn 121 þ. km., dráttar-kúla, álfelgur. Verð 790.-


Toyota LC 60 árgerð 1987, ekinn 288 þ. km., breyttur fyrir 38", 100% læsingar framan/aftan. Verð 580 þ.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

SPA bíll


Nýr 2005 Dodge Magnum RT station. 5,7 L Hemi, 340 hö. sjálfskiptur, lúga, leðurinnrétting, rafm. í öllu, sjálfvirk loft-kæling, Til sýnis á staðnum. Okkar verð 4.368 þús.


Nýr Renault Master Millilangur háþekju, Turbo dísel, 115 hö., skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum. O.fl. Til afgreiðslu strax. Listaverð 2.652 þús. án vsk. Okkar verð 1.950 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

12 Volt


Mazda 3 sport. 1.6L. árg. 03/2005, ek. 17.000 km, ssk., topplúga, álfelgur, geislasp. o.fl. Upplýs. 565-2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



Leitin að nýjum bíl hefst á www.is-landus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefn-um okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjara-kaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustu-vers 552 2000 og netspjall við sölu-menn er á www.islandus.com


Nissan Terrano Árg. '99 ek. 128 þús. sjálfsk. 33" breyttur V 1580 þ.895-9012

## 0-250 þús.


Til sölu Hyndai Accent árg. '95, ek. 116 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 845 7701.


Mazda MX3 árg. '93, 17" felgur, 5 gíra. Verð 200 þús. Uppl. í s. 699 1337 e.kl.16.


VW Golf 1600 árg. '94, ek. 130 þús., ný-skoðaður, ný vetrard. Verð 170 þús. Uppl. í s. 896 0399.


Volvo 460 '97 2,0 L. Ssk. Ekinn 138 þús. Skoðaður '06. Verð 350 þús. Sími 868 8565.


Hyundai Trajet '00, 7 manna, ek. 86 þús., ssk., fjarst. samlæsingar, 6cd magasín, reyklaus. S. 616 8233.

Toyota Tercel '88, 4x4, sk. '06, verð 50 þús. Uppl. í s. 893 1234.

Mazda 323 F árg. '92, ek. 180 þús. þarfnast smá lagfæringar. Selst á ca 50-100 þús. S. 824 7212.

Til sölu Nissan Micra árg. '00, tjónaður að framan. Uppl. í s. 861 5706 eftir kl. 17. Tilboð óskast.

Audi 80 quattro '87 ekinn 230 þ. V. kr 190 þ. Uppl. í s. 893 5574.

Nissan Micra '96 ek. 98 þús. 5 dyra, ssk. Verð 250 þ. Sími 662 4346.

Nissan Micra árg. '95, ek. 130 þús., ssk., 5 dyra, álfelgur og spoiler, CD. Tiboðs-verð 170 þús. S. 659 9696.

**Frábær kaup**
Opel Corsa nýskráð 14/12/'98, ek. að-eins 77 þús., góður bíll. Listaverð 380 þús. Tilboð 250 þús. Uppl. í s. 659 9696.

**Tilboð Tilboð!!!**
Suzuki Swift '98, 1,3 5 dyra, sk. '06. Til-boðsverð 190 þ. S. 691 9374.

Til sölu MMC Pajero árg. '88, 7 manna, sk. til okt. 2006. Verðhugmynd 80 þús. Uppl. í s. 699 3548.

## 250-499 þús.


Daihatsu Cuore '99, ekinn 92 þ. 5 dyra, Sjálfsk. nýskoðaður. nýjar bremsur, púst og skipting. Framleiðir bensín. Verð 350 þús. S. 695 8426.


Toppbíll. Volvo 460 ssk. Ek. aðeins 113 þ. 2 eig. frá upph. Verð 350 þ. S. 849 8373.


Vel með farinn og lítið keyrður VW Polo árg. '97. Verð 350 þús. Sími 894 0422.


Toyota Carina E. GLI 2,0 árg '94. Rafm í öllu, CD spilari, spoiler, hiti í sætum, kastarar, 5 gíra, samlæsing, húddhlíf, ofl. Gott viðhald og mikið endurnýjaður, ekinn aðeins 168 þ. km. Nýskoðaður '06. V. 390 þ. kr. Frábær bílakaup! S. 663 2430.

S. Sidekick árg. 91, bsk, 33 og 35", mik-ið endurn. CD, tilboð óskast. S. 865 1822.

VW Polo '98, hvítur, 3 dyra, ek. 71 þús. smátjón á hlið. Uppl. í s. 659 4051.

SUBARU IMPRESA ST 2.0 97 NÝ SKOÐ-UÐ V:430.Þ STGR EÐE VISA/EURO UPPL.Í S:5875058

VW Golf til sölu, árg. '97. Góður bíll í toppstandi. Vetrardekk fylgja. Verð ca 300 þús. S. 894 2456.

## 500-999 þús.


Toyota Celica 11/'99, ek. 104 þús. Nýsk. Verð 950 þús. Uppl. í s. 864 6576 e. kl. 17.30.


Peugeot 406, 1800cc, árg. 1999, Ekinn 123.000. Verð 650.000. S. 896 8497


Til sölu Volvo S40 árg. '99, ek. 92 þús., svartur. Verð 880 þús. Uppl. í s. 868 3293 & 847 3242.


Toyota Carina E 2000 GLi árgerð 1997, ekinn 84.000 þúsund, ný tímareim, filmur, dráttarkrókur, sumar- og vetrar-dekk á felgum, toppeintak. Upplýsingar í síma 863 9970.


Til sölu Megane Scenic árg. '98, 1.6 L, ek. 85 þús., 5 gíra, sk. '06. Verð 680 þús. Skipti ódýrari. S. 868 8565.

## 1-2 milljónir


M. Benz 310 árg. '94, Vönduð þýsk yfir-bygging. Ek. 98 þ. km. Sími 892 2026.


Stórglæsilegur MMC Eclipse 2,4 GS árg. 2000, ekinn 99 þ., mjög vel búinn ssk., topplúga, cd, cruise ofl. Gott verð! Upp-lýsingar í síma 899 5555.

## 2 milljónir +


Lincoln Town Car Signature 2003. Ný-skráður 07/03. Hlaðinn búnaði og tjón-laus. Engin skipti. Fæst á 2,5 M. Uppl. í síma 866 2891.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 0-100 þús. Stað-greitt, skoðaðum og sjálfskiptum. Má vera Dísel, útlit skiptir ekki máli. Kram verður að vera í lagi. Uppl. í síma 551 1682 eða 867 5209

Óska eftir ódýrum bíl, 0-60 þús. Allt kemur til greina. S. 661 3548.

Óska eftir góðum bíl skoðuðum '06 á 0-100 þús. Tilboð óskast á netfangið billoskast@gmail.com.

## Jeppar


Grand Cherokee Limited '91. Góð dekk. Leðurklæddur, rafmagn í öllu. Ágætis bíll. Verð 150 þús. Nýsk. '06, uppl. í s. 894 5047.


Toyota Landcruiser 90 GX árg. 06/'03. Ek. 67 þ. Ssk., dr.kúla, sumard. og vetr-ard. + álf. Bein sala, verð 4.250.000. Uppl. í s. 660 4528.

Suzuki Sidekick Sport árg 96 ek 118 þús 1800 vél tveir eigendur í góðu st. S: 8963608



Sýningarbíll kominn til landsins! Komdu og skoðaðu fyrsta Jeep Comm-andor bílinn á Íslandi. Nýr 7 manna Jeep Commandor. Algerlega ný hönn-un. Nánari upplýsingar á www.is-landus.com Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Is-landus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com www.islandus.com



Nýja eða nýlega jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Splúnkunýjir Explorer frá kr. 3.290.000, Jeep frá kr. 3.340.000. Næstum nýjir 2005 bílar undir 3 millj-ónum. Við seljum bíla langt undir mark-aðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com www.islandus.com

## Pallbílar



Ford og Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað, Explorer SportTrack, F150 RegularCab, Supercab og CrewCab á ótrúlega hagstæðu verði á meðan birgðir endast. Hringdu strax til að tryggja þér bíl á útsöluverði. Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com

## Sendibílar

Renault Master sendibifreið árg. '99. Vsk. bíll. Verð 890 þús. Uppl. í s. 893 0884 & 897 2262.

## Vörubílar


Ágætur þýskur malarvagn með Sigga-skúffu. Gott ástand. Verð 1300 Þús + vsk. Sími 869 0896


Til sölu Man 35-403 8x6 árg 1998. Bíll í góðu standi Uppl í síma 6602488

## Kerrur

Ísl. jeppa, verktaka, hesta og hjóla kerr-ur, nokkrar stærðir til. Einnig járnhlið eftir pöntun. S. 899 2202 J.E.S ehf.

## Vinnuvélar





Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 12. október 2005 – 28. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MARKAÐURINN

Talstöðin FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30



**Verslandi vélmenni**
Heldur á pokunum 8



**Evruumræðan byrjuð**
Krónan er viðskiptahindrun 12-13



**Real Madríd tekjuhæst**
Skákar Manchester United 6






**TAKA VIÐ TAUMUNUM** Framkvæmdastjóri Eyris, Árni Oddur Þórðarson, til hægri, hefur tekið við stjórnarformennsku í Marel.

## Eyrir tekur við stýri

Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris fjárfestingarfélags, tekur við stjórnarformennsku í Marel af Friðriki Jóhannssyni. Eyrir er næststærsti eigandinn í Marel, á eftir Landsbankanum, með tæpan þrjátíu prósenta hlut.

Það að stærsti hluthafinn, með tæpan 37 prósenta hlut, gefi eftir stjórnarformannssætið til þess næststærsta er talið vera merki um að Landsbankinn muni minnka hlut sinn í félaginu og gefa Eyri eftir forystuhlutverkið.

„Marel er félag sem ég þekki vel og hef fylgst með því frá 1997 þegar þegar ég annaðist fjármögnun á yfirtöku félagsins á Carnitech. Við höfum tekið kjölfestustöðu í félaginu og ætlum að fylgja því eftir til vaxtar á næstu árum," segir Árni Oddur í samtali við Markaðinn.

Heildareignir Eyris eru á bilinu tólf til fjórtán milljarðar, þar af þriðjungur á Norðurlöndum. - eþa

Útrásarvísitalan óbreytt:

## Keops stekkur enn

Útrásarvísitalan stóð nánast í stað á milli vikna en hún lækkaði um 0,04 prósent frá því í síðustu viku og mælist nú 114,42 stig. Danska fasteignafélagið Keops hækkaði enn á milli vikna en hækkaði mest allra félaga frá því í síðustu viku, um 13,04 prósent. Keops var einnig hástökkvari vikunnar á undan en þá hækkaði gengi félagsins á milli þeirra vikna um 9,21 prósent.

DeCode lækkaði mest á milli vikna en gengi félagsins fór undir 8 dali á hlut í viðskiptum á mánudag og lokagengi þess dags 7,99. Félagið lækkar um 9,28 prósent frá því í síðustu viku. - hb

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Gott sumar** | Gistinóttum fjölgaði um níu prósent í ágúst miðað við sama mánuð í fyrra. Alls voru gistinætur í ágúst samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands 151.070 en voru 138.250 í sama mánuði í fyrra.

**Forsendur brostnar** | Tíu prósent hluthafa í Skandia höfnuðu yfirtökutilboði Old Mutual. Forsendur yfirtökutilboðsins eru því brostnar þar sem Old Mutual setti það sem skilyrði að níu prósent eigenda gengju að því.

**Kuoni kaupir** | Kuoni Scandinavia hefur keypt sjötíu prósent í Langferðum ehf. sem verið hefur umboðsaðili fyrirtækisins hér á landi í á annað ár.



**Sigurjón kaupir** | Sigurjón Sighvatsson hefur keypt danska fasteignafélagið VG Investment. Það er fasteignafélag Sigurjóns, Heimiliskaup ehf., sem fjárfestir í félaginu.

**Símasalan dýr** | Einkavæðing Landssíma Íslands kostar ríkissjóð 750 milljónir króna. Þar af nemur þóknun til breska fjármálafyrirtækisins Morgan Stanley, ráðgjafa einkavæðingarnefndar við söluna, 696 milljónum króna.

**Lokavika Somerfield** | Fresturinn sem yfirtökunefnd í Bretlandi veitti bjóðendum í bresku verslunarkeðjuna Somerfield rennur út á föstudag.

**Skuldabréfin vinsæl** | Skuldabréfaútgáfan í íslenskum krónum heldur áfram. Í heild hafa verið gefin út skuldabréf erlendis fyrir um áttatíu milljarða íslenskra króna.

# Sómi verði átta hundruð milljóna samlokufyrirtæki

Sómi vill kaupa Júmbó samlokur og leggur fram tilboð.

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Samkvæmt heimildum Markaðarins mun samlokufyrirtækið Sómi leggja fram tilboð í Júmbó samlokur í lok vikunnar. Ef af samruna fyrirtækjanna tveggja verður, eða það færist undir sama eignarhald, má búast við að til verði fyrirtæki sem ekki er óvarlegt að ætla að verði metið á um átta hundruð milljónir króna. Sala á samlokum og tilbúnum brauðréttum hefur aukist mikið undanfarin ár og er velta félaganna tveggja áætluð um sjö hundruð milljónir króna. Talsverður hagnaður hefur verið af rekstri Sóma en minni af Júmbó.

Fyrirtækin tvö eru talin hafa langstærstu markaðshlutdeildina á samlokumarkaðnum, um 95 prósent. Matvöruverslanir og bensínstöðvar selja sífellt meira magn af tilbúnum réttum frá fyrirtækjunum, sem hafa aukið og breikkað mjög vörulínu sína síðustu árin. Auk þess að selja samlokur selja þau ýmsa rétti svo sem pastabakka, heilsurétti og fleira.

Enda þótt af samrunanum verði ná samkeppnislög ekki til starfseminnar og geta fyrirtækin því sameinast án afskipta samkeppnisyfirvalda. Samkvæmt 17. grein samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna ef það telur að markaðsráðandi staða verði til eða myndist en getur auk þess sett slíkum samruna skilyrði. Ákvæðið tekur hins vegar aðeins til samruna þar sem heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er einn milljarður króna eða meira.




**SAMEINING Á SAMLOKUMARKAÐI** Búist er við því að Sómi leggi fram tilboð í Júmbó samlokur í vikunni.

Sómi mun nú vinna að fjármögnun að kaupunum á Júmbó með Íslandsbanka en með samrunanum hyggst fyrirtækið ná fram sparnaði með samlegðaráhrifunum meðal annars í innkaupum, dreifingu og fleiri þáttum. Mikil gróska er nú á sölumarkaði millistórra fyrirtækja og eins og Markaðurinn hefur áður greint frá er ekki óalgengt að fyrirtæki séu seld á sjöföldan hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

# Útvegsmenn daðra við evruna

Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja er að brenna upp vegna gengis krónunnar.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna, segir ýmsa innan sjávarútvegsins velta fyrir sér hvort betra sé að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi þegar stjórn efnahagsmála sé eins og raun beri vitni. Það sé þá að því gefnu að Íslendingar fengju undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins, en ESB-aðild er skilyrði fyrir inngöngu í myntbandalagið (EMU).

Friðrik segir að vegna hás gengis íslensku krónunnar sé eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja og annarra útflutningsfyrirtækja að brenna upp. Stjórnendur þessara fyrirtækja hafi reiknað með styrkingu krónunnar á meðan álversframkvæmdir stæðu sem hæst en ekkert í líkingu við það sem orðið hafi. Stóraukning íbúðalána, hækkandi vextir Seðlabankans og erlend skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum hjálpist þar að. Hvorki ríki né Seðlabankinn, sem Friðrik segir stjórna efnahagsmálunum, reyni að bæta starfsumhverfið. Við slíkar aðstæður velti margir fyrir sér hvort staðan gæti nokkuð versnað ef hér yrði tekin upp evra. Óskynsamlegt sé að veikja með þessum hætti atvinnugreinar sem skapi miklar tekjur.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði á fundi um helgina að taka ætti upp evru á Íslandi og henda krónunni. Til þess þyrfti að ganga í Evrópusambandið. Krónan væri eins og hver önnur viðskiptahindrun.


– Sjá nánar í miðopnu



Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, NYSE, Nasdaq og AMEX í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 0% | 4% |
| Bakkavör Group | -2% | 74% |
| Flaga Group | -20% | -51% |
| FL Group | -5% | 40% |
| Grandi | 2% | 16% |
| Íslandsbanki | -4% | 29% |
| Jarðboranir | 4% | 2% |
| Kaupþing Bank | -1% | 32% |
| Kögun | 0% | 15% |
| Landsbankinn | -4% | 76% |
| Marel | 6% | 31% |
| SÍF | -7% | -9% |
| Straumur | -8% | 33% |
| Össur | 0% | 12% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Tollasamningur við Úkraínu

Ísland og Úkraína hafa undirritað tvíhliða samning um tollalækkanir á ákveðnum íslenskum vörutegundum til Úkraínu.

Í Stiklum, vefriti viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, kemur fram að innflutningur á óunninni síld og kolmunna verði algjörlega tollfrjáls þegar Úkraína öðlast aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Tollar á óunnum loðnuafurðum, laxi og plastvörum lækka enn fremur mikið eða verða felldir niður innan ákveðins tíma.

Talið er að heildarverðmæti útflutnings til Úkraínu í ár verði nálægt 780 milljónum króna. - eþa

# Þensla á landsbyggðinni

Skortur er á vinnuafli víða á landsbyggðinni en Markaðurinn greindi frá því í síðustu viku að þensla væri á Austurlandi sem helst má rekja til mikilla framkvæmda við Kárahnjúka.

Bændablaðið greinir frá því í gær að í byrjun september hafi verið á þriðja hundrað laus störf á skrá hjá Svæðisvinnumiðlun Suðurlands. Þar sé gríðarlegur skortur á vinnuafli. Haft er eftir Sigurði Jónssyni hjá Svæðisvinnumiðluninni að helst væri þensla í byggingarvinnu og verktakastarfsemi og byggingafyrirtæki væru að fá til sín erlent vinnuafl í stórum stíl. - hb



ÖLFUSÁRBRÚ Skortur er á vinnuafli á Suðurlandi. Fréttablaðið/Stefán

# Meðallaun hjá Högum um 223 þúsund

Launagreiðslur Haga voru um 4,36 milljarðar á árinu 2004 eftir því sem fram kemur í ársreikningi félagsins. Meðalfjöldi starfsmanna var 1.625 og eru því meðallaun á mánuði um 223 þúsund krónur. Heildarlaun stjórnenda, framkvæmdastjóra og stjórnar námu 249 milljónum króna. Alls starfa tólf framkvæmdastjórar hjá félaginu auk forstjóra og ef ekki er tekið tillit til þóknunar stjórnar voru því meðallaun þeirra um 1,6 milljónir á mánuði. - hb

# Mótlæti í Booker

Sögusagnir eru í gangi um að ástand Booker-keðjunnar sem var hluti af Big Food Group sem Baugur keypti ásamt fjárfestum á síðasta ári hafi verið mun verra en kaupendur bjuggust við.

Þessi orðrómur hefur ekki verið staðfestur, en samkvæmt heimildum hefur fyrirtækið ekki farið varhluta af samdrætti í smásölu í Bretlandi.

Eigendur Booker vinna að endurfjármögnun fyrirtækisins í samvinnu við breska bankann HBSO.

Charles Wilson, sem var hægri hönd Stuart Rose hjá Marks og Spencer og vann þar áður með Rose hjá Arcadia, mun innan skamms hefja störf hjá Booker. Hann nýtur mikillar virðingar innan breska smásölugeirans og binda eigendur Booker miklar vonir við störf hans hjá fyrirtækinu. - hh

# Vísitala neysluverðs birt

## Greiningadeildir spáðu 0,4-0,7 prósenta hækkun milli mánaða.

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs í dag. Verðbólga mælist nú 4,8 prósent á ársgrundvelli og hefur farið hækkandi að undanförnu. Greiningadeildir bankanna spáðu 0,4-0,7 prósenta hækkun vísitölunnar milli september- og októbermánaða. Það þýðir að verðbólgan síðustu tólf mánuði er á bilinu 4,4-4,7 prósent, sem er vel yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. - hhs



ERLENDUR HJALTASON Exista hefur fært eignir sínar í KB banka, Bakkavör og Flögu inn í hollenskt eignarhaldsfélag sem er að fullu í eigu félagsins.

# Hlutabréf Exista komin á einn stað

## 85 milljarða hlutabréfaeign færð inn í hollenskt félag.

Stjórn eignarhaldsfélagsins Exista hefur ákveðið að færa eignir félagsins í KB banka, Bakkavör Group og Flögu Group inn í hollenska eignarhaldsfélagið Exista B.V., sem er að fullu í eigu Exista. Markaðsvirði hlutabréfanna nemur um 85 milljörðum króna.

„Við erum að einfalda uppbyggingu félagsins. Þessar eignir hafa verið í nokkrum dótturfélögum og ætlum við að setja þær í eitt dótturfélag,“ segir Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista.

Erlendur segir að það henti vel fjármagnsuppbyggingu Exista að setja hlutina inn í hollenskt eignarhaldsfélag. Að öðru leyti verður engin breyting á starfsemi félagsins. Höfuðstöðvarnar verða áfram í Reykjavík.

Erlendur var spurður um hvort eigendur félagsins hefðu uppi áform um að skrásetja félagið á markað: „Það eru engar áætlanir uppi um það í bili.“ - eþa



STJÓRNARMENN OG FORSTÓRINN Magnús Kristinsson, Þórður Már Jóhannesson og Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums – Burðaráss, á sameiningarfundinum. Almennt séð er algengt að góðir forstjórar fái góð kjör þegar þeir kaupa í félögum sem þeir starfa fyrir svo tryggt sé að þeir hlaupi ekki í annað starf. Fréttablaðið/Heiða

# Gulltryggðir gegn tapi

## Samningar forstjóra fjármálafyrirtækja gera ráð fyrir að þeir fái kaupverð hlutabréfa endurgreidd sem og vaxtakostnað ef bréfin lækka í verði.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Þetta eru sambærilegir samningar og gerðir hafa verið við aðra stjórnendur í fjármálafyrirtækjum,“ segir Þórður Már Jóhannesson, nýráðinn forstjóri Straums – Burðaráss Fjárfestingarbanka, um nýleg kaup sín á hlutabréfum í bankanum fyrir 1.350 milljónir króna. Stjórn Straums samdi þannig við Þórð að ef gengi bréfanna lækkar á næstu tveimur árum fær hann kaupverðið að fullu greitt til baka auk kostnaðar vegna lána sem hann kunni að hafa tekið.

Þórður Már segir að hann hafi ekki fengið lánað fyrir þessum kaupum hjá Straumi og borgi vaxtakostnaðinn sjálfur. Samkvæmt heimildum Markaðarins er það rétt svo lengi sem Þórður hagnast á viðskiptunum. Fyrir átti Þórður fimmtíu milljónir að nafnvirði í Straumi. Samanlagt á hann nú 150 milljónir króna, sem jafngildir um tveimur milljörðum að markaðsvirði miðað við gengið sem Þórður keypti hlutaféð í september á. Samningurinn við stjórnina nær yfir allt hlutafé í eigu Þórðar.

Séu tveir milljarðar teknir að láni, sem samansett er af nokkrum erlendum gjaldmiðlum, og miðað við fjögurra prósenta ársvexti eru vaxtagreiðslur um fjörutíu milljónir króna á ári.

Straumur tók yfir rekstur Burðaráss í lok sumars og var Þórður forstjóri sameinaðs fyrirtækis. Honum er skylt að eiga þessi hlutabréf í tvö ár. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru rökin fyrir þessum samningi þau að verið sé að tryggja forstjórann í starfi næstu árin. Það sé alþekkt að umbun stjórnenda fari saman við gengi félagsins um leið og hann sé skuldbundinn bankanum. Líka er bent á að ólíklegt sé að hluthafar þurfi á endanum að greiða fjármagnskostnað forstjórans miðað við hvernig hlutabréfaverð hafi þróast.

Sambærilegir samningar voru gerði við lykilstjórnendur í Íslandsbanka og KB banka í lok árs 2003. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Markaðurinn hefur aflað sér var tryggt að starfsmenn KB banka þyrftu ekki að greiða fjármagnskostnað vegna hlutabréfakaupa í ef gengi bankans lækkaði. Starfsmenn Íslandsbanka tóku hins vegar þá áhættu þótt þeim hefði verið tryggður söluréttur á ákveðnu gengi. Aðrir samningar voru þó gerðir við starfsmenn Íslandsbanka þar sem þeir þurftu ekki að taka þá áhættu.

Samningur Þórðar er því ekki einsdæmi í fjármálafyrirtækjum.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR




Marel stuðlar að heilbrigðu og fræðandi umhverfi barna, unglinga og háskólafólks. Í nánu samstarfi við hlutaðeigandi aðila leggur fyrirtækið fram fjármagn og mannauð til menntunar og uppfræðslu. Fróðleiksfýsn og brennandi áhugi í námi og leik er besta forvörnin, traustasti grunnur framtíðarinnar.

**Marel styrkir:**

- Vísindaveröld Fjölskyldu- og húsdýragarðsins
- Nýsköpunarkeppni Grunnskólanemenda og Marel
- Nýsköpun og raungreinakennslu í grunnskólum Garðabæjar
- The Young Scientist Award
- Hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema
- LEGO hönnunarkeppnina

# Fasteignavelta dróst saman

Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu var 56,3 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins og dróst saman um tvö prósent frá öðrum ársfjórðungi. Hins vegar jókst velta um 41 prósent frá sama tímabili í fyrra.

Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 23,5 milljónir króna.

Fjöldi kaupsamninga dróst einnig saman á milli fjórðunga. Á þriðja ársfjórðungi var 2.397 kaupsamningi þinglýst en 2.429 á öðrum ársfjórðungi. **- eþa**



**FASTEIGNAMARKAÐUR STENDUR Í STAÐ** Bæði velta og fjöldi þinglýstra kaupsamninga drógust saman á þriðja ársfjórðungi frá öðrum fjórðungi.

# Kaupir hollenskt fyrirtæki

Hugbúnaðarfyrirtækið TM Software hefur fest kaup á hollenska hugbúnaðarfyrirtækinu Falcon Atomatisering og styrkir þar með stöðu sína í Evrópu. Hollenska félagið sérhæfir sig í framleiðslu og sölu hugbúnaðarlausna fyrir heilbrigðisgeirann og eru kerfi þess í notkun hjá helmingi hollenskra sjúkrahúsa.

„Við erum búnir að vera þessum markaði í heilbrigðislausnum síðan 2001 og með eigin vöru sem hefur gengið vel og kallast Theriak. Eftir að hafa kynnst markaðnum betur sáum við aðrar vörur sem styðja við okkar vöru og sameinaðar verða þær sterkari. Falcon var einmitt með slíka vöru. Kaupin voru til að styrkja okkar vöruframboð,“ segir Axel Ómarsson, framkvæmdastjóri TM Software í Evrópu.



**KAUPIN FRÁGENGIN** TM Software hefur fest kaup á hollenska hugbúnaðarfyrirtækinu Falcon og nær sterkri stöðu innan hollenska heilbrigðisgeirans.

Axel segir að félagið hafi fjárfest mikið á þessum markaði og ætli sér enn stærri markaðsstöðu. Félagið starfi mikið í fjórum löndum, Danmörku, Hollandi, Íslandi og Þýskalandi, með sínar heilbrigðislausnir.

Kaupverð fékkst ekki uppgefið. **- eþa**

# Breytingar hjá Reykjalundi

## Mikill umsnúningur í rekstrinum.

Breytingar hafa orðið á hluthafahópi hjá Reykjalundi-plastiðnaði. Haukur Þór Hauksson, sem leiddi hóp fjárfesta sem keyptu félagið af SÍBS í maí árið 2004, hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri og jafnframt selt fimmtungshlut sinn í félaginu til meðeigenda sinna.

Meðal hluthafa eru Valdimar Gíslason og OSN lagnir í Keflavík auk einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækinu.

„Gríðarlegur umsnúningur hefur verið í rekstri félagsins og var hagnaður á fyrstu sex mánuðum þessa árs og lítur út fyrir að allar áætlanir standist,“ segir Haukur Þór. Áætluð velta Reykjalundar-plastiðnaðar á þessu ári er um 550-600 milljónir króna. Félagið framleiðir meðal annars lagnir og rör fyrir lagnaiðnaðinn og umbúðir fyrir umbúðaiðnaðinn.



**HAUKUR ÞÓR HAUKSSON** Lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Reykjalundar-plastiðnaðar og selur hlut sinn.

„Við erum búnir að eyða einu og hálfu ári í það að snúa rekstri félagsins við. Eftir breytingarnar hafði ég áhuga á að selja minn hlut og niðurstaðan varð að aðrir hluthafar keyptu mig út.“

Við starfi Hauks Þórs tekur Hlöðver Hlöðversson aðstoðarframkvæmdastjóri. **- eþa**

# SÍF fær nýtt nafn

„Rekstur félagsins er í þeim farvegi sem stefnt var að,“ sagði Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður SÍF, á aðalfundi fyrirtækisins. Þetta var annar aðalfundur SÍF á árinu en félagið breytti reikningsskilum sínum um mitt ár og lauk síðasta rekstrarári í lok júní.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON OG JAKOB SIGURÐSSON** SÍF fær nýtt nafn á næstunni í tengslum við miklar skipulagsbreytingar.

Miklar breytingar hafa orðið á SÍF-samstæðunni undanfarin misseri, þungamiðja starfseminnar hefur færst til Evrópu og til marks um það vinna aðeins sjö starfsmenn af 3.700 á Íslandi. Í máli Ólafs kom fram að unnið væri að því að gefa félaginu nýtt nafn.

Rekstur félagsins var undir væntingum á síðasta rekstrarári, einkum vegna hás afurðaverðs á laxi sem rauk upp úr öllu valdi þegar Evrópusambandið setti refsitolla á norskan lax. Rekstrarhorfur eru þó góðar fyrir fjórða ársfjórðung en falla og standa með jólasölunni. Rekstur frystiafurða er erfiður og sagði Ólafur að það væri eðlilegt að endurskoða aðkomu félagsins að þeirri starfsemi. **– eþa**

# Græða á vaxtamuninum

## Útlit er fyrir að erlendir fjárfestar haldi áfram að kaupa skuldabréf í íslenskum krónum.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Erlendir fjárfestar þiggja í raun ókeypis hádegisverð á íslenskum skuldabréfamarkaði, segir Ásgeir Jónsson, hagfræðingur á greiningardeild KB banka. Þeir nýti sér mikinn vaxtamun við útlönd um leið og verðbólgumarkmið Seðlabankans setji höft á gengi krónunnar næstu sex til tólf mánuði. Það lágmarki gengisáhættu fjárfestanna.

Hann segir ekki útlit fyrir að verðbólguþrýstingur gangi hratt niður á þessu tímabili og á meðan haldi Seðlabankinn stýrivöxtunum háum. Samkvæmt því sem hafi komið fram við síðustu vaxtahækkun í lok september muni bankinn ekki leyfa krónunni að veikjast hratt með tilheyrandi verðbólguskoti. Þetta þýði í raun að Seðlabankinn sé kominn nálægt einhvers konar fastgengismarkmiði þar sem hann verði að halda genginu háu. Það séu því töluverðir möguleikir fyrir erlenda fjárfesta að hagnast á þessum viðskiptum án þess að taka mikla áhættu og í því ljósi muni erlend skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum halda áfram.

Þegar horft er á þróun óverðtryggðra vaxta fóru þeir niður eftir að erlenda skuldabréfaútgáfan hófst. Þeir hækkuðu á nýjan leik þegar Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína óvænt meira en spáð var. Ásgeir segir hins vegar að óverðtryggðir vextir geti haldið áfram að lækka haldi útgáfan áfram. Sú þróun geti komið í veg fyrir að vaxtahækkanir Seðlabankans hafi tilætluð áhrif á ávöxtunarkröfu styttri skuldabréfa.

Í fyrradag var búið að gefa út erlend skuldabréf í íslenskum krónum fyrir áttatíu milljarða króna á sex vikum. Erlendir fjárfestar kaupa bréfin af útgefanda og taka gengisáhættu í krónum en fá í staðinn háa vexti á sitt fjármagn þar sem vaxtamunur er um þessar mundir í kringum 7,7 prósent. Eru það háir vextir miðað við vexti í helstu nágrannalöndum okkar.

„Framvindan á þessari erlendu skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum ræðst töluvert af verðbólguþróun næstu mánuði,“ segir Ásgeir. Fátt annað virðist geta stöðvað þessa útgáfu en vaxtalækkun Seðlabankans, veruleg lækkun nafnvaxtakröfunnar hérlendis eða otti við gengisfall.

Ásgeir segir þetta hafa tvenns konar áhrif á íslenskan fjármálamarkað. Annars vegar hækki gengi krónunnar og hins vegar lækki skammtímavextir þvert á vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands. Þó bendi margt til að áhrifin séu ekki að fullu komin fram. Það geti sérstaklega átt við áhrifin í gegnum bankakerfið.



Markaðurinn/E.ÓL

**ÁSGEIR JÓNSSON** Seðlabankinn fylgir einhvers konar fastgengismarkmiði í núverandi stöðu.

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

spron
VERÐBRÉF
– leið til árangurs

Með viðbótarlífeyrissparnaði
leggur þú grunn
að lífsgæðum síðar á ævinni.
SPRON Verðbréf býður upp á
ýmsar fjárfestingarleiðir
og persónulega og faglega
ráðgjöf til að finna þá leið
sem þér hentar.



VERÐBRÉFASJÓÐIR – VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA – EIGNASTÝRING – **LÍFEYRIR** – FJÁRMÁLARÁÐGJÖF


Orkubúnt!
Outlander 4x4
• 2 lítra bensínvél
136 hestöfl
• Sítengt aldrif
• Álfelgur
• Þakbogar
• Vindskeið
... og margt fleira
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
OUTLANDER
Verð aðeins: 2.290.000 kr.
Komdu og prófaðu Outlander.
Skoðaðu líka Outlander með sjálfskiptingu
og Outlander Turbo - villidýr með glæsilegri
leðurinnréttingu og urrandi 200 hestafla vél.
MITSUBISHI OUTLANDER
DRIVE ALIVE
MITSUBISHI MOTORS
Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**ÚTRÁSARVÍSITALA 114,42 -0,04%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjaldmiðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 11,00 | Lev | 38,28 | 4,58% |
| Carnegie | Svíþjóð | 98,00 | SEK | 7,95 | -2,36% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 29,00 | SEK | 7,95 | 2,04% |
| deCode | Bandaríkin | 7,99 | USD | 61,32 | -9,28% |
| EasyJet | Bretland | 2,96 | Pund | 107,85 | -1,16% |
| Finnair | Finnland | 10,92 | EUR | 74,36 | 1,56% |
| French Connection | Bretland | 2,53 | Pund | 107,85 | -2,18% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 70,50 | SEK | 7,95 | -2,14% |
| Keops | Danmörk | 21,90 | DKR | 9,96 | 13,04% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,14 | Pund | 107,85 | -4,44% |
| NWF | Bretland | 6,15 | Pund | 107,85 | 0,99% |
| Sampo | Finnland | 13,13 | EUR | 75,59 | -0,53% |
| Saunalahti | Finnland | 2,48 | EUR | 74,36 | -0,03% |
| Scribona | Svíþjóð | 16,30 | SEK | 7,95 | 0,63% |
| Skandia | Svíþjóð | 40,00 | SEK | 7,95 | -0,12% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Laun hækka hraðast á Indlandi

## Búist er við að laun í Indlandi muni hækka um 7,3 prósent á næsta ári.

Laun í einkageiranum hækka hvergi eins hratt og á Indlandi samkvæmt nýrri könnun sem gerð var af breska ráðgjafarfyrirtækinu Human Resource Consulting. Búist er við að laun í Indlandi muni hækka um 7,3 prósent að teknu tilliti til verðbólgu á næsta ári. Ekkert bendir til þess að hægja muni á efnahagsvexti í landinu en verg landsframleiðsla hækkaði um 8,1 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs, heilu prósentustigi meira en spár gerðu ráð fyrir.

Hagfræðingar vara við því að hærri laun meðal indverskra sérfræðinga gætu ýtt undir verðbólgu þar sem hækkun launa þýði að fólk hafi meira milli handanna og það leiði til þenslu. Búist er við því að Seðlabanki Indlands hækki vexti úr 6 prósentum í 6,25 á næsta fundi sínum í lok október.

Eina landið sem kemst nálægt Indlandi í efnahagsvexti er Egyptaland en þar er búist við að laun hækki um 7,1 prósent á næsta ári. - hhs



**INDVERSK BÖRN** Ef þróunin heldur áfram á sömu braut munu indversk börn geta leyft sér töluvert meira en foreldrar þeirra.

# Spánverjarnir tekjuhæstir

## Real Madrid hefur skákað Manchester United sem tekjuhæsta fótboltafélag heims.

Real Madrid hefur nú tekið sæti Manchester United og þar með bundið enda á átta ára sögu hins síðarnefnda sem stærsti fótboltaklúbbur heims. Tekjur Real jukust um sautján prósent frá síðasta ársuppgjöri og námu 190 milljónum punda en tekjur Manchester United minnkuðu um 2,3 prósent milli ára og fóru niður í 169 milljónir punda.

Real Madrid hefur hagnast mikið á því að fá stórstjörnur á borð við David Beckham til liðs við sig og er það meðvituð stefna klúbbsins en helsta ástæða tekjuaukningarinnar er aukin sala á alls kyns smávöru. Auk þess hefur klúbburinn góða styrktarsamninga við stórfyrirtækin Siemens, Adidas og Pepsi. Manchester United hefur varað við að búast megi við aukinni tekjulækkun þar sem félagið býst við falli í fjölmiðlatengdum tekjum en spár benda til þess að heildartekjur Real Madrid muni aukast og standa í 204 milljónum punda í næsta uppgjöri. - hhs



**DAVID BECKHAM** Stórstjörnur í liði Real Madrid hafa hjálpað til við að gera félagið að tekjuhæsta fótboltaklúbbi heims.



**HÚS Í BYGGINGU** Það er mikið um að vera á fasteignamörkuðum víðar en á Íslandi.

# Ládeyða í Evrópu

## Stjórnarkreppa í Þýskalandi og hátt olíuverð urðu til að draga úr veltu í evrópskri smásöluverslun.

Velta í evrópskri smásöluverslun dróst saman í september í fyrsta skipti í þrjá mánuði samkvæmt athugun Bloomberg. Hátt olíuverð og stjórnarkreppa í Þýskalandi eru talin vera meginskýringar á dvínandi sölu. Ekki hjálpar heldur til að atvinnuleysi er mikið, nærri tvöfalt meira en í Bandaríkjunum.



**SMÁSALA MINNKAR** Íslendingar láta hátt olíuverð og stjórnarkreppu í Þýskalandi ekki hafa mikil áhrif á sig. Það gera Evrópubúar hins vegar.

Miklar væntingar hafa verið um að evrópska hagkerfið fari að rétta úr kútnum. Samdrátturinn varð meiri í Þýskalandi, stærsta hagkerfi Evrópu, en annars staðar. Kreppa ríkti í þýskum stjórnmálum að loknum þingkosningum en úr henni hefur nú verið leyst.

„Eftirspurn neytenda hefur ekki vaxið og ef það gerist ekki innan tíðar verður ekki sá uppgangur sem við höfum búist við," segir Paul Guest, sérfræðingur hjá Economy.com.

Allt bendir til þess að bandaríska hagkerfið vaxi meira en það evrópska í ár í þrettánda skipti á síðustu fjórtán árum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur verði 3,5 prósent í Bandaríkjunum og tvö prósent í Japan. Japanska hagkerfið mun vaxa meira en það evrópska - eþa

# Fasteignaverð á flug

## Mikið líf er á fasteignamörkuðum víða í Evrópu.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Allt bendir til þess að breski fasteignamarkaðurinn sé að lifna við á ný eftir að hafa staðnað í lok árs 2004. Nú fer íbúðaverð hins vegar hækkandi um þrjú prósent á ársgrundvelli. Þetta kemur fram í könnun frá Halifax-bankanum sem er einn stærsti fasteignalánveitandi á Bretlandi. Ákvörðun Breska seðlabankans um að lækka vexti í ágúst er talin hafa valdið því að rót komst á markaðinn og fleiri fóru að huga að húsnæðiskaupum. Sérfræðingar telja að vaxtalækkunin muni ekki hafa afgerandi áhrif á verðbólgu þar sem fasteignaverð þar í landi er enn mjög hátt í hlutfalli við laun auk minnkandi hagvaxtar þar að undanförnu.

Þróunin mun að öllum líkindum halda áfram á sömu braut þar sem Breski seðlabankinn hefur tilkynnt að umsóknir um íbúðalán hafi ekki verið fleiri í meira en ár, sem er almennt talið vísbending um áframhaldandi hækkanir.

Í Danmörku hefur biðtíminn aukist frá því íbúð er skoðuð og þangað til hún er keypt, sem hefur valdið vangaveltum í dönskum fjölmiðlum um það hvort hægjast sé á vexti fasteignamarkaðarins þar í landi. Sérfræðingar segja það þó ekki endilega merki um það heldur einfaldlega að með hækkandi verði taki lengri tíma að taka ákvörðunina um íbúðakaup þar sem skuldbindingin er meiri. Engin merki eru um að fasteignaverð fari lækkandi og virðist tiltrú neytenda á markaðinn enn vera sterk. Samkvæmt nýjum könnunum meðal íbúa Kaupmannahafnar kemur í ljós að 92 prósent íbúa telja víst að virði fasteigna þeirra muni aukast á næsta ári. - hhs

**Ákvörðun Breska seðlabankans um að lækka vexti í ágúst er talin hafa valdið því að rót komst á markaðinn og fleiri fóru að huga að húsnæðiskaupum.**

Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig




JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlendis og erlendis. Þéttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flýti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.

JÓNAR TRANSPORT
-um víða veröld
Kjalarvogi • Sími 535 8000
jonar@jonar.is • www.jonar.is



**FJÁRFEST Í VÖLLUM** Stuðningsmenn enskra fótboltaliða íhuga að kaupa heimavelli félaganna með því að nota lífeyriseign sína.

# Fjárfest í fótboltavöllum

## Áhangendur Bournemouth búa til lífeyrissjóð og bjarga klúbbnum.

Nokkrir gallharðir stuðningsmenn knattspyrnuliðsins Bournemouth, sem leikur í ensku annarri deildinni, ætla að búa til lífeyrissjóð í samvinnu við líftryggingafélagið Standard Life með því að kaupa heimavöll liðsins, The Fitness First Stadium.

Leggja þeir fram fimmtíu þúsund punda lífeyriseign á mann og ætla að safna samanlagt tveimur milljónum punda en að auki tekur sjóðurinn 3,6 milljóna punda lán. Alls hafa 35 áhangendur félagsins skuldbundið sig til að leggja fram lífeyrinn sinn og vantar aðeins fimm í viðbót.

Um fimm milljónir punda þarf til að kaupa heimavöll Bournemouth og landsvæði í kringum völlinn. Völlurinn verður svo leigður félaginu til níu mánaða í senn fyrir 360 þúsund pund á ári en félagið losar á móti fjármagn sem er bundið í fasteignum og lagar erfiða fjárhagsstöðu sína verulega.

Fleiri knattspyrnulið fylgjast grannt með gangi mála, þar á meðal Brighton & Hove Albion og Chesterfield. „Ef hægt verður að nota lífeyriseign til að styðja liðið fjárhagslega erum við tilbúnir að skoða hugmyndina,“ segir Alan Walters, fjármálastjóri hjá Brighton, við The Sunday Telegraph. - **eþa**

SÖGUHORNIÐ

# Októberfest í fyrsta sinn

Dagana 12.-17. október árið 1810 var Októberfest haldin hátíðleg í fyrsta sinn í München í Þýskalandi til að fagna brúðkaupi Lúðvíks fyrsta prins Bæjaralands og prinsessunnar Theresu af Sachsen-Hildburghausen. Hátíðin sló rækilega í gegn og hefur síðan verið haldin árlega með nokkrum undantekningum vegna stríða, sjúkdómsfaraldra og annarra óhjákvæmilegra aðstæðna.

Nú á tímum er Októberfest oftast haldin í septembermánuði til að krækja í endann á sumrinu, sem ýtir enn meira undir vinsældir hátíðinnar. Hún teygir sig yfir tveggja vikna tímabil og lýkur hinn 3. október, á þjóðhátíðardegi Þýskalands.

Margar aðrar borgir í Evrópu halda svipaðar hátíðir en bjórhátíðin í München skákar þeim öllum í stærð. Borgin tekur stakkaskiptum þegar hún gengur í garð enda flykkjast þangað um sex til sjö milljónir manna alls staðar að til að taka þátt í þessu mesta bjórsvalli heims. Hátíðargestir renna niður hvorki meira né minna en 5,7 milljónum lítra af bjór auk þess að innbyrða gífurlegt magn af mat. 220 þúsund pylsur og 460 þúsund steiktir kjúklinga hverfa ofan í svanga og þyrsta hátíðargesti.

Sérstakur bjór sem ber nafnið Märzen er sérstaklega bruggaður fyrir Októberfest og seldur í tjöldum sem brugghús borgarinnar setja upp. Hann er eilítið sterkari og dekkri en venjulegur bjór og borinn fram í eins lítra krúsum sem algengt er að hátíðargestir reyni að taka með sér heim til minja. Það er stranglega bannað og lögreglan þarf að hafa sig alla við til að hirða krúsir af fólki um alla borg. Borgarstjórinn í München opnar ætíð fyrstu flöskuna formlega með orðunum „O'zapft is“ – „hann er opnaður“ og setur þannig hátíðina. - **hhs**



**ÞJÓNUSTUSTÚLKA BER FRAM BJÓR Á OKTÓBERFEST** Árlega renna hátíðargestir niður um 5,7 milljónum lítra af bjór og borða 220 þúsund pylsur.

BMW 1 línan

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

BMW 1 línan er númer eitt í margs konar skilningi. Hún er fyrsta línan af mörgum frá BMW og um leið sú smæsta. Hún er fyrsta fimmdyra bifreiðin sem kemur frá BMW og jafnframt fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum stærðarflokki. Í þeim flokki er hún enn fremur sú fyrsta sem er afturhjóladrifin með jafna 50:50 þyngdardreifingu og þá er hún fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum verðflokki. Þar með er sagan þó ekki öll, því 1 línan er í fararbroddi á enn fleiri sviðum.

BMW 1 línan er fyrst bifreiða til að búast iPod nano frá Apple. Vertu fyrst/ur til að fá þér BMW 118iA nano.




iPod nano



BMW 118iA nano

**118iA nano, kr. 2.990.000**

2000 cc. 129 hö, metallic lakk,16" álfelgur, BMW geislaspilari, sjálfskipting, Runflat öryggisdekk, 8 loftpúðar, DSC stöðugleikastýring, DTC spyrnustýring, ABS aflhemlar með CBC og DBC, leðurklætt sportstýri, armpúði milli sæta, aksturstölva, starthnappur, samlitur, BMW mottur, iPod tengi, iPod nano mp3 spilari frá Apple.

**B&L Grjóthálsi 1 sími 575 1200 www.bl.is**

Með bílinn handa þér



# Vélmenni verslar

Japanski vélmennaframleiðandinn TMSUK og NTT Communications hafa sameiginlega skapað það sem verslunarglaðar konur og menn hafa beðið lengi eftir. Uppfinningin er þjónustuvélmenni sem er sérstaklega til þess gert að aðstoða við innkaupin. Það gerir í raun ekki annað en að elta eiganda sinn um verslunina og halda á þungum pokunum fyrir hann meðan hann skoðar sig um.

Vélmennið verður fyrst prófað í febrúar á næsta ári í verslunarmiðstöðinni Diamond Citicle nálægt alþjóðaflugvellinum Fukuoka. - hhs

# Motorola hagræðir

**Nú hefur alþjóðlega stórfyrirtækið Motorola tilkynnt að það hyggist skera niður um 1.900 stöðugildi í starfsstöðvum sínum víðs vegar um heim. Ákvörðunin var tekin í kjölfarið á endurskipulagningu á birgðakeðju fyrirtækisins sem á að skila sér í meiri skilvirkni í framleiðslu. Allt í allt hafa breytingarnar áhrif á 29 Motorola-starfsstöðvar víðs vegar um heim. Hjá fyrirtækinu störfuðu um 150 þúsund manns árið 2001 en eftir niðurskurðinn nú munu 68 þúsund starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu.** - hhs




# Mæla með snuðnotkun

## Samtök barnalækna hafa gefið út nýjar leiðbeiningar gegn vöggudauða.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Að gefa börnum snuð fyrir svefninn gæti dregið úr hættunni á vöggudauða. Þetta kemur fram í grein netrits Forbes sem byggir á samantekt nefndar á sjö rannsóknum á tengslum vöggudauða og snuðnotkunar. Þrátt fyrir að snuðnotkun geti ýtt undir eyrnabólgu, tann- og brjóstagjafarvandamál sé ábatinn af því að nota snuð meiri.

Ekki er vitað með vissu hvað það er við snuðnotkun sem dregur úr hættunni á ungbarnadauða en um það eru uppi ýmsar kenningar. Ein þeirra er að við það að sjúga snuðið færist tungan framar í munninn og við það opnist öndunarvegur barnsins betur. Önnur kenning er að þegar börn sjúga snuð falli þau ekki í eins djúpan svefn og auðveldara sé að vekja þau.

Samtök bandarískra barnalækna höfðu rannsóknirnar til hliðsjónar við útgáfu nýjustu leiðbeininga sinna til að koma í veg fyrir vöggudauða. Auk þess að mæla með snuðnotkun barna fyrir svefninn brýna þau fyrir foreldrum ungbarna að láta þau ekki sofa á hlið, eins og ekki fyrir alls kostar löngu þótti eðlilegt, heldur ættu þau að sofa á bakinu. Ungbörn eiga samkvæmt þeim heldur ekki að sofa uppí hjá foreldrunum nema þegar verið er að gefa þeim eða hugga þó að mælt sé með að þau sofi í vöggu við hlið rúms foreldranna. Þar að auki er bent á að til að koma í veg fyrir köfnun eigi ekki að hafa mjúka og stóra hluti í vöggu barnsins.



**NÝJAR RANNSÓKNIR Á VÖGGUDAUÐA** Ýmislegt bendir til þess að snuðnotkun geti dregið úr líkum á vöggudauða.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD



# VELDU RÉTTU FORMÚLUNA. STÝRÐU VOLVO S60.

Formúla Alberts Einstein um orkuígildi massa er ein frægasta formúla allra tíma. Áratugum saman hefur Volvo leitað sannleikans líkt og Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Eðlisfræði og eiginleikum formúlunnar eru stærðfræðingum Volvo vel ljósar enda býr Volvo yfir fullkomnustu öryggisrannsóknarmiðstöð á sviði bílaþróunar. Volvo er frumkvöðull og leiðandi á sviði öryggismála sem aðrir bílaframleiðendur taka mið af. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

## Volvo er fögur stærðfræði

Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af fjölskyldubílnum Volvo S60 - Volvo S60R. Prófaðu sportlega eiginleika Volvo S60 og þú skilur hvað átt er við með réttri formúlu. Reiknaðu út smáatriðin, vökvastýrt velti- og aðdráttarstýrið, ABS hemlakerfið sem búið er EBD hemlajöfnun auk SIPS hliðarárekstrarvarnar. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina, sætin, rafeindastýrðu DSTC stöðugleikastýringuna og spólvörnina, sjálfvirka hleðslujafnarann, tölvustýrða loftkælinguna, hitastýringuna og lofthreinsikerfið, hraðastillinn, rafstýrðu bílbeltastrekkjarana og allan annan staðalbúnað Volvo S60, sem hinir vandlátu gera skýlausa kröfu um vegna öryggis, gæða og þæginda fyrir sig og fjölskylduna. Veldu rétt. Komdu í Brimborg.

Skoðaðu 5 strokka 180 hestafla vélina með forþjöppu. Og verðið! Meðal staðalbúnaðar eru atriði sem aðeins eru boðin sem aukabúnaður í sumum tegundum annarra bílamerkja sem bera sig saman við Volvo S60. Volvo S60 er engum öðrum líkur, hann uppfyllir þarfir þínar sem gerir kröfu um sportlegan og öruggan fjölskyldubíl á skynsamlegu verði án þess að þurfa að fórna gæðum og þægindum lúxusbílsins. Veldu Volvo S60.

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af Volvo S60 - Volvo S60R sem er öðruvísi að innan sem utan.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S60 bensín.
Verð frá 3.520.000 kr.***

**Volvo S60 dísil.
Verð frá 3.970.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Myndráðstefnur í síma

## Nýjasti síminn frá Sony Ericsson kemur á markaðinn innan skamms.

Sony Ericsson kynnti á mánudaginn til sögunnar nýjustu kynslóð smartsímans – Sony Ericsson P990. Smartsímunum sem á undan komu frá Sony Ericsson var vel tekið af markaðnum og miðað við þá eiginleika sem nýi síminn býr yfir má búast við að hann hljóti ekki verri viðtökur.

Í nýja símanum er 80 MB minni og fylgir þar að auki með 64 MB minnisstafur með innbyggðri vírusvörn. Notast er við svokallaða UMTS-tengingu sem gerir notandanum kleift að halda myndráðstefnur, hala niður hljóð- og myndefni á netinu þráðlaust og skoða heimasíður í fullum gæðum. Hægt verður að ná í tölvupóstinn sinn með viðhengjum hvar sem er og auðvelt verður að skoða og vinna með gögn í símanum þar sem hann býr yfir 2,8 tommu snertiskjá. Jafnvel er hægt að hala niður og senda gögn á sama tíma og talað er í símann. Þessu til viðbótar er á símanum lyklaborð til að auðvelda notendum að skrifa tölvupóst og hann býr einnig yfir 2 megapixla myndavél.

Sony Ericsson P990-smartsíminn er væntanlegur á markað á fyrsta ársfjórðungi 2006. - hhs



**NÝJASTA ÚTSPIL SONY ERICSSON** Í nýja símanum er meðal annars hægt að skoða heimasíður í fullum gæðum.

# Afkastameiri örgjörvi

## Intel lætur tvo örgjörva á hverja kísilflögu.

**Tölvurisinn Intel mun á mánudag koma fram með nýja gerð Xeon-miðlaraörgjörva samkvæmt netútgáfu The New York Times. Í nýju útgáfunni eru tveir örgjörvar settir á hverja kísilflögu í stað eins. Bregst fyrirtækið þannig við samkeppni frá Advanced Micro Devices, sem kynnti til sögunnar fyrstu tveggja örgjörva flöguna síðasta vor. Tæknin sem um ræðir eykur afkastagetu miðlara um allt að fimmtíu prósent auk þess að minnka líkur á ofhitnun örgjörvanna.**

**Fulltrúar Intel hafa þar að auki tilkynnt um að ný og enn afkastameiri tegund Xeon-miðlaraörgjörvans sem notast við fleiri örgjörva muni líta dagsins ljós í upphafi árs 2006. Í kjölfarið á því kemur svo enn þróaðri útgáfa sem mun nota minni orku en fyrri gerðir hans. Tölvurisarnir Dell og IBM hafa báðir tilkynnt að þeir muni hafa nýjustu gerð Xeon-örgjörvans í tölvum sínum í framtíðinni. - hhs**




**NÝ GERÐ XEON-MIÐLARAÖRGJÖRVA** Afkastageta miðlara eykst um allt að fimmtíu prósent auk þess að líkur á ofhitnun örgjörvanna minnka.

# Nano veldur glæpum

**Hinn nýi iPod Nano frá Apple nýtur nú þegar gríðarlegra vinsælda í Bretlandi eins og annars staðar. Hann er einnig vinsæll meðal óprúttinna einstaklinga og því hefur götuglæpum í London og öðrum borgum í Bretland fjölgað frá því hann kom til sögunnar. Þar sem ástandið er verst hefur glæpum fjölgað um allt að fjörutíu prósent frá árinu 2004 og þjófnuðum bara á iPod-um fimmfaldast. Þetta kemur fram á fréttasíðu Google. Í flestum tilfellum eru fórnarlömb þjófnaðanna börn og unglingar. - hhs**









VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is




**ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR** KB banka er spáð mestum hagnaði á þriðja ársfjórðungi. Því er spáð að hagnaður helstu Kauphallarfélaga nemi um 33 milljörðum króna og vaxi um fimmtíu prósent á milli ára.

# Fyrirtækjum spáð 33 milljarða hagnaði

## Heildarhagnaður eykst um helming á milli ára. Sex félög hagnast yfir tvo milljarða og sem fyrr græða fjármálafyrirtæki á tá og fingri en ekkert eins mikið og KB banki. Eggert Þór Aðalsteinsson skoðaði afkomuspár greiningardeilda viðskiptabankanna.

Greiningardeildir viðskiptabankanna gera allar ráð fyrir stórauknum hagnaði á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra og er spáð áframhaldandi góðæri á hlutabréfamarkaði á næsta ári. Í lok næstu viku hefst uppgjörstímabil í Kauphöllinni þegar Nýherji ríður á vaðið.

Alls nemur heildarhagnaður fyrirtækja í Kauphöll Íslands um 33 milljörðum króna að meðaltali, sem er helmingi hærri upphæð en á þriðja ársfjórðungi í fyrra, og sem fyrr eru það fjármálafyrirtækin sem mynda stærstan hluta þess hagnaðar sem fellur fyrirtækjunum í skaut.

### BANKAR Í FLUGGÍR

KB banki mun hagnast mest, um 9,2 milljarða króna, og verður þá hagnaður bankans á fyrstu níu mánuðunum kominn í 34 milljarða króna, sem er mesti hagnaður sem sést hefur hérlendis. Bankinn skilaði einnig bestri afkomu á fyrsta ársfjórðungi. Gert er ráð fyrir að innkoma Singer & Friedlander komi að fullu inn í uppgjörið og skili miklum vexti í þóknunartekjum. Íslandsbanki reiknar með að arðsemi eigin fjár verði um 25 prósent á árinu, sem er vel umfram markmið KB banka.

Því er spáð að afkoma Íslandsbanka og Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka verði um 4,3 milljarðar fyrir hvort félag fyrir sig. Hagnaður Íslandsbanka vex samkvæmt meðaltalsspánni um tæp þrjátíu prósent á milli ára en um nærri fjörutíu prósent í tilviki fjárfestingarbankans. Landsbankinn reiknar með að gengishagnaður Straums-Burðaráss verði um 5,6 milljarðar á tímabilinu.

Landsbankinn mun hagnast um 3,7 milljarða gangi spáin eftir. Það er nokkru minni hagnaður en á sama tíma í fyrra. Bankinn hagnaðist um ellefu milljarða á fyrri ársins þannig að hagnaður hans nálgast fimmtán milljarða fyrir árið í heild.

Hagnaður Tryggingamiðstöðvarinnar hækkar hlutfallslega mest; fer úr 127 milljónum króna í 2,6 milljarða á milli ára. Aukningin skýrist af miklum hagnaði af fjármálastarfsemi en til dæmis er áætlað að gengishagnaður TM af eignarhlut í Landsbankanum slagi hátt í tvo milljarða þar sem bankinn hækkaði um þrjátíu prósent á þriðja fjórðungi.

### FL GROUP Í SÉRFLOKKI

Það kemur eflaust á óvart að það skuli vera FL Group sem er spáð næstmestum hagnaði allra félaga á fjórðungnum þegar haft er í huga að fjármálafyrirtæki hafa skipað efstu sæti hagnaðarlistans undanfarin misseri. Rekstur FL Group líkist þó æ meira rekstri fjármálafyrirtækis vegna mikillar áherslu á fjárfestingarstarfsemi. Félaginu er spáð miklum hagnaði af gengishagnaði af hlutabréfaeign í fjármálafyrirtækjum innanlands og hækkunum á hlutabréfum í easyJet.

Actavis eykur hagnað sinn verulega á milli ára. Félaginu er spáð tveimur milljörðum í hagnað, sem er um 67 prósenta aukning frá fyrra ári. Verður fróðlegt að sjá hvort fyrirtækið standi undir væntingum en uppgjör þess síðustu misserin hafa ekki verið í takt við vonir markaðarins. Bandaríska samheitafyrirtækið Amide, sem Actavis festi kaup á á öðrum ársfjórðungi, skilar samstæðunni miklum tekjuauka og hærri framlegð.

Bakkavör Group tvöfaldar nærri hagnað sinn á milli ára og mun hann nema um átta hundruð milljónum króna. Kemur Geest að fullu inn í rekstur Bakkavarar á fjórðungnum. Önnur framleiðslufyrirtæki skila minni hagnaði og lítur út fyrir að afkoma bæði Marels og Össurar lækki á milli ára.

HB Grandi hagnast um 580 milljónir króna en ætla má að gengishagnaður af erlendum lánum vegna styrkingar krónunnar leiki þar stórt hlutverk.

SÍF er eina félagið sem skilar tapi vegna erfiðleika í laxi en því er spáð að tap þess nemi rúmum þrjú hundruð milljónum króna.

### METGRÓÐI Á ÖLLUM STÖÐUM

KB banki reiknar með að hagnaður þeirra sautján félaga sem hann spáir fyrir um verði 25 milljarðar króna á árshlutanum og hækki um helming á milli ára. Þetta er nokkuð lægri upphæð en hjá hinum bönkunum, sem skýrist að mestu leyti af því að bankinn spáir ekki fyrir um eigin rekstur. FL Group mun skila mestum hagnaði eða 5,4 milljörðum en þar á eftir koma Íslandsbanki og Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki með um 4,4 milljarða.

Landsbankinn gerir ráð fyrir að hagnaður á þriðja ársfjórðungi þessa árs verði 65 prósentum hærri en á sama tímabili í fyrra. Alls gerir bankinn ráð fyrir að heildarhagnaður þeirra sextán félaga sem hann spáir fyrir um verði um 29 milljarðar króna á tímabilinu.

Sem fyrr eru það fjármálafyrirtæki sem draga vagninn. Mesta hagnaðaraukingin í krónum talið verður hjá KB banka, sem mun hagnast um rétt tæpa 9,5 milljarða króna. Það er 2,9 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra.

Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að fimmtán félög skili 29 milljarða hagnaði, þar af skili KB banki níu milljörðum. Nokkrir þættir munu hafa áhrif á hvernig þróun hlutabréfaverðs verði á næstunni og nægir þar að nefna framboð á nýju hlutafé, rekstrarárangur í útrásarverkefnum, hækkandi skammtímavexti og sterka krónu.

### ÓSAMMÁLA UM ÞRJÚ FÉLÖG

Afkomuspám greiningardeildanna þriggja ber í flestum tilvikum vel saman en þegar rýnt er nánar í þær skera þrjú félög sig úr; FL Group, HB Grandi og Össur. KB banki spáir því að FL Group hagnist um 5,4 milljarða, sem er langt yfir spám Íslandsbanka og Landsbankans sem spá 4,3-4,5 milljörðum. Greiningardeild KB banka er einnig á öndverðum meiði þegar kemur að afkomu HB Granda. Íslandsbanki og Landsbankinn spá um 730 milljóna króna hagnaði en KB banki um 280 milljónum.

Hagnaður Össurar verður að mati Íslandsbanka um 180 prósentum meiri en Landsbankinn áætlar. Meðaltalshagnaður Össurar verður 83 milljónir en Íslandsbanki spáir því að hagnaður hans verði 127 milljónir en Landsbankinn 45 milljónir.

Aðeins KB banki spáir fyrir um afkomu Jarðborana, sem eru í Úrvalsvísitölunni. Markaðsvirði Jarðborana er um níu milljarðar króna, sem er litlu minna en verðmæti Kögunar, sem er undir smásjánni hjá öllum aðilum. Finna má þess dæmi að félög sem eru minni að markaðsvirði en Jarðboranir fái meiri athygli frá greiningardeildum. Engin greiningardeild spáir fyrir um afkomu Flögu Group.

Væri það til hagsbóta fyrir fjárfesta ef greiningardeildir gæfu út mat sitt á afkomu allra félaga sem mynda Úrvalsvísitöluna, vegna mikilvægis þeirra á hlutabréfamarkaði.

**KB banki mun hagnast mest, um 9,2 milljarða króna, og verður þá hagnaður bankans á fyrstu níu mánuðunum kominn í 34 milljarða króna, sem er mesti hagnaður sem sést hefur hérlendis.**

**AFKOMUSPÁR BANKANNA FYRIR ÞRIÐJA FJÓRÐUNG – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| Félag | Hagnaðarspá 3. ársfj. 2005 | Hagnaður 3. ársfj.2004 | Aukning |
|---|---|---|---|
| Actavis | 2.051 | 1.228 | 67% |
| Bakkavör | 810 | 434 | 87% |
| FL Group | 4.738 | 2.670 | 77% |
| HB Grandi | 580 | 78 | 640% |
| Icelandic | 119 | 241 | -50% |
| Íslandsbanki | 4.228 | 3.308 | 28% |
| KB banki | 9.231 | 6.577 | 40% |
| Kögun | 84 | 53 | 8% |
| Landsbanki | 3.738 | 5.660 | -34% |
| Marel | 124 | 154 | -20% |
| Mosaic Fashions | 700 | - | - |
| Og fjarskipti | 279 | 122 | 129% |
| SÍF | -316 | -1.737 | - |
| Straumur | 4.351 | 3.141 | 39% |
| Tryggingamiðstöðin | 2.631 | 127 | 1972% |
| Össur | 83 | 338 | -76% |
| **Samtals:** | **33.430** | **22.394** | **49%** |

* Meðaltalshagnaður

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
12,7%*
Verðbréf 3 - Peningamarkaður
*Nafnávöxtun frá 1. sept. 2005 - 30. sept. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða síðustu 1, 3, 6 og 12 mánuði skv. sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.






# Heildarlausnir fyrir fundarherbergi

## BETRI HLJÓÐ- OG MYNDLAUSNIR

**Veldu traustan samstarfsaðila og faglega ráðgjöf sérfræðinga**

### Lausnir sem mæta kröfum notenda og bæta árangur

Fundarherbergi nútímans kalla á ákveðnar hljóð- og myndlausnir til að mæta kröfum notenda sem vilja ná athygli og þar með auknum árangri í viðskiptum. Því skiptir afar miklu máli að velja traustan samstarfsaðila sem getur boðið heildarlausnir á þessu sviði.

### Þekking og reynsla í fyrirrúmi

Starfsmenn Nýherja búa yfir mikilli reynslu og tækniþekkingu við hönnun og uppsetningu á hljóð- og myndlausnum. Hafa þeir komið að flestum helstu verkefnum á þessu sviði hér á landi á undanförnum árum. Má þar nefna ráðstefnusali og upplýsingakerfi á Nordica hotel, ráðstefnusal Íslenskrar erfðagreiningar, ráðstefnu- og fjarfundarbúnað í Barnaspítala Hringsins og KB banka, fundarsali hjá Landsvirkjun, Alcan á Íslandi og Orkuveitunni, skólastofur í Menntaskólanum við Sund og Menntaskólanum í Kópavogi.

### Rétti samstarfsaðilinn er lykilatriði

Myndin að ofan sýnir þá möguleika sem eru í boði þegar kemur að hönnun fundarherbergja. Lykilatriðið er þó að velja rétta samstarfsaðilann sem uppfyllir þínar kröfur.

**Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu hljóð- og myndlausninni.**

**Síminn er 569 7700 og netfangið er myndlausnir@nyherji.is**

**NÝHERJI**

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



# Krónan er viðskiptahir

**Það vakti athygli þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði það jafngilda hverri a halda í íslensku krónuna og rétt væri að taka upp evruna. Ummælin virðast ekki mæta eins harðri andstöðu krónunnar, mikill vaxtamunur við útlönd og óstýrilát verðbólga kunna að vera skýringarnar á því að mati *Bjö***

**Til þess að fullyrða megi að Ísland sé hagkvæmt gjaldmiðlasvæði þarf að sýna fram á svo að hafið sé yfir vafa að þjóðhagslegur ávinningur af sjálfstæðri peningastefnu sé ekki aðeins jákvæður heldur vegi hann þyngra en ávinningur þess að ryðja úr vegi þeirri viðskiptahindrun sem óstöðugur gjaldmiðill er, segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands.**

Ísland er eitt minnsta gjaldmiðlasvæði heims og því hafa margir spurt sig hvort hagkvæmt sé að hér sé notaður sérstakur gjaldmiðill. Helst hefur verið horft til kosta og galla þess að ganga inn í myntbandalag Evrópu (EMU) í því samhengi og taka hér upp evru sem gjaldmiðil. Þó hægt sé að taka upp evru einhliða sem lögeyri á Íslandi án þess að ganga inn í Evrópusambandið finnst hagfræðingum sem Markaðurinn talaði við það óráðlegt og ótrúverðug leið. Stofnanaleg aðkoma íslenskra stjórnvalda að bankaráði Seðlabanka Evrópu yrði ekki fær og Alþingi gæti ekki krafist ábyrgðar af hendi bankans – hvort sem hlustað yrði á þær raddir eða ekki. Af þeim sökum verður því að ræða um leið aðild Íslands að Evrópusambandinu í þessu samhengi, sem er skilyrði fyrir aðild að myntbandalaginu. Sú spurning snýr fremur að pólitík en hagfræði.

Umræðan um það hvort Ísland eigi að taka upp evru hefur að mestu leyti snúist um þrennt.

Í fyrsta lagi er spurt hvort hagsveiflan á Íslandi sé sambærileg hagsveiflu svokallaðra evrulanda. Í því sambandi velta hagfræðingar og aðrir fyrir sér hvort vaxtastefna Seðlabanka Evrópu muni vera í samræmi við hagsveifluna á Íslandi. Sem dæmi eru vextir í dag mjög lágir í Evrópu en háir á Íslandi. Miðast vaxtastefnan þá oft við stóru evrulöndin, Frakkland og Þýskaland, þar sem lágir vextir eiga að ýta undir eftirspurn í hagkerfi þessara landa og fleiri. Þessu er öfugt farið á Íslandi þar sem Seðlabanki Íslands reynir að draga úr eftirspurn til að slá á verðbólgu. Eins og staðan er núna er hagsveiflan því ekki samhverf í þessum ríkjum.

**ATVINNA HANDA ÖLLUM**

Jafnframt er spurt um hvort vinnumarkaðurinn á Íslandi sé nógu sveigjanlegur til að þola það að sjálfstæðar peningamálaaðgerðir Seðlabankans yrðu engar. Þó markmið Seðlabankans sé að halda hér verðstöðugleika er það mikið kappsmál stjórnmálamanna að halda atvinnuleysi í algjöru lágmarki og undir því sem telst æskilegt fyrir jafnvægi í efnahagslífinu. Meðal annars sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í síðustu viku að hann væri ekki svo ósáttur við verðbólguna því nær allir hefðu vinnu. Það væri það mikilvægasta í hans huga. Með upptöku evrunnar yrði þetta líklega að snúast við því atvinnuleysi þyrfti til svo sveigjanleiki launa yrði tryggður og þau gætu lækkað þegar á þyrfti að halda. Annars gæti orðið hér svokallað kreppuatvinnuleysi þegar launakröfur eru ekki í samræmi við efnahagsástand á hverjum tíma.

Þriðja atriðið sem oft er nefnt í þessu sambandi er viðskiptakostnaðurinn við að halda úti sérstökum gjaldmiðli sem Ingibjörg Sólrún sagði vera eins og hverja aðra viðskiptahindrun í tilviki krónunnar. Það tengist líka vaxtamuninum við útlönd. Það síðarnefnda hefur verið mjög til umfjöllunar meðal starfsfólks fjármálafyrirtækja að undanförnu þar sem erlendir fjárfestar nýta sér mikinn vaxtamun til að ávaxta háar fjárhæðir á íslenskan mælikvarða. Þessi munur stafar af því að hér á landi eru vextir háir til að slá á þenslu en lágir í Evrópu eins og áður sagði. Hafa verið gefin út skuldabréf erlendis í íslenskum krónum fyrir um áttatíu milljarða króna. Ekki er enn ljóst hvaða áhrif þessi útgáfa hefur til lengri tíma á gengi krónunnar þegar umsvifin í hagkerfinu minnka og gengið lækkar aftur.



# Tólf evrulönd




Höfuðmarkmið Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU) er samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins að styrkja stöðugleika og aðstæður fyrir varanlegan efnhagslegan vöxt í Evrópu. Aðeins ESB-lönd geta verið aðilar að EMU og eru tólf þeirra það nú þegar: Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Spánn, Þýskaland og Grikkland.

Kjósendur í Svíþjóð höfnuðu því að taka upp evru sem gjaldmiðil í sínu landi. Andstaða hefur líka verið við málið í Danmörku. Engin þjóð sem á aðild að EMU hefur kosið þessa mynt yfir sig með beinum kosningum. Bretar hafa ekki kosið um málið og hyggjast ekki gerast aðilar í bráð.

Þann 1. janúar árið 2002 komu fram á sjónarsviðið peningaseðlar og mynt í evrum og gömlu gjaldmiðlarnir hurfu svo úr umferð hinn 28. febrúar.

Skilyrðin fyrir aðild að EMU voru sett fram í Maastricht-sáttmálanum en þeim er ætlað að tryggja að ekki sé of mikill munur á efnahagslífi þátttökuríkjanna. Þau taka til verðbólgu, skulda hins opinbera, langtímavaxta, gengisstöðugleika og jafnvægis í ríkisrekstri.

# ıdrun

## narri viðskiptahindun að
## g við mátti búast. Hátt gengi
## *ıvins Guðmundssonar.*

### LEIÐIR TIL VELFERÐARTAPS

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir flesta halda því fram að viðskiptakostnaðaður ráðist að miklu leyti af umfangi utanríkisviðskipta. Ef lítil lönd þurfi að hafa mikil viðskipti við umheiminn sé hagræði þeirra af þátttöku í gjaldmiðlabandalagi meira en stærri ríkja, sem séu að miklu leyti sjálfum sér nóg. Þessi skilningur sé of þröngur að hans mati. Horfa verði til fleiri þátta.

Í grein sem Arnór skrifaði í Fjármálatíðindi Seðlabankans seint á síðasta ári segir hann gjaldmiðlaóvissu líklega til að draga úr utanríkisviðskiptum. Sjálfstæður og sveiflukenndur gjaldmiðill virðist þannig vera umtalsverð viðskiptahindrun með öllu því velferðartapi sem viðskiptahindranir hafi í för með sér. Almennt séð frá fræðilegu sjónarhorni leiði lítil gjaldmiðlasvæði því til velferðartaps af ýmsum toga.

Arnór segir að flestir gefi sér að ávinningur af sjálfstæðri peningastefnu felist fyrst og fremst í því að geta hugsanlega stuðlað að minni sveiflum í ráðstöfunartekjum, atvinnu og einkaneyslu. Ávinningurinn sé meiri eftir því sem hagsveiflur viðkomandi lands og helstu viðskiptalandi séu ólíkari. En hann bendir á hvað takmarki þörfina fyrir sjálfstæða peningastefnu þrátt fyrir að hagkerfi séu ólík og ytri þættir hafi mismunandi áhrif á efnahagslífið, til dæmis hrun á verði sjávarafurða sem hefur skipt Íslendinga miklu máli í gegnum áratugina.

### HREYFANLEGIR FRAMLEIÐSLUÞÆTTIR

Arnór segir að þær stórframkvæmdir sem nú standi yfir hér á landi sýni glögglega hve hreyfanleiki vinnuafls hafi aukist á undanförnum árum. Þátttaka í gjaldmiðlabandalagi auðveldi hreyfanleika vinnuafls enn frekar. Með hreyfanleika fjármagns megi ná sama markmiði og með hreyfanleika vinnuafls. Meðal annars af þessu megi draga þá ályktun að tölverð óvissa hljóti að ríkja um hvort hægt sé í reynd að draga merkjanlega úr sveiflum í einkaneyslu með sjálfstæðri peningastefnu. Hreyfanleiki framleiðsluþátta, eins og fjármagns og vinnuafls, ætti einnig að draga verulega úr þörf fyrir sveigjanlegt gengi.

Síðar í greininni segir Arnór: „Af ofangreindu verður að draga þá ályktun að því fari fjarri að hægt sé að ganga út frá því sem vísu að sjálfstæð peingastefna í smáríki með fljótandi gengi dragi úr sveiflum í einkaneyslu, atvinnu, ráðstöfunartekjum eða þjóðarbúskapnum í heild miðað við það sem yrði uppi á teningnum væri landið hluti af gjaldmiðlabandalagi, Efnahags- og myntbandalagi Evrópu í tilfelli Íslands.“

### RYÐJA KRÓNUNNI ÚR VEGI

Til þess að fullyrða megi að Ísland sé hagkvæmt gjaldmiðlasvæði segir Arnór að sýna þurfi fram á svo að hafið sé yfir vafa að þjóðhagslegur ávinningur af sjálfstæðri peningastefnu sé ekki aðeins jákvæður heldur vegi hann þyngra en að ryðja úr vegi þeirri viðskiptahindrun sem óstöðugur gjaldmiðill sé.

Þessi orð Arnórs benda til þess að hann telji þau þrjú atriði sem nefnd voru hér í upphafi greinarinnar ekki það veigamikil að þau standi í vegi fyrir því að Íslendingar taki upp evru. Þeir sem það telji verði að sýna fram á að ávinningur af sjálfstæðri peningastefnu sé ekki aðeins jákvæður heldur vegi hann þyngra en sú viðskiptahindrun sem krónan er.

Í sama tölublaði Fjármálatíðinda og grein Arnórs birtist fjalla Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur í Seðlabankanum, og Francis Breedon í Tanaka Business School um krónuna og utanríkisviðskipti. Þeir segja að augljósasta ástæðan fyrir upptöku sameiginlegrar myntar sé sú að gengissveiflur hverfi, sem dragi úr óvissu og áhættu í utanríkisviðskiptum. Sameiginleg mynt eyði eða dragi að minnsta kosti úr viðskiptakostnaði við að skipta á milli gjaldmiðla. Það auki gagnsæi í viðskiptum. Betri upplýsingar sem felist í alþjóðlegu verði auki alþjóðlega sérhæfingu og samkeppni.

### AUKIN UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Þeir Þórarinn og Breedon skoðuðu möguleg áhrif á utanríkisviðskipti Íslendinga ef Ísland gengi inn í Evrópusambandið og evra yrði tekin upp sem gjaldmiðill. Samkvæmt þeirra niðurstöðum má ætla að viðskipti Íslendinga við önnur aðildarlönd myntbandalagsins gætu aukist um allt að sextíu prósent við það að ganga í ESB og EMU. Um helming áhrifanna má rekja til aðildar að ESB og hinn helminginn til upptöku evrunnar.

Þeir segja að hagræn áhrif þessara auknu viðskipta væru líklega ekki mikil ef þau væru eingöngu á kostnað viðskipta við önnur lönd sem standi utan myntbandalagsins. Hins vegar bendi rannsóknir sem þeir vísa til til þess að viðskipti við lönd utan bandalagsins gætu aukist.

„Því virðist mega ætla að aukin viðskipti Íslendinga við EMU-ríki í kjölfar inngöngu í myntbandalagið verði ekki á kostnað viðskipta við önnur lönd. Miðað við fyrrgreindar tölur um núverandi hlutdeild utanríkisviðskipta í landsframleiðslu og hlutdeild viðskipta við ESB-ríki í þeim viðskiptum má ætla að hlutfall utanríkisviðskipta af landsframleiðslu gæti aukist um tólf prósentur, sem svara um það bil einum milljarði Bandaríkjadala í auknum viðskiptum á ári hverju,“ segir í grein Þórarins og Breedons. Þessi áhrif væru augljóslega meiri ef ESB-ríkin þrjú sem enn standa utan myntbandalagsins, Bretland, Danmörk og Svíþjóð, gengju í það. „Í því tilviki gæti hlutfall utanríkisviðskipta af landsframleiðslu aukist um 18 prósentur og um 20 prósentur ef Noregur gengi einnig í myntbandalagið.“

Þetta gæti aukið landsframleiðslu á mann varanlega um fjögur prósent, sem samsvara yfir eitt þúsund Bandaríkjadölum. Ef löndin þrjú sem nefnd voru hér áðan bættust í hópinn væri aukningin hins vegar sex prósent.

### VELFERÐIN MEIRI

Þórarinn og Breedon segja að opnara hagkerfi í kjölfar inngöngu í ESB og myntbandalagið gæti jafnframt aukið ráðstöfunartekjur Íslendinga. Klassísk alþjóðahagfræði gefi til dæmis til kynna að aukin alþjóðaviðskipti geti aukið velferð þar sem þau geri löndum kleift að einblína á framleiðslu þeirra vörutegunda sem þau hafi yfirburði í að framleiða (með lægri fórnarkostnaði). Það er þá sama hvort það er vegna betri tækni eða betri aðgangs að þeim aðföngum sem þarf til framleiðslunnar. Einnig auki sameiginleg mynt samþættingu innlends fjármálamarkaðar við þann evrópska, sem stuðli enn frekar að fjármálastöðugleika og áhættudreifingu.




## Stöðugt verðlag

Seðlabanki Evrópu tók til starfa 1. júlí 1998 í Frankfurt. Seðlabankinn nýtur algers sjálfstæðis og ákveður vexti og annað sem fellur undir peningamálastefnu en efnahagsstjórn verður að öðru leyti í höndum aðildarríkjanna með sama hætti og fyrr. Aðalmarkmið bankans er að viðhalda stöðugu verðlagi á myntbandalagssvæðinu eins og markmið Seðlabankans er hér á landi. Skilgreiningin bankans á stöðugu verðlagi er minna en tveggja prósenta verðbólga á einu ári eins og hún mælist í sameiginlegri mælingu á verði neysluvara á myntbandalagssvæðinu. Gengi evrunnar getur sveiflast nokkuð gagnvart öðrum gjaldmiðlum án þess að það hafi veruleg áhrif á verðlag í ESB vegna mikilla innri viðskipta á svæðinu.

# Aðrar leiðir

Ýmsar leiðir hafa verið nefndar í gegnum tíðina til að tengja íslensku krónuna við evrusvæðið án þess að taka upp evru. Margir hagfræðingar hafa sett fram efasemdir um þessar leiðir. Þeir hafa talið þær óraunhæfar og jafnvel óæskilegar.

### 1. EINHLIÐA TENGING VIÐ EVRU

Einhliða tenging við evru felur í sér einhliða yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda um að halda gengi krónunnar föstu gagnvart evru. Gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum mundi þannig fylgja gengi evrunnar gagnvart sömu gjaldmiðlum. Þessi stefna er talin skorta trúverðugleika.

### 2. TVÍHLIÐA TENGING VIÐ EVRU

Með tvíhliða tengingu við evru yrði gert samkomulag við Seðlabanka Evrópu um að verja gengi krónunnar gagnvart evru innan ákveðinna marka. Telja margir næsta víst að þó Seðlabanki Evrópu mundi áskilja sér rétt til að hætta stuðningi við krónuna telji bankinn áframhaldandi stuðning ekki samrýmast stefnu sinni í peningamálum. Hér skortir líka trúverðugleika.

### 3. MYNTRÁÐ

Í grófum dráttum er myntráð (e. currency board) fyrirkomulag gengismála þar sem innlendur gjaldmiðill er einungis gefinn út í skiptum fyrir erlendan gjaldmiðil. Þessi leið krefst mjög öflugs gjaldeyrisforða þar sem hann yrði að þola miklar sveiflur. Eitt helsta vandamál sem fylgir stofnun myntráðs er mikið álag á peninga- og bankakerfið.

### 4. NOTKUN EVRU SEM LÖGEYRIS

Notkun evru sem lögeyris er sú skipan gengismála sem kemst næst beinni þátttöku í myntbandalaginu hvað trúverðugleika áhrærir. Seðlabankinn gæti ekki lengur gegnt hlutverki lánveitanda til þrautavara og mundi í raun hætta störfum sem slíkur. Ekki væri um að ræða neina þátttöku í starfsemi Seðlabanka Evrópu og því ekkert tillit tekið til íslenskra aðstæðna í ákvörðunum hans.

## FÓLK Á FERLI

**SIGURÐUR SVERRISSON** hefur bæst í hóp ráðgjafa hjá KOM Almannatengslum.



Sigurður á að að baki langan feril og mikla reynslu í blaðamennsku, útvarpi og ráðgjafastörfum í almannatengslum.

Sigurður hóf blaðamennskuferil sinn á Tímanum 1978-1979 en starfaði svo á DV 1979 til 1982 og á Morgunblaðinu 1982 til 1984. Sigurður gaf út og ritstýrði Skagablaðinu á Akranesi í áratug áður en hann hóf störf sem ráðgjafi hjá almannatengslafyrirtækinu Athygli. Hann var einn stofnenda PR (Pje Err) almannatengsla árið 1999 en lét af störfum þar síðla árs 2000. Sigurður vann um nokkurra ára skeið við þáttagerð hjá Rás 2 og hefur skrifað greinar, fréttir og viðtöl í fjölda blaða og tímarita. Auk þess hefur hann skrifað nokkrar bækur um íþróttamál.

Hjá KOM sinnir Sigurður almennri ráðgjöf á sviði almannatengsla og auk þess textagerð, útgáfumálum, samskiptum við fjölmiðla og ýmsum sérverkefnum.

**SVAFA GRÖNFELDT** hefur tekið við nýju starfi sem aðstoðarforstjóri Actavis Group.



Svafa hóf störf hjá Actavis árið 2004 sem framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs. Ábyrgðarsvið hennar er að samtvinna stefnu og innra skipulag samstæðunnar ásamt því að stýra verkefnum sem lúta að aukinni skilvirkni í rekstri. Svafa mun verða staðgengill forstjóra og talsmaður hans og mun áfram verða hluti af framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

Svafa Grönfeldt er doktor í vinnumarkaðsfræði frá London School of Economics and Political Science. Hún er með M.Sc. gráðu í starfsmanna- og boðskiptafræði frá Florida Institute of Technology og einnig með BA-gráðu í stjórnmálafræðum og fjölmiðlun frá Háskóla Íslands. Svafa starfaði áður í EMEA-stjórnendateymi Deloitte ráðgjafar í Evrópu og var einn eigenda og framkvæmdastjóri ráðgjafar hjá IMG Deloitte á Íslandi. Svafa er lektor í rekstrarhagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og hefur stýrt stjórnendaþjálfun í Bandaríkjunum og Bretlandi.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Fiskur ekki sama og fiskur

## Helsta ástríða Guðbjargar Glóðar Logadóttur er fiskur. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir hitti hugmyndasmið Fylgifiska og varð margs vísari um dýrin í sjónum.

Guðbjörg Glóð Logadóttir hefur verið áhugamanneskja um fisk svo lengi sem hún man eftir sér. Þegar hún byrjar að tala um fiskinn er henni mikið niðri fyrir og auðsýnilegt að henni þykir margt skorta í meðhöndlun okkar Íslendinga á okkar helstu auðlind. Hún segir Íslendinga hafa staðið sig vel í að þróa fiskveiðitækni og kunna margt í verkun og vinnslu en hafi látið meðhöndlun á hráefninu og nálgunina við kúnnann sitja á hakanum. Henni þykir jafnvel gæta virðingarleysis í garð fisks hér á landi og finnst við ekki átta okkur á því að um náttúruauðlind er að ráða sem er ekki óþrjótanleg. „Af hverju þá ekki að gera vel við það hráefni sem við erum hvort sem er að tína upp úr sjónum?“ segir Guðbjörg Glóð.

**Fylgifiskar ehf.**
Suðurlandsbraut 10 / Skólavörðustígur 8
Stofnað 2002
Eigendur: Tíu ákafir fiskunnendur
Framkvæmdastjóri: Guðbjörg Glóð Logadóttir
Starfsmenn: Tíu

### FYLGIFISKAR Í MAGANUM

Árið 1992 fór Guðbjörg Glóð til Boston til að vinna í fiskbúð þar sem hún sá hvað er hægt að gera margt með framsetningu og matreiðslu á fiski. Upp frá því kynnti hún sér hvernig málum var háttað víða um heim og henni fannst sama uppi á teningnum alls staðar – að fiskurinn hefði verið látinn sitja eftir. Mikil þróun væri að eiga sér stað í öðrum smásölugreinum varðandi þjónustu við viðskiptavini og meðhöndlun varanna en sama væri ekki að segja um fiskinn.

Svona gekk Guðbjörg Glóð með Fylgifiska í maganum í áratug og því er fyrirmyndin að versluninni engin ein heldur samtíningur af hugmyndum héðan og þaðan úr heiminum. Fyrirtækið var stofnað sumarið 2002 þegar Guðbjörg Glóð hitti matreiðslumanninn Svein Kjartansson og þau báru saman bragðlauka sína, sem í ljós kom að áttu afbragðsvel saman. Eigendahópurinn samanstendur af tíu fiskunnendum, að þeim meðtöldum, sem höfðu þá sameiginlegu hugsjón að auka vegsemd fisks á Íslandi. Í upphafi voru fimm starfsmenn hjá versluninni sem var til húsa á Suðurlandsbraut 10 og nú, þremur árum síðar, hafa þau bætt við sig annarri verslun á Skólavörðustígnum og starfsmenn orðnir tíu. Svo virðist sem fleiri hafi saknað verslunar af þessu tagi og þau hafi veitt svar við ákveðinni vöntun á markaðnum því Fylgifiskum var vel tekið frá fyrsta degi.

### MATUR FYRIR KRÖFUHARÐA SÆLKERA

Markhópur Fylgifiska er í víðasta skilningi þeir sem vilja spara sér tíma og fyrirhöfn í eldamennskunni en borða samt hollan og góðan mat. Verslunin er opin til hálf sjö dag hvern til þess að vinnandi fólk nái að renna við og sækja sér kvöldmatinn tilbúinn en þar er í leiðinni hægt að kaupa allt meðlæti sem til þarf. Á boðstólum eru tilbúnir fiskréttir sem nánast allir eru sköpunarverk Sveins, sem leikur sér að því að blanda saman ólíkum áhrifum. Hann hefur verið mikið erlendis í ólíkum menningarheimum og réttirnir hans bera þess merki. Vöruúrvalið breytist líka eftir vikudögum og árstíma, allt eftir því hver eftirspurnin er hverju sinni. Auk þessa eru þau með heitan mat í hádeginu svo þar er alltaf yfirfullt í hádeginu og veisluþjónusta er einnig stór hluti starfsemi þeirra.

### FISKUR EKKI ÞAÐ SAMA OG FISKUR

Mesta áskorunin við rekstur Fylgifiska er að hráefnið þarf alltaf að vera ferskt, allt frá olíunum og kryddunum sem notuð eru til fisksins sjálfs. „Fólk virðist stundum gleyma því að þetta eru dýr sem við erum að veiða og það þarf að sækja þau út á sjó,“ segir Guðbjörg Glóð og bendir á að stundum veiðist einfaldlega ekki fiskur. Þá sé nauðsynlegt að hafa góða þekkingu á hvert þurfi að fara til að finna hann. Faðir og bróðir Guðbjargar, Logi Þormóðsson og Gunnar Logason, sjá um þessa daglegu leit að ferskum fiski en hann er keyptur unninn beint af ferskfiskframleiðendum sem eru sérfræðingar hver á sínu sviði og í sínum fiski.

Guðbjörg Glóð segir mikinn mun á fiskinum eftir því á hvernig veiðarfæri hann var veiddur, af hvaða svæði og svo framvegis og það fari meira að segja eftir tegund fisksins á hvaða veiðarfæri hann er bestur veiddur. Neytendur finni mun meira bragð af fiskinum sé hann ferskur og því geti ferskfiskframleiðendur aldrei leyft sér annað en að krækja í besta fiskinn.

### GÓÐUR ORÐSTÍR MIKILVÆGASTUR

Frá opnun fyrirtækisins hefur veltan og kúnnahópurinn margfaldast frá ári til árs og í dag er dagsalan þrisvar til fjórum sinnum meiri en fyrsta árið í rekstri. Ákvörðunin sem tekin var í upphafi Fylgifiska um að auglýsa ekki heldur láta veginn aukast af orðsporinu einu saman virðist því hafa skilað sínu. Eftir tvö ár í rekstri prófuðu þau að auglýsa og hafa síðan af og til auglýst í útvarpi til að minna á sig en samt sem áður er góður orðstír þeirra langsterkasta markaðsvopn.

Guðbjörg Glóð segir að tilkoma þeirra hafi breytt smásölumarkaðnum með fisk að mörgu leyti og að margir fisksalanna af gamla skólanum hafi aukið úrval sitt af tilbúnum réttum með tilkomu þeirra. Það er engin fiskverslun á landinu af sömu gerð og Fylgifiskar og hún lítur ekki endilega á hefðbundnu fisksalana sem aðalsamkeppnisaðilana. Samkeppnin snúist fyrst og fremst um að veita svar við spurninginni „hvað á að borða í kvöld?“ og því sé öll matvara samkeppnisvara Fylgifiska.

Næsta verkefni er að stækka og breyta versluninni á Suðurlandsbrautinni til að mæta enn frekar óskum viðskiptavina og stendur til að þær framkvæmdir hefjist á næstu dögum. Hún telur að hugarfar í garð fisks sé að breytast í þjóðfélaginu og Fylgifiskar muni halda áfram að taka þátt í þeirri hugarfarsbreytingu með því að vanda áfram til verka og halda áfram að skapa. „Góðir hlutir gerast hægt og við viljum hafa það þannig,“ segir Guðbjörg Glóð og áréttar að þau séu rétt að byrja, heildarhugmyndin um Fylgifiska sé mjög stór og að þeim liggi ekki lífið á.



**HUGMYNDASMIÐURINN GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR OG LISTAKOKKURINN SVEINN KJARTANSSON** Smullu saman bragðlega séð þegar þau hittust fyrst og nokkru síðar litu Fylgifiskar dagsins ljós.

## BESTA RÁÐIÐ

# Að sætta sig ekki við silfrið

Þegar Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Eimskips, var að stíga sín fyrstu skref sem stjórnandi fékk hún ráðleggingu frá gömlum lærifÖður sem hún hafði miklar mætur á: „Taktu verkefnin sem þú tekur að þér mjög alvarlega en sjálfa þig síður.“ Hanna Katrín hefur síðan alltaf haft þetta heilræði bak við eyrað og hún er ekki í neinum vafa um að með því að fylgja því eigi menn meiri líkur en ella á því að skapa það andrúmsloft og þá liðsheild sem líkleg er til þess að ná árangri.

Hugtakið „Þú vinnur ekki silfur – þú tapar gulli“ er Hönnu Katrínu einnig hugleikið. Það felur í sér að á meðan maður stendur í baráttu á maður ekki að sætta sig við neitt annað en fullkominn árangur. Hún nefnir bókina Good to Great: Why Some Companies Make the Leap and Others Don't, eftir Jim Collins. Sú bók tekur á þessu á áhugaverðan hátt. Í henni er rauði þráðurinn hvers vegna sumum góðum fyrirtækjum tekst að verða frábær, á meðan önnur verða aðeins góð í ákveðinn tíma og lenda svo á tímabili hnignunar. Höfundur bókarinnar fjallar um það hvernig það að vera góður í einhverju getur hindrað mann í því að verða frábær. Hanna Katrín segir gott að hafa það til hliðsjónar því „ef maður er innst inni ágætlega sáttur við silfrið – eða bronsið – er ólíklegt að maður nái gullinu“.



**HANNA KATRÍN FRIÐRIKSSON** Maður á að taka verkefnin alvarlega en sjálfan sig síður.

\- hhs

Aðgangur að öflugu flutningsneti um allan heim



Fraktlausnir
Flutningar án landamæra
Vöruhús Sjófrakt Flugfrakt Útflutningur Tollskýrslugerð Akstursþjónusta Hraðsendingar
Skútuvogur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is




**FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ Í FYRRA KYNNT** Fjármálaráðherra vildi beita ríkisfjármálunum með öflugum hætti þá.

# Ríkisfjármál jafni ekki hagsveiflur

**Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins kemur fram að farsælla sé að láta markaðsöflunum eftir að jafna út hagsveifluna frekar en ríkisfjármálunum.**

Í vefriti fjármálaráðuneytisins er sagt frá rannsókn á því að hve miklu leyti hægt sé að beita ríkisfjármálum gegn ofhitnun í litlum opnum hagkerfium á evrusvæðinu. Birtust niðurstöðurnar í nýlegri skýrslu OECD og var sérstaklega fjallað um þær í Þjóðarbúskapnum, þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Margir hafa gagnrýnt ríkisstjórn Íslands fyrir of lítið aðhald í ríkisfjármálun nú þegar verðbólga er há og hagkerfið ber merki um ofþenslu. Heyrast þau sjónarmið bæði hjá greiningardeildum bankanna og öðrum að ríkisstjórnin láti Seðlabankanum einum eftir að halda hér verðlagi stöðugu.

Embættismenn fjármálaráðuneytisins vilja nú benda á í vefritinu að samkvæmt rannsókninni eigi markaðsöflin í litlum opnum hagkerfum auðveldara með að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum séu rétt markaðsskilyrði fyrir hendi. Þessi skilyrði vinni gegn ójafnvægi í hagkerfinu. Hins vegar skekki virk beiting ríkisfjármála markaðsmyndina til skamms tíma, skapi óvissu og skerði trúverðugleika ríkisfjármálanna til lengri tíma. Líklega sé farsælla að setja ríkisfjármálunum langtímamarkmið, eins og ríkisstjórnin hefur gert, og láta markaðsöflunum um hagsveiflujöfnun til skemmri tíma.

Þegar Geir H. Haarde, fyrrverandi fjármálaráðherra sem undirbjó það fjárlagafrumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi, mælti fyrir fjárlagafrumvarpinu í fyrra í þingsal sagði hann þegar hann ræddi um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum næstu fjögur árin: „Rauði þráðurinn í þessari stefnumörkun er, líkt og í fyrri langtímaáætlun, að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst og að sama skapi til að örva hagvöxt þegar þeim lýkur.“ – bg

INNFLUTNINGSHRAÐSENDINGAR DHL

ALLT SVO AUÐVELT
AÐ ÞAÐ ÞARF NÆSTUM
EKKERT AÐ GERA.
OG ÞESS VEGNA NÆSTUM
EKKERT AÐ ÚTSKÝRA.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.

DHL EXPRESS

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Alltaf í netsambandi með Mobile Connect

Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

» Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
» Þú getur alltaf sent SMS
» Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
» Þú getur alltaf vafrað á netinu
» Mobile Connect notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtir niðurhali og lækkar kostnað viðskiptavina.

Mobile Connect er hluti af Mobile Office, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.




EINNIG VÆNTANLEGT
OKTÓBER BlackBerry frá Vodafone
NÓVEMBER Global Hotspots
DESEMBER Vodafone World

og vodafone
Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS OGV 29487 09/2005

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Þjóðin hefur mikla hagsmuni af framtíðarvali á gjaldmiðli.

# *Umræða um evruna er tímabær*

**Hafliði Helgason**

Eitt af því sem gera má ráð fyrir að alþjóðavæðing viðskiptalífsins hafi í för með sér er að gjaldmiðlum heimsins mun fækka. Hvatinn að þessari þróun er að með auknum millilandaviðskiptum verða hagkerfin líkari hvert öðru.

Sumir ganga svo langt að telja að í náinni framtíð verði þrír til fjórir gjaldmiðlar í heiminum. Íslendingar muni ekki fara varhluta af þessari þróun ef rétt reynist. Það er því mikilvægt fyrir okkur að ræða framtíðarsýn okkar viðskiptaumhverfis og skoða með opnum huga kosti og galla þess að burðast með eigin gjaldmiðil í jafn litlu hagkerfi og því íslenska. Formaður Samfylkingarinnar hefur nú stigið fram og kallað eftir slíkri umræðu.

Umræða um hugsanlega upptöku evru er því fyllilega tímabær og umræða um hugsanlega aðild að ESB er það einnig. Mikilvægt er að öfgalaus rökræða fari fram í samfélaginu um hvert við stefnum í opnara samfélagi þjóða. Það er engin ástæða til að gefa sér fyrir fram hver niðurstaðan verður af slíkri rökræðu. Hitt er ljóst að þjóð sem er vel upplýst um kosti og galla þeirra möguleika sem hún á mun að öllum líkindum bregðast við þróun umhverfis síns af meiri skynsemi en sú sem lokar umræðuna bak við bannhelgi og kreddumúra. Úrlausnarefni hverfa ekki við það eitt að tilraun sé gerð til að þegja þau í hel.

**Mikilvægt er að öfgalaus rökræða fari fram í samfélaginu um hvert við stefnum í opnara samfélagi þjóða. Það er engin ástæða til að gefa sér fyrirfram hver niðurstaðan verður af slíkri rökræðu. Hitt er ljóst að þjóð sem er vel upplýst um kosti og galla þeirra möguleika sem hún á mun að öllum líkindum bregðast við þróun umhverfis síns af meiri skynsemi en sú sem lokar umræðuna bakvið bannhelgi og kreddumúra.**

Í Markaðnum í dag er ítarleg grein þar sem skoðaðar eru helstu þættir varðandi hugsanlega upptöku evru og þau vandamál sem krónan veldur. Augljóst er að slík umræða á frekar upp á pallborðið nú en oft áður. Ástæðan er sú að útflutnings- og samkeppnisgreinar eiga undir högg að sækja meðan krónan heldur núverandi styrk. Opnara samfélag og frjálsari vinnumarkaður milli Íslands og landa Evrópusambandsins hefur dregið úr sveiflum í hagkerfinu. Það er vart hægt að hugsa þá hugsun til enda hverjar afleiðingar hefðu orðið ef núverandi þensla af völdum stóriðju og útlánavaxtar væri í því umhverfi þegar hindranir í innflutningi vinnuafls voru meiri en raunin er nú.

Innganga í ESB og upptaka evru myndi hafa jákvæð áhrif á lífskjör hér á landi. Krónan er viðskiptahindrun og því meiri sem þátttaka íslenskra fyrirtækja er í alþjóðlegum viðskiptum, því meiri er hindrunin. Hagsaukinn af upptöku evru verður einnig meiri eftir því sem fleiri lönd innan ESB taka upp evruna. Það er því full ástæða til að fylgjast gaumgæfilega með slíkri þróun.

Við gætum fyrr en okkur grunar staðið frammi fyrir róttækum spurningum um hvert vægi lífsgæði vegna fullrar þátttöku í samfélagi Evrópu hefur gagnvart heilögum kúm eins og eigin gjaldmiðli og fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum. Verði fórnarkostnaðurinn af því að standa utan við of mikill er líklegt að þjóðin leggi tilfinningar sínar til hliðar og greiði atkvæði með buddunni.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is




# Sveigjanlegra fæðingarorlof fyrir alla

ORÐ Í BELG



**Katrín Jakobsdóttir**
Varaformaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Sveigjanleiki og hreyfanleiki eru lykilorð í atvinnulífi dagsins í dag og margar tækninýjungar eru til þess ætlaðar að gera líf manns sveigjanlegra. Þessi þróun hefur góðar hliðar og slæmar.

Núna til dæmis er aldrei hægt að fara í frí. Með í för er ávallt farsíminn ómissandi sem er orðinn miklu meira en sími þannig að maður á helst að geta séð póstinn sinn og sinnt erindum hvarvetna í heiminum. Það grátbroslega við þetta allt saman er að fjarskiptafyrirtækin selja nýjungarnar einmitt þannig; með myndum af önnum köfnu jakkafatklæddu nútímafólki sem situr við lítinn læk í grasbrekku í svissnesku ölpunum og sinnir erindum sínum brosandi í gegnum símann. Það sem gleymist er auðvitað af hverju þetta sama fólk fór í svissnesku alpana ó væntanlega til að hlusta á lækinn, draga andann og hugsa einmitt ekki um öll erindin.

Í atvinnulífinu er manni hins vegar talin trú um það að maður sé ómissandi og maður lætur auðveldlega hrífast með; er nánast alltaf í vinnunni og þorir aldrei að slökkva á símanum þó að staðreyndin sé sú að meirihluti erinda getur beðið og líklega getur einhver annar sinnt hinum flestum. Þetta á við um velflesta vinnustaði þótt við viljum ekki trúa því.

En hreyfanleiki og sveigjanleiki eru líka af hinu góða. Nýtt atvinnuumhverfi auðveldar manni að sinna fjölbreyttari störfum og nýta hæfileika sína á fleiri en einn hátt.

**BARA EITT NORM LEYFILEGT?**

Hins vegar hefur atvinnuumhverfi almennt ekki alfarið fylgt tækninýjungunum. Sveigjanleikinn og hreyfanleikinn virðast í það minnsta flækjast mjög fyrir Fæðingarorlofssjóð. Þar á bæ virðist gert ráð fyrir klassísku fyrirkomulagi með einum atvinnurekanda og einum launþega og flóknari reikningsdæmi með nokkrum vinnuveitendum, sjálfstæðum atvinnurekstri og hlutfallsstörfum hér og þar gera það að verkum að það tekur nokkra vinnudaga bara að sækja um úr sjóðnum þrátt fyrir góðan vilja starfsmanna sjóðsins til að aðstoða umsækjendur.

Hingað til virðist aðaláhyggjuefni manna vegna Fæðingarorlofssjóðs vera þakið sem sett var á fæðingarorlofsgreiðslur en sem stendur getur enginn fengið meira en 480 þúsund krónur úr fæðingarorlofssjóði. Þetta þykir þeim sem eru með milljón á mánuði ansi súrt í broti. Það að einhver fái „bara“ hálfa milljón á mánuði af opinberu fé tel ég hins vegar ekki vera aðalgallann á kerfinu.



**Hingað til virðist aðaláhyggjuefni manna vegna Fæðingarorlofssjóðs vera þakið sem sett var á fæðingarorlofsgreiðslur en sem stendur getur enginn fengið meira en 480 þúsund krónur úr fæðingarorlofssjóði. Þetta þykir þeim sem eru með milljón á mánuði ansi súrt í broti.**

**GLOPPÓTT LÖG**

Í lögunum um fæðingarorlof eru hins vegar ýmsar gloppur sem gera mun fleirum erfitt um vik að taka orlof en forstjórum.

Ung kona sem á von á barni hefur verið að vinna og í námi sex mánuði fyrir fæðingu barnsins. Eini gallinn er að mánuður leið á þessum sex mánaða tíma þar sem hún var hvorki á launaskrá né í námi - t.d. að leita sér að vinnu eftir námslok. Þá býður fæðingarorlofssjóður upp á heilar 40 þúsund krónur á mánuði. Þetta hefur líklega þær afleiðingar að viðkomandi tekur ekkert orlof en heldur áfram í skóla enda má hún ekki þiggja 40 þúsund krónurnar nema hún þiggi engin laun eða lán á meðan. Þessi staða er algengari en fólk hyggur og veldur því að hitt foreldrið þarf að taka á sig aukna ábyrgð. Þarna þjóna lögin því ekki tilgangi sínum.

Önnur glufa í lögunum er til dæmis sú staðreynd að maður sem hefur lokið námi fyrir ári og síðan unnið eins og berserkur fyrir góðum launum fær þau alls ekki metin inn í fæðingarorlof. Greiðslur eru metnar út frá skattframtölum tveggja síðustu heilu almanaksára þannig að þeir sem hafa t.d. verið í námi árið 2003 og eignast barn 2005 (þótt þeir hafi unnið mikið að undanförnu) detta niður í sömu laun og þeir náðu með herkjum að aura saman með náminu.

Ef tilgangur laganna er að tryggja að fólk geti tekið orlof á 80% tekna sinna verður að gera kerfið sveigjanlegra gagnvart þeim sem eru að koma úr námi og út á hinn almenna vinnumarkað sem og þeim sem eru hreyfanlegir í starfi og sinna fleiri störfum en einu. Það ætti að vera sameiginlegt markmið allra; hins opinbera, atvinnurekenda, launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga, að tryggja að sjóðurinn þjóni því hlutverki sínu að allir geti tekið fæðingarorlof. Þá snýst málið ekki um 480 þúsund krónur á mánuði heldur þá sem boðið er upp á 40 þúsund krónur á mánuði. Þeirra stöðu þarf að leiðrétta.

UM VÍÐA VERÖLD

## *Japan raknar úr rotinu*

**Economist** | Economist gerir japanskt efnahagslíf að umfjöllunarefni sínu. Loks virðist sjá fyrir endann á fimmtán ára samfelldri stöðnun í japönsku hagkerfi. Nú eru menn farnir að sjá fjölgun starfa og aukin kaupmátt og hagfræðingar eru meira að segja farnir að endurskoða spár sínar um hagvöxt á árinu. Erlendir fjárfestar fylkja liði til Japans og hlutabréfamarkaðurinn hefur rétt úr kútnum. Það að Koizumi hafi verið endurkjörinn sem forsætisráðherra er skýrt merki um það að almenningur hafi gefið grænt ljós á þær efnahagsumbætur sem hann hefur unnið að. Hægfara breytingar innan fjármála-, hag- og stjórnkerfis eru hægt og bítandi að skila sér og telur Economist að þær gefi væntingar um bjarta framtíð.

Enn blasa þó við veikleikar í efnahagskerfinu: Verðhjöðnun, veikt bankakerfi, skuldsett fyrirtæki og mikill halli á fjárlögum. Og það sem meira er, Kína hefur tekið fram úr Japan sem efnahagsveldi Asíu.

## *Ólígarki í bobba*

**The Sunday Times** | Oleg Deripaska, yngsti milljarðamæringur Rússlands og sjötti ríkasti maður landsins, er á leið í breskan réttarsal eftir að annar ólígarki, Azav Nazorov, lagði fram ákæru á hendur Rusal, álfyrirtæki hans, fyrir fjársvik og blekkingar. Krefst Nazorov þess að fyrirtæki sitt – Ansol – fái yfir tuttugu milljarða í skaðabætur vegna samningsbrots Rusals.

Fyrirtækin gerðu samning um að taka við stjórn á Tedaz, stærstu álbræðslu Tadsíkistans. Ansol sakar Deripaska og Rusal um að hafa svikið samninginn með því að semja persónulega við forseta Tadsíkistans um að fyrirtækið sæti eitt að stjórnun álbræðslunnar.

Það er stutt síðan Deripaska náði sátt við viðskiptafélaga sína Reuben-bræður áður en til málaferla kom.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vísbendingar um fasteignalækkun

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Greining Íslandsbanka gerir fasteignamarkaðinn að umfjöllunarefni í Morgunkorni sínu í gær: „Svo virðist sem íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi haldið áfram að lækka í september en það lækkaði í ágúst eftir miklar hækkanir framan af ári. Samkvæmt gögnum unnum upp úr Verðssjá fasteigna sem finna má á vefsíðu Fasteignamats ríkisins lækkaði verð á íbúðarhúsnæði um 0,3% á milli ágúst og september síðastliðins en það lækkaði um 0,6% á milli júlí og ágúst. Mikill fjöldi samninga hefur skilað sér inn til Fasteinamatsins fyrir september og því er niðurstaðan góð vísbending um þróunina í mánuðinum. Hún kann hins vegar eitthvað að breytast þegar allir samningar hafa skilað sér“.

„Mikil umskipti hafa orðið á íbúðamarkaðinum á höfuðborgasvæðinu á þessu ári. Yfir fyrsta ársfjórðung ársins hækkaði verð íbúðarhúsnæðis um 13,0% en um 2,5% á þriðja ársfjórðungi. Eins og fyrr sagði hefur verðið verið að lækka síðustu tvo mánuði. Við reiknum ekki með því að hér sé komið upphafið að mikilli lækkunarhrinu á verði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Markaðurinn er hins vegar að staðna og má reikna með því að á næstu mánuðum skiptist á litlar verðhækkanir og -lækkanir á milli mánaða. Meðalverð á íbúðarhúsnæði stendur nú í ríflega 198 þús. kr. fyrir hvern fermetra en í maí á þessu ári spáðum við því að verðið myndi staldra við í rétt ríflega 200 þús. kr. í upphafi næsta árs og haldast þar fram undir lok þessara uppsveiflu í efnahagslífinu. Mat okkar nú á þeirri spá er það að spáin fari nálægt því að ganga eftir. Ekki er hægt að útiloka að þegar líða tekur á næsta ár eða kemur fram á árið 2007, sem að okkar mati mun verða samdráttarár í íslenskum þjóðarbúskap, muni verð íbúðarhúsnæðis lækka eitthvað og þá sértaklega á stærri eignum og nýju húsnæði,“ segir Greining Íslandsbanka.

**Mikil umskipti hafa orðið á íbúðamarkaðinum á höfuðborgasvæðinu á þessu ári. Yfir fyrsta ársfjórðung ársins hækkaði verð íbúðarhúsnæðis um 13,0% en um 2,5% á þriðja ársfjórðungi. Eins og fyrr sagði hefur verðið verið að lækka síðustu tvo mánuði.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Útboðs-pirringur

Þótt ég sé með geðbetri mönnum og fátt í umhverfinu raski ró minni verð ég að viðurkenna að einstaka sinnum verð ég svolítið pirraður.

Um daginn fór ég að pirra mig á því litla í eignasafninu mínu sem hefur lækkað. Það er ekki um neinar stórar upphæðir að ræða, þar sem ég er vanur að hafa rétt fyrir mér í fjárfestingum. Stundum er það hins vegar svo að einhver sem maður reiðir sig á klikkar illilega. Þá verður maður dáldið pirraður.

Hlutafjárútboð eiga að vera þannig að maður græði á þeim. Það er gulrótin til þess að maður ómaki sig við að taka þátt í þeim. Þess vegna verður maður fúll þegar bréf eins og Flaga og SÍF fara niður. Maður er búinn að liggja yfir einhverri fínni útboðslýsingu og plægja í gegnum hana og svo er það næsta sem maður veit að fínu áætlanirnar í útboðslýsingunni eru farnar út í buskann. Sums staðar eru reglur sem segja að ef bréf lækka um meira en tuttugu prósent frá útboði fram að tilteknum tíma geti maður skilað pappírunum og fengið endurgreitt. Þetta finnst mér fín regla og myndi fækka mjög verulega því sem pirrar mig í lífinu.

Eftir svolítið bitra reynslu var ég hikandi við að kaupa í Mosaic sem selur tískutuskur og leppa. Þeir lækkuðu fyrst, en virðast vera að gera sig ágætlega. Ég hef sjálfur ekki hundsvit á tísku. Skoða verðmiðann meira en merkið sjálft, en passa náttúrlega að verðmiðinn sé nógu hjár. Þessi leppabransi er náttúrlega fullur af einhverjum leppalúðum sem kunna ekkert í bissness, en ég held að Mosaic-liðið kunni eitthvað fyrir sér. Alla vega er ég sannfærður eftir að hafa hlustað á tvo kynningarfundi eftir uppgjör að þeir vita hvað þeir eru að gera. Svo hafa þeir bara ágætan húmor eins og margir Bretar. Ég hef látið lítið fyrir mér fara á þessum fundum, enda er ekkert gaman að vera ríkur ef allir þekkja mann.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




ARGUS / 05-0981

Skipum okkur á bekk þeirra bestu

Baráttugleði, framsækni, þjónustulund og áreiðanleiki eru nokkur þeirra atriða sem við hefjum til skýjanna í starfi okkar.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

AURASÁLIN

## Meiðyrðabransinn

**Aurasálin er friðsöm** með endemum og á sér fáa óvini. Hingað til hefur Aurasálin talið þetta vera hina mestu gæfu og ekki kvartað yfir þessum skorti á óvildarmönnum. Nú hefur þetta hins vegar snúist á haus. Í dag kæmi sér fátt betur fyrir Aurasálina en ef einhver settist niður og skrifaði einhvern órökstuddan óhróður, helst á ensku.

**Málið er nefnilega** að Aurasálin sér fyrir sér að geta kært óvini sína í Bretlandi fyrir meiðyrði og grætt fúlgur fjár og ólíkt Jóni Ólafssyni mun Aurasálin ekki leggja það fyrir lögmenn sína að fara hófsamlega fram í kröfugerðinni. Nei – ó nei. Það verður farið alla leið.

**En skortur Aurasálarinnar** á flugmælskum og hatrömmum óvinum er henni fjötur um fót og þess vegna reynir á frumlega hugsun og alþekkta hæfileika Aurasálarinnar til þess að sjá nýja fleti á vandamálum og úrlausnarefnum. Aurasálin hefur nefnilega ákveðið að bíða ekki eftir því að einhver annar hallmæli henni á enskri tungu.

**The Aurasál has** reportedly been involved in questionable dealings both inside the country and abroad. The Aurasál is a very dubious character and those who do business with her should be advised that not all of her wealth has been legally and fairly gained.

**Voila! Málið er leyst.** Aurasálin mun í kjölfar þessa pistils leggja fram kæru í Bretlandi gegn sjálfri sér og græða milljónir. Nú kann einhver að spyrja: Hvernig getur Aurasálin grætt á því að kæra sjálfa sig fyrir meiðyrði?

**Við þessu er einfalt svar.** Þegar Aurasálin hefur fengið dæmdar fimmtíu milljóna króna bætur í Bretlandi mun krafa um greiðslu berast til Íslands. Þar sem Aurasálin er eignalaus mun hún lýsa sig gjaldþrota en á sama tíma mun hún geta framvísað kröfu um fimmtíu milljóna skaðabótagreiðslu í bankanum og notað hana sem veð til þess að fá lán á mjög góðum kjörum.

**Fyrir fimmtíu milljóna** bankalánið ætlar Aurasálin svo að stofna lítið félag sem mun reka nokkrar fasteignir. Aurasálin mun svo kæra menn fyrir meiðyrði af handahófi og kaupa svo af þeim húsin til að forða þeim frá nauðungarsölu. Aurasálin mun því þiggja leigutekjur af sakborningunum en á sama tíma eignast húsin þeirra upp í meiðyrðaskuldirnar. Þegar Aurasálin er kominn í dágóðan plús getur hún endurgreitt bankalánið og borgað skuld sína við sjálfa sig vegna meiðyrðamálsins.

**Aurasálin skorar á** óvini sína að birta sem mestan óhróður í blöðum og á vefsíðum um land allt. Hún vill þó taka það skýrt fram að móðganir og svívirðingar á öðrum tungumálum en ensku eru vinsamlegast afþakkaðar.

# Fremur lífsstíll en starf

**Allan Strand Olesen hefur á undanförnum tveimur árum byggt Íslandsbanka í Lúxemborg frá grunni. Hann vann áður fyrir Búnaðarbankann og kann því vel að vinna með Íslendingum. Hafliði Helgason snæddi með honum hádegisverð og ræddi bankann og lífið í Lúxemborg.**

Allan Strand Olesen hóf að byggja upp starfstöð Íslandsbanka í Lúxemborg í upphafi árs 2003. Starfseminni þar hefur vaxið fiskur um hrygg og ætla má að eignir bankans í Lúxemborg séu um 750 milljónir evra, ríflega fimmtíu milljarðar íslenskra króna. Bankinn var rekinn sem útibú í byrjun en hefur nú fullt bankaleyfi og er rekinn sem dótturfélag Íslandsbanka.

Íslandsbanki er hins vegar ekki fyrsti bankinn sem Allan vinnur fyrir. „Í Lúxemborg vann ég fyrst fyrir norskan banka og síðar fyrir Búnaðarbankann.“ Landsbankinn keypti starfsemi Búnaðarbankans í Lúxemborg og Allan tók til við að byggja upp starfsemina fyrir Íslandsbanka. Sjálfur er hann af alþýðufólki. „Ég er úr sveitinni á Jótlandi og engir bankamenn í fjölskyldunni,“ segir hann og hlær. Hann bætir því við að kannski þess vegna kunni hann því svo vel að vinna með Íslendingum. „Þið eruð ekki með lagskipt samfélag heldur ríkir frumkvöðlastemning og mikill metnaður hjá ykkur.“ Hann segir það einkenni á Íslendingum að þeir sjái markmiðin og hiki ekki við að stefna á þau.


Fréttablaðið/Hari

**HRIFINN AF FRUMKVÖÐLAANDA** Allan Strand segir að frumkvöðlaandi Íslendinga eigi vel við hann. Hann segir lykilinn að því að hann valdi að vinna fyrir Íslandsbanka liggja í traustri stjórnun, góðu skipulagi og skýrri stefnu bankans.

### HRIFINN AF SKIPULAGINU

Allan segist hafa þekkt vel til Bjarna Ármannssonar, forstjóra bankans, áður en hann gekk til liðs við hann. „Það sem gerði það að verkum að ég gekk til liðs við bankann var sú skýrt markaða stefna sem bankinn hafði fylgt og náð árangri með. Þá skipti mig miklu máli orðspor Bjarna og það traust sem hann nýtur. Ég var hrifinn af skipulagi bankans og hvernig honum var stjórnað. Það var því auðveld ákvörðun fyrir mig að ganga til liðs við bankann.“

**Allan Strand Olesen**
Starf: Forstjóri Íslandsbanka í Lúxemborg
Fæðingardagur: 17. desember 1967
Maki: Gitte Thomsen
Börn Celine f. 1996, Julie f. 1997, Emilie f. 2001

Allan segir bankann hafa sýnt skynsemi í uppbyggingu erlendis. Íslandsbanki hafi sérhæft sig og fylgt því eftir. Bankinn hefur lagt áherslu á þjónustu við sjávarútvegs- og matvælafyrirtæki. „Það var rökrétt framhald af sérhæfingunni að koma sér fyrir á Norðurlöndunum, sérstaklega í Noregi.“ Bankinn byrjaði með kaupum á Kreditbanken sem er lítill banki. „Með þeim hætti kom bankinn sér fyrir, kynntist umhverfinu vel og komst í tengsl við hæft fólk, sem er lykillinn að góðum árangri fyrirtækis af þessu tagi. Bankinn hefur vaxið að mestu leyti í gegnum útlán og eftir að hafa komið sér fyrir í Noregi var eðlilegt að taka næsta skref, sem var BN bank sem er með traust og gott lánasafn.“

Í Lúxemborg fæst bankinn við eignastýringu, einkabankaþjónustu og fyrirtækjaþjónustu. „Sérhæfing bankans markast annars vegar af stefnu í alþjóðaviðskiptum og svo svæðisbundinni sérhæfingu. Hjá okkur í Lúxemborg snýst þetta um svæðisbundin verkefni með áherslu á norrænan markað. Verkefnin eru fyrirtækjaráðgjöf, fjármögnun hlutafjár og lánafyrirgreiðsla til fyrirtækja. Við höfum unnið að fasteignafjármögnun á Norðurlöndunum og í Þýskalandi.“ Nýlegt dæmi um verkefni Íslandsbanka í Lúxemborg er fjármögnun kaupa fjárfesta undir forystu Sigurjóns Sighvatssonar á fasteignafélagi í Kaupmannahöfn.

### FINNUM EKKI FYRIR TORTRYGGNI

Allan segir að þótt þjónustan sé fjölþætt missi menn ekki sjónar af því að marka sér bás. „Við leggjum áherslu á að veita ráðgjöf. Í Lúxemborg er hægt að nálgast alla anga fjármálaþjónustu og við beinum viðskiptavinum okkar á réttan stað ef verkefnið er utan okkar sérsviðs.“ Hann segir náið samstarf við fyrirtæki gefa tækifæri á að fylgja þeim eftir í sókn á alþjóðlega markaði. Fyrirtækjum sem dafna vel fylgja svo eigendur sem efnast vel og þurfa í kjölfarið á ýmiss konar bankaþjónustu að halda.

Umræða um fjárfestingar Íslendinga á Norðurlöndum hefur ekki öll verið jákvæð og bankinn lítur það alvarlegum augum. Allan segir sóknina á norrænan markað hafa gengið vel. „Okkur var vel tekið og bankinn nýtur mikils trausts. Við höfum ekki fundið fyrir neinni tortryggni í okkar garð. Bankinn hefur mjög gott orðspor í fjármálaheiminum sem við byggjum á.“

Allan hefur búið í Lúxemborg í um áratug. Hann er kvæntur og á þrjú börn. „Við tókum þá ákvörðun að setja börnin í skóla heimamanna. Margir velja þann kost að setja börnin í alþjóðlega skóla, en við búum á svæði þar sem heimamenn eru áberandi og við vildum að börnin gengju í sama skóla og nágrannarnir.“ Börnin eru fyrir vikið fjöltyngd. „Þau tala eins og innfædd, það gefur þeim forskot.“

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Allan Strand Olesen*
*forstjóra Íslandsbanka í Lúxemborg*

*Hádegisverður fyrir tvo á Laugaási*

*Lauga-ás special*
*Steiktur fiskur gratín*

Drykkir
*Kók*
*Vatn*
*Kaffi*
*Alls 4.580 krónur*

### INNBLÁSTUR ÚR STARFINU

Banki eins og sá sem Allan stjórnar vex ekki af sjálfu sér og sólarljósinu. Mikil vinna liggur að baki uppbyggingu fjármálafyrirtækis sem nú telur 35 starfsmenn. Allan segir að starfið hafi vissulega áhrif á fjölskyldulífið og krefjist mikilla ferðalaga. „Ég er mikið á ferðinni og konan mín vinnur ekki úti, sem felur í sér mikla skuldbindingu. Þegar maður tekst á hendur verkefni sem þetta er það í raun fremur lífsstíll en starf. Þegar starfið er svona stór þáttur í lífi manns skiptir miklu að hafa ánægju af því sem maður er að gera og að maður fái innblástur úr því umhverfi sem maður er í. Sá andi sem ég vinn í uppfyllir þetta.“

Hann segir fjölskylduna hafa ánægju af ferðalögum. „Við tökum okkur tveggja vikna skíðafrí og ég reyni að haga því þannig að ég geti verið heilshugar með fjölskyldunni þegar við erum saman.“

**Með þeim hætti kom bankinn sér fyrir, kynntist umhverfinu vel og komst í tengsl við hæft fólk, sem er lykillinn að góðum árangri fyrirtækis af þessu tagi. Bankinn hefur vaxið að mestu leyti í gegnum útlán og eftir að hafa komið sér fyrir í Noregi var eðlilegt að taka næsta skref, sem var BN bank sem er með traust og gott lánasafn.**





**HLJÓFÆRALEIKARAR** Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Kristinn Árnason gítarleikari spiluðu nokkur lög fyrir gesti veislunnar.

# Tíu ár á Kirkjusandi

## Íslandsbanki bauð til veislu í tilefni af afmæli höfuðstöðvanna á Kirkjusandi.

Á mánudaginn hélt Íslandsbanki upp á þau tímamót að tíu ár eru liðin frá því að útibúið var opnað í gömlu höfuðstöðvum Sambandsins við Kirkjusand. Í tilefni dagsins settu starfsmenn upp spariskapið og klæddust afmælismerktum bolum. Margt góðra gesta var mætt á staðinn til að fagna með starfsfólkinu enda öllum viðskiptavinum og velunnurum bankans boðið til veislunnar.

Enginn þurfti svangur að sinna bankaviðskiptum þennan daginn því boðið var upp á kaffi og meðlæti frá morgni til kvölds. Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Kristinn Árnason gítarleikari voru fengin til að spila nokkur lög og hlutu góðar viðtökur frá afmælisgestum.



**UNGIR VIÐSKIPTAVINIR** Fólk á öllum aldri var mætt til afmælisveislu Íslandsbanka við Kirkjusand.



**HLUSTAÐ Á HLJÓÐFÆRALEIK** Afmælisgestir nutu sín við undirleik Helgu Þórarinsdóttur víóluleikara og Kristins Árnasonar gítarleikara.


KB ERLEND HLUTABRÉF

11,5%*

hækkun frá áramótum

*Samkv. www.sjodir.is m.v. 30. sept.




KB ERLEND HLUTABRÉF er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í hlutabréfum traustra erlendra fyrirtækja en horfa fyrst og fremst til ávöxtunar í íslenskum krónum. Við stýringu sjóðsins er lögð sérstök áhersla á að draga markvisst úr gjaldmiðlaáhættu. Kynntu þér málið á kbbanki.is

KB ERLEND HLUTABRÉF er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI




SecurStore

– sjálfvirk, örugg netafritun

SecurStore afritunarlausnin er örugg afritunar- og endurheimtarþjónusta fyrir netkerfi fyrirtækja og stofnana. SecurStore geymir öll gögn fyrirtækisins í öruggri gagnamiðstöð og tryggir um leið hraðvirka endurheimt þeirra.

Engar spólur
Enginn stofnkostnaður
Háþróuð dulkóðun
Hröð endurheimt gagna
Vöktun 24/7

Microsoft CERTIFIED Partner

575 9200 | www.securstore.is

SECURSTORE BUSINESS BACKUP GUARD

B2B
ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS
MARKAÐURINN
Auglýsingasími 550 5000

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Boga Arnars
Enska - danska - sænska - norska - þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði
Sími 587 3690 • Fax 587 3691• baf@centrum.is

NJÓTTU HAUSTSINS Á HÓTEL KLAUSTRI
ICELANDAIR HOTELS KLAUSTUR
S: 487 4900 klaustur@icehotels.is icehotels.is



Aðalflutningar
Öryggi alla leið




Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

FRÉTTIR Á MAR.IS
Samtök fiskvinnslustöðva telja útilokað að fiskvinnslan taki á sig launahækkun
Sjávarútvegsráðherra telur að varnirnar séu að bresta í sjávarútveginum
Af hverju er ekki veitt meira?
Rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi kannaður
Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög
mar.is
Sérvefur um sjávarútveg

LANGAR ÞIG Í NÝJA OG GLÆSILEGA VEFSÍÐU?



Hvað segja viðskiptavinir um okkur...
"Ég var með vefsíðu í öðru vefumsjónarkerfi, og hélt að ég væri í ágætis málum, þangað til að ég fékk að prófa A8-PRO hjá Allra Átta. Þá sá ég hversu mikla vinnu ég var búinn að eyða í smáatriði og vesen sem var allt leyst á einfaldan hátt í A8-PRO kerfinu. Kerfið er flott, einfalt og traust. Allra Átta hefur unnið mér og fyrirtæki mínu traust með heiðarleika og nákvæmni í vinnubrögðum. Mæli hiklaust með Allra Átta."
Kristján Jónsson
Eigandi, Þjálfun.is
www.thjalfun.is
8 ALLRA ÁTTA
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI
Sími 588 8885 | Netfang 8@8.is | Veffang www.8.is

Gjafabox fyrir flest milli himins og jarðar!



Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
GRÆNN MARKAÐUR
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

## FÓLK Á FERLI

**BJOERN RICHARD JOHANSEN** hefur gengið til liðs við Íslandsbanka í Noregi frá Burson og Marsteller, einu öflugasta almannatengslafyrirtæki í heimi. Bjoern Richard mun leiða almannatengsl fyrir bankann á erlendri grundu ásamt að veita Alþjóða- og fjárfestingasviði bankans ráðgjöf í sókn bankans inn á erlenda markaði. Bjoern Richard hefur verið aðstoðarframkvæmdastjóri Burson og Marsteller sl. 5 ár og hefur unnið með mörgum af stærstu fyrirtækjum Noregs. Bjoern Richard hefur yfir 17 ár af reynslu af almannatengslu og mmarkaðssetningu fyrirtækja í Noregi og víðsvegar um Norðurlöndin.

**NIKOLAJ W. GALSKJØT** hefur verið ráðinn sem forstöðumaður skrifstofu Íslandsbanka í Kaupmannahöfn. Nikolaj Galskjøt er með meistaragráðu í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og hefur langan starfsferil í bankaviðskiptum.



Hann starfaði áður fyrir Citibank í Ósló og London og ABN Amro í London og Kaupmannahöfn, þar sem hann vann að uppbyggingu skuldsettrar fjármögnunar á Norðurlöndunum. Nikolaj hefur mikla reynslu í lánveitingum grundvölluðum á fjárstreymisgreiningu, svo sem fjármögnun á yfirtökum og verkefnisfjármögnun.

**MAGNÚS BJARNASON** hefur hafið störf sem forstöðumaður á alþjóðasviði hjá Íslandsbanka þar sem hann mun þar leiða hóp viðskiptastjóra á erlendum mörkuðum. Magnús er auk annars með MBA gráðu í alþjóðaviðskiptum með áherslu á markaðsfræði og samruna Evrópu frá Thunderbird, Garvin School of International Management. Magnús starfaði nú síðast sem sendifulltrúi og staðgengill sendiherra í sendráði Íslands í Peking. Magnús hefur viðamikla reynslu af alþjóðaviðskiptum en hann starfaði m.a. sem viðskiptafulltrúi í Bandaríkjunum og Kanada á vegum utanríkisþjónustunnar og vann að stofnun og uppbyggingu viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR).

**ÁRNI S. PÉTURSSON** hefur hafið störf sem fjármálaráðgjafi á Einkabankasviði Íslandsbanka í Lúxemborg. Árni lauk viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og prófi í löggildingu í verðbréfamiðlun 2001. Árni starfaði síðast sem markaðsstjóri VÍS en var hjá Landsbréfum frá 1998 til 2003.



**KRISTJÁN Þ. DAVÍÐSSON** hefur verið ráðinn til Íslandsbanka og verður hluti af alþjóðlega viðskiptastjórateyminu. Kristján lauk meistaraprófi í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum í Tromsö í Noregi árið 1987. Kristján hefur áralanga stjórnendareynslu í sjávarútveginum, hann rak m.a. um tíma sjávarútvegsfyrirtæki í Noregi og var forstjóri Granda, síðar varaforstjóri HB Granda.. Störf Kristjáns hafa verið samofin veiðum, vinnslu og sölu íslenskra sjávarafurða og tæknibúnaðar fyrir sjávarútveg frá unga aldri.

VIÐ KAUP Á EGLA BRÉFABINDUM ERTU AÐ TRYGGJA MÖRGUM EINSTAKLINGUM BETRI FRAMTÍÐ
FÁST Í ÖLLUM BETRI BÓKAVERSLUNUM
BIC Atlantis penni Verð 119 kr/stk
MÚLALUNDUR
Þunnu möppurnar með mjúku og hörðu baki. Þær sem allir eru að spyrja um
Ljósritunarpappír 394 kr/pakkningin
Teygjumöppur af öllum gerðum
Geisladiskar þar sem gæðin skara framúr fást í 10, 25, 50 og 100 stk einingum
Mjúkar möppur sem passa vel í bakpokann.
PILOT FEED GP4 Skriflitur 4 lita VERÐ 296 KR
PILOT SUPER GRIP VERÐ 98 KR
STABILO BOSS Margir litir. Verð 89 kr/stk
Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is



Fréttablaðið/Vilhelm

**FRÁ AÐALFUNDI SAMTAKA FISKVINNSLUSTÖÐVA** Arnar Sigurmundsson, formaður SF, Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, og Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ.



**PALLBORÐSUMRÆÐUR Á AÐALFUNDI SAMTAKA FISKVINNSLUSTÖÐVA** Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, Óskar Garðarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eskju hf. situr honum næst. Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, stjórnaði pallborðsumræðunum.



**HLÝTT Á ERINDI Á AÐALFUNDI SAMTAKA FISKVINNSLUSTÖÐVA** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍU, og Jón Sigurðsson seðlabankastjóri.



**ALL SENSES-HÓPURINN MEÐ STURLU BÖÐVARSSYNI SAMGÖNGURÁÐHERRA** Hópurinn hefur það að markmiði að auka arðsemi í ferðaþjónustu ásamt því að tryggja fagmennsku og gæði.

# Upplifðu allt

## Hópur ferðaþjónustuaðila vinnur saman að markaðssetningu Vesturlands.

Hópur ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi tók sig saman í vor og ákvað að vinna saman að markaðssetningu Vesturlands. Meginmarkmið hópsins er að auka arðsemi í ferðaþjónustu ásamt því að tryggja fagmennsku og gæði. Stefnt er að sameiginlegri kynningu á innlendum sem erlendum ferðasýningum og samstarfi á ýmsum öðrum sviðum.

Hópurinn fór meðal annars á Vestnorden-ferðakaupstefnuna í Kaupmannahöfn undir nafninu „All Senses Awoken“ eða „Upplifðu allt“, með tilvísan til þess að á Vesturlandi geti ferðamaðurinn upplifað allt sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Þau fyrirtæki sem þátt tóku í fysta hluta verkefnisins voru Hótel Glymur, Hótel Búðir, Hótel Framnes, Hótel Borgarnes, Hótel Hamar, Hótel Hellnar, Hótel Stykkishólmur, Sæferðir, Há-Hús, Landnámssetrið, Snorrastofa Reykholti, Ferðaþjónustan Fossatúni, Indriðastaðir og Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands auk þess sem golfklúbbarnir á Akranesi, í Borgarnesi og í Grundarfirði koma sameiginlega fram í þessu verkefni.

Þátttakendur í verkefninu telja það hafa vakið mikla athygli á Vesturlandi bæði hérlendis og erlendis og koma til með að nýtast fyrirtækjunum vel, góð viðskiptatengsl hafi myndast og fagleg vinnubrögð hafi skapað traust manna á milli. Ákveðið hefur verið að hefja formlega þriggja ára samstarf á meðal aðila í ferðaþjónustu á Vesturlandi og verður skrifað undir samstarfssamning á meðal aðila í nóvember næstkomandi.

Verkefnisstjóri í fyrsta hluta verkefnisins var Þórdís G. Arthursdóttir en hún hefur verið ráðin áfram til að fylgja verkefninu eftir. - **hhs**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

**LEITA AÐ HEILDSÖLU FYRIR TRAUSTAN AÐILA, verð allt að 100 milljónir**

Leita að traustu fyrirtæki sem hefur verið vel rekið, kaupandinn hefur góða fjárhagsstöðu.

**ÍS – GRILL – VIDEO – 80 MILLJÓNA VELTA**

Veitingar, vel tækjum búin og megnið af sölunni í grill og ís.

**SNYRTISTOFA**

Góð stofa með mikla möguleika, fallega innréttuð, góð heimasíða og gott orðspor.

timamot@frettabladid.is

Þetta gerðist 12. október 1810

## *Októberfest verður til*

Á þessum degi árið 1810 kvæntist bæverski krónprinsinn Louis, sem síðar varð Louis fyrsti af Bæjaralandi, Theresu prinsessu af Sachsen-Hildburghausen. Hin konunglega fjölskylda bauð íbúum München að taka þátt í hátíðahöldunum sem fóru fram á flötunum fyrir framan borgarhliðið. Þessi svæði eru nú nefnd Theresienwiese, eða tún Theresiu, til heiðurs prinsessunni. Meðal þess sem boðið var upp á voru kappreiðar en þær voru vinsælar á uppákomum um allt Bæjaraland.

Eftir þetta var tekin ákvörðun um að endurtaka leikinn að ári til að minnast brúðkaupsins. Þar með var komin á hefð fyrir hið árlega Októberfest, sem nú hefst síðla í september og stendur til fyrsta sunnudags í október. Áfengi er teigað í miklu magni á þessum hátíðum og um fjórar milljónir lítra af bjór eru innbyrtar á hinni árlegu bjórhátíð.



OKTÓBERFEST

## MERKISATBURÐIR

- **1492** Kólumbus kemur til Ameríku. Hann taldi sig vera í Asíu.
- **1905** Verzlunarskóli Reykjavíkur tekur til starfa.
- **1918** Katla gýs eftir 58 ára hlé.
- **1962** Kvikmyndin 79 af stöðinni er frumsýnd í Háskólabíói og Austurbæjarbíói.
- **1971** Söngleikurinn Jesus Christ Superstar er frumsýndur í Bandaríkjunum.
- **1993** Aldarafmælis Páls Ísólfssonar tónskálds er minnst.
- **1997** Tónlistarmaðurinn John Denver lætur lífið í flugslysi.
- **1998** Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú andast, 64 ára að aldri.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þegar andlát ber að
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Gíslason**

vélstjóri, til heimilis að dvalarheimilinu Grund,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 9. október. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. október kl. 13.00.

**Hermann Gunnarsson**
**Sigrún Gunnarsdóttir Nielsen** **Jeppe Nielsen**
**Ragnar Gunnarsson** **Ásgerður Karlsdóttir**
**Kolbrún Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnbjörn Jónsson**

Hraunvangi 7, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 13. október kl. 13. Þeir sem vilja minnast hans er bent á MND félagið, sími 565 5727.

**Kristín Gróa Gunnbjörnsdóttir** **Ingimar Kristjánsson**
**Sigfús Brynjar Gunnbjörnsson** **Anna Björk Brandsdóttir**
**Jón Valdimar Gunnbjörnsson** **Ragna Jóna Helgadóttir**
**Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir** **Rósinkar Snævar Ólafsson**
**Kristbjörg Gunnbjörnsdóttir** **Heimir Lárus Hjartarson**
**Guðjón Heiðar Gunnbjörnsson** **Elínborg Sigvaldadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Karvel Ögmundsson**

**fyrrverandi útgerðarmaður, Bjargi, Ytri-Njarðvík,**

andaðist 30. september á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði. Kveðjuathöfn verður haldin í Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 14. október og hefst hún kl. 14.00.

Útförin fer fram frá Ingjaldshólskirkju, Hellissandi, laugardaginn 15. október kl. 14.00. Sætaferð verður til Hellissands frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík kl. 9.00 á laugardagsmorgun. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**María Karvelsdóttir**
**Guðlaug Svanfríður Karvelsdóttir**
**Þórunn Karvelsdóttir**
**Ögmundur Karvelsson**
**Sigurlína Björgvinsdóttir**
**Sólveig Karvelsdóttir**
**Sigurður Pálsson**
**Eggert Karvelsson**
**Sædís Hlöðversdóttir**
**og fjölskyldur.**



**STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR** Halla Hrund fer til Brussel um áramótin í starfsþjálfun í sendiráði Íslands. Hér er hún við sköpunarverk sitt. E.ÓL

HALLA HRUND LOGADÓTTIR HRINDIR AF STAÐ VEFSÍÐUNNI WWW.SAMVINNA.IS

# Alþjóðamálin varða alla

„Ég hef alltaf haft gaman af því að fylgjast með því sem er að gerast í kringum mig en áhuginn á alþjóðasamvinnu vaknaði fyrir alvöru þegar ég fór að kynnast því í náminu,“ segir Halla Hrund Logadóttir nýútskrifaður stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands sem nýverið opnaði vefsíðuna www.samvinna.is, frumkvæðis- og nýsköpunarverkefni um Ísland og alþjóðasamvinnu.

„Alþjóðamálin varða okkur öll. Heimurinn er að smækka og vegalendirnar að styttast,“ segir Halla sem fékk hugmyndina að vefsíðunni eftir að hún gerði stuttmynd í fyrra með styrk frá menntaáætlun ESB. „Ég hef haft dálítið gaman af því að tengja saman áhuga minn á listum og sköpun við námið,“ segir Halla en undirtónninn í stuttmyndinni hafði vísun í stöðu heimsmála. „Hugmyndin var að nota myndina sem nýtt og áhugavert kennsluefni í framhaldsskóla,“ segir Halla sem komst þá að því að mjög lítið væri til af góðu íslensku og aðgengilegu efni um það hvernig Ísland tengist umheiminum og ákvað að nota heimasíðuformið til að koma upplýsingum á framfæri.

Þar sem hugmyndin var ný og fersk sóttist Höllu nokkuð vel að fá styrki til verkefnisins en hana studdu Nýsköpunarsjóður, Forsætisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Landsbankinn.

„Þetta á að verða upplýsingaveita um tengingar Íslands við umheiminn. Efnið á að vera aðgengilegt, myndrænt, hlutlægt og áhugavert,“ upplýsir Halla en hún hefur unnið alla síðuna sjálf. „Þetta er bara rétt að byrja,“ bætir hún við en á næstu mánuðum mun hún bæði setja inn fréttir auk þess sem hún ætlar að bæta verulega við efni síðunnar á komandi sumri.

Þó síðan sé ekki fullunnin telur Halla efnið sem þar er mjög vel nothæft til kennslu innan framhaldsskólanna. Þá hafa þegar nokkrir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að nota síðuna í kennslu.

Halla Hrund flytur til Brussel um áramótin þar sem hún verður í starfsnámi í sendiráði Íslands á vegum utanríkisþjónustunnar.

Mun sú reynsla án efa koma sér vel fyrir áframhaldandi þróun heimasíðunnar enda verður Ísland með formennsku í EFTA á næsta ári.



†

*Elskuleg eiginkonan mín,*

**Margrét Antonsdóttir**

Lindasíðu 4, Akureyri,

Lést mánudaginn 10. október á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

**Sigurður Lárus Kristjánsson.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Katrín Gísladóttir**

síðast til heimilis að Unufelli 44,

verður jarðsungin þann 14. október kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

**Sigurjón Magnússon**
**Brynjar Mikael Mikaelsson**
**Birkir Rafael Mikaelsson – Hjördís Árnadóttir**
**Barnabörn.**

## ANDLÁT

**Unnar Jónsson**, Bröttugötu 4, Vestmannaeyjum, lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja fimmtudaginn 6. október.

**Bragi Ólafsson Thoroddsen**, Aðalstræti 78, Patreksfirði, andaðist á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði laugardaginn 8. október.

**Guðrún Hjartardóttir**, Hrafnistu Reykjavík, áður til heimilis í Arahólum 4, Reykjavík, lést á hjúkrunardeild Hrafnistu laugardaginn 8. október.

**Kristján Einarsson**, Grænugötu 12, Akureyri, andaðist á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut aðfaranótt laugardagsins 8. október.

**Sólveig Jónsdóttir** frá Hofi á Höfðaströnd, Sléttuvegi 15, Reykjavík, lést sunnudaginn 9. október.

## JARÐARFARIR

**11.00** Erlendur Lárusson, fyrrverandi forstöðumaður Vátryggingaeftirlitsins, Krosshömrum 11, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

**13.00** Katrín Júlíusdóttir frá Siglufirði, Bólstaðarhlíð 50, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



**Kristjana Samper** myndlistarmaður er 61 árs



**Hanna Birna Kristjánsdóttir** borgarfulltrúi er 39 ára



**Ólafur Egill Egilsson** leikari er 28 ára


TÖLVULISTINN
TAKMARKAÐ MAGN
HP lita geislaprentari á ótrúlegu verði • Takmarkað magn
2
ÁRA ÁBYRGÐ
Til fyrirtækja sem einstaklinga
HP 2600N ColorLaser
Glæsilegur lita laser prentari frá HP með innbyggðu netkorti svo allir í fyrirtækinu geti prentað án vandræða. HP 2600N er 20 sek að prenta fyrsta blað og prentar allt að 8 bls í lit á mínútu. Hann er með 250 bls fjölnotabakka. Tengist beint í beini eða USB2 tengi. HP 2600N er hvergi á betra verði og kemur með 2ja ára ábyrgð til fyrirtækja sem einstaklinga.
VERÐ 27.900
Er þinn HP prentari með 2 ára ábyrgð?
hp
invent
VISA OG EURO TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG INNSLÁTTARVILLUR • TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Reykjavík • Nóatúni 17 • ☎ 562 6730 | Akureyri • Glerárgötu 36 • ☎ 464 7400 | Keflavík • Hafnargötu 90 • ☎ 534 7400



**Heyrst hefur..**

„.. að fjöldi liða í Skandinavíu hafi hug á að næla í Keflvíkinginn Hörð Sveinsson sem skoraði tvö mörk gegn Svíum í gær. Mörg sænsk lið, þar á meðal Djurgarden, hafa áhuga á Herði sem og dönsku liði Midtjylland og AGF.

**sport**

sport@frettabladid.is

RÍKHARÐUR DAÐASON: ÞARF HUGSANLEGA AÐ HÆTTA Í FÓTBOLTANUM VEGNA MEIÐSLA

# *Framtíð Ríkharðs í fótboltanum óljós*

Ríkharður Daðason, sem lék með Fram og er einn af markahæstu leikmönnum íslenska landsliðsins frá upphafi, þarf hugsanlega að hætta að leika fótbolta vegna meiðsla en hann hefur átt við bakmeiðsli að stríða að undanförnu og er útlit fyrir að þau séu alvarleg. „Ég fór illa í bakinu í síðustu leikjum Íslandsmótsins og það lítur út fyrir að ég sé með brjósklos í baki. Verkurinn leiðir niður í hægri löppina þannig að staðan er ekkert sérstaklega góð núna. Ég hef skánað lítillega síðustu daga en er samt ennþá hálf aumingjalegur,“ sagði Ríkharður.

Ríkharður vill þó ekki gefa fótboltann alveg upp á bátinn en viðurkennir að staðan sé ekki vænleg núna. „Meiðslin í sumar hafa verið leiðinleg. Ég var að komast í ágætt form en meiddist og náði mér einfaldlega ekki eftir það. Ég vildi svo reyna að hjálpa til í lok mótisins en hefði betur sleppt því. Ég vil þó ekki útiloka að ég verði með á næsta ári þar sem ég á ennþá ár eftir af samningi mínum við Fram, auk þess sem það er ekkert sérstaklega spennandi að enda ferilinn með þessum hætti þar sem ég hefði viljað eiga betra tímabil áður en ég hætti. En maður þarf þó að láta skynsemina ráða í þessu eins og öðru.“



Það hafa orðið breytingar hjá Fram á síðustu dögum þar sem stjórn Fram ákvað að segja upp samningi við þjálfarann, Ólaf Kristjánsson. Ríkharður var ekkert sérstaklega hrifinn af þeim breytingum. „Ég tjáði stjórnarmönnum það að Ólafur væri rétti maðurinn til þess að stjórna Fram. Ólafur er góður þjálfari sem er að stíga sín fyrstu skref í þjálfun og á örugglega eftir að verða enn betri í framtíðinni. En ég virði þó ákvörðun stjórnarmanna Fram. Þeir eru örugglega að hugsa um hvað sé Fram fyrir bestu.“

### > Við hrósum...



... Eyjólfi Sverrissyni og strákunum hans í íslenska U-21 árs liðinu sem pökkuðu Svíum saman í gær. Eyjólfur er að gera flotta hluti með liðið og þarf ekki að koma á óvart ef Eggert Magnússon biður hann um að taka að sér A-landsliðið.

### > Við vonum...



... að íslenska A-landsliðið fylgi í fótspor ungu strákanna í dag og standi sig vel gegn Svíum. Undankeppni HM hefur verið ein stór vonbrigði en góð úrslit í dag munu lækna mörg sár.




# Eyjólfur ætlar að þjálfa U-21 árs liðið áfram

**U-21 árs lið Íslands rúllaði Svíum upp í gær, 4-1. Eyjólfur ætlar að halda áfram að þjálfa liðið en sú ákvörðun kemur nokkuð á óvart.**

**FÓTBOLTI** „Það stendur ekki til að ég taki við A-landsliðinu. Ég reikna með því að ég verði með þetta lið áfram,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 árs landsliðsins, við Fréttablaðið eftir stórkostlegan sigur á Svíum, 4-1, í undankeppni HM. Samkvæmt þessum ummælum bendir allt til þess að Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson verði áfram með A-landslið Íslands en Eyjólfur hefur verið orðaður við þá stöðu.

Hörður Sveinsson braut ísinn í gær á 41. mínútu eftir snilldar stungusendingu Sigmundar Kristjánssonar. Í uppbótartíma bætti Hörður við öðru marki með skalla af stuttu færi eftir hornspyrnu Emils Hallfreðssonar.

Hörður fór af velli snemma í seinni hálfleik og Garðar Gunnlaugsson kom í hans stað.

Theodór Elmar Bjarnason og Rúrik Gíslason komu einnig inn á og þremenningarnir létu mikið að sér kveða. Rúrik fékk tvö dauðafæri en brást bogalistin. Svíarnir pressuðu stíft en Ragnar Sigurðsson og Tryggvi Bjarnason áttu stórnuleik í vörninni.

Bræðurnir Davíð og Bjarni Viðarssynir voru feiknaduglegir á miðunni og léku oft á tíðum vel saman.




**EMIL BESTUR** Emil Hallfreðsson lagði upp þrjú mörk fyrir íslenska liðið í gær og var besti maður vallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

„Þetta er í fyrsta skipti sem við bræðurnir spilum saman, við náðum því aldrei hjá FH. Þetta var algjör snilld,“ sagði Bjarni við Fréttablaðið í leikslok. Bjarni skoraði þriðja mark Íslands með glæsilegum skalla eftir hornspyrnu Emils. „Svíar lagfærðu stöðuna á 90. mín. með laglegu marki frá Alexander Farnerud. En Emil kórónaði stórleik sinn með því að leggja upp fjórða mark Íslands í uppbótartíma fyrir Garðar. Úrslitin 4-1, Íslandi í vil. Engin Svíagrýla í Eskilstuna.

Allt íslenska liðið á hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu og vinnusemi en maður leiksins var Emil Hallfreðsson.

**thorsteinngunn@frettabladid.is**

A-landslið Svíþjóðar og Íslands mætast í Stokkhólmi í dag:

# Svíar eru með hugann í Þýskalandi

**FÓTBOLTI** Svíar virðist ekki hafa miklar áhyggjur af íslenska landsliðinu miðað við blaðamannafund sænska landsliðsins hér í Stokkhólmi í gær sem Fréttablaðið fylgdist með. Leikurinn gegn Íslandi á Råsunda í dag virðist vera algjört formsatriði enda álíta Svíar að þeir séu þegar búnir að tryggja sér farseðilinn á HM í Þýskalandi þótt tölfræðilega geti Tékkar enn hirt af þeim sætið. Jafntefli dugir Svíum gegn Íslandi.

„Undir venjulegum kringumstæðum vinnum við Ísland. Ég sendi aðstoðarmann minn til þess að fylgjast með Íslandi gegn Póllandi og hef séð myndband með íslenska liðinu,“ var það eina sem Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Svía hafði að segja um Ísland á blaðamannafundinum. Ekki einu orði var minnst á fjarveru Eiðs Smára eða Hermanns Hreiðarssonar.

Zlatan Ibrahimovic, eyddi miklum tíma í að sannfæra sænska fjölmiðlamenn að Henrik Larsson eigi heima í byrjunarliði Svía. „Það skiptir engu máli þótt hann spili lítið á Spáni, hann á heima í landsliðinu,“ sagði Zlatan.

Íslenska landsliðið æfði á Råsunda í gær og voru allir heilir heilsu sem tóku þátt í æfingunni. Árni Gautur Arason er í startholunum að fara heim í dag til Noregs ef sambýliskona hans fer á fæðingardeildina.

**- þg**

Iceland Express deild kvenna í körfubolta

# Auðvelt hjá Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Fyrsti leikur Iceland Express deild kvenna í körfuknattleik fór fram í gærkvöld þegar Íslandsmeistarar Keflavíkur unnu auðveldan sigur á ÍS 77-61 á útivelli. Keflavík tók forystuna strax í byrjun leiks og hélt henni allt til enda þótt stúdínur hafi náð að klóra í bakkann í upphafi annars leikhluta.

Hin gamalreynda Anna María Sveinsdóttir var sátt í leikslok. „Það er alltaf jafn gaman að byrja nýtt Íslandsmót. Við vorum full kærulausar á köflum en það er svo sem ekki óeðlilegt í upphafi móts. Stefnan hjá okkur í Keflavík er sett á verja Íslandsmeistaratitilinn,“sagði körfuknattleikskonan sigursæla.

Athyglisvert atvik átti sér stað í leiknum þegar Sigmundur Herbertsson, góður dómari leiksins ákvað að gefa Skagfirðingnum í liði Keflavíkur, Birnu Valgarðsdóttur tæknivillu fyrir að girða ekki treyju sína sem skildi.

Í liði stúdína var Signý Hermannsdóttir stigahæst með 16 stig en í liði Íslandsmeistaranna var Reshea Bristol með 16 stig og hin unga og bráðefnilega María Ben Erlingsdóttir gerði 15 stig.

**- hjö**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

19.15 **KA og Haukar** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **FH og Valur** eigast við í DHL-deild karla í handbolta í Kaplakrika.

19.15 **KR** og **Breiðablik** mætast í Iceland express-deild kvenna.

**LEIKIR**

17.00 Leikur Svíþjóðar og Íslands sýndur í beinni útsendingu.

19.30 Leikur Englands og Póllands sýndur í beinni útsendingu.

## ÚR SPORTINU

**H**andknattsleikslið KA mætir Mamuli Tíblisi frá Geogíu í áskorendakeppni Evrópu en dregið var í keppninni í gær. Ljóst er að erfitt ferðalag bíður KA-liðsins en þjálfari liðsins, **Reynir Stefánsson**, þjálfari KA, var vonsvikinn með dráttinn. „Það eru nú óneitanlega vonbrigði að þurfa fara til Georgíu þar sem það er kostnaðarsamt ferðalag. Þetta lið á að vera sterkt. Mamuli var í fremstu röð í Evrópu á árum áður þannig að það virðist vera nokkuð sterk hefð hjá þessu félagi. Við munum reyna allt sem í okkar valdi stendur til komast í næstu umferð.“ Valur dróst gegn sænska liðinu Skövde en það lið er núverandi deildarmeistari í Svíþjóð og því er ljóst að það verður erfitt fyrir Valsmenn að komast í næstu umferð. Kvennalið Hauka mætir króatíska liðinu Podravka Koprivnica.



**K**ristinn Jakobsson, sem hefur verið einn besti knattspyrnudómari landsins um árabil, mun dæma leik CSKA Moskvu og Marseille í F-riðli UEFA keppninnar þann 20. október en þetta er líklega stærsti leikur sem íslenskur dómari hefur dæmt í keppni félagsliða. „Þetta er að sjálfsögðu mikill heiður fyrir mig. CSKA Moskva er núverandi Evrópumeistari félagsliða og því er alveg ljóst að það verður nóg að gera hjá mér í þessum leik. Ég hef vissulega hug á því að fá krefjandi verkefni í dómgæslunni í framtíðinni. Ég tek þó bara einn leik fyrir í einu og reyni að standa mig vel í hvert skipti. Þannig er hver leikur úrslitaleikur fyrir mig,“ sagði Kristinn.



**Á**smundur Arnarsson, þjálfari meistaraflokks karla hjá Fjölni, ákvað að taka ekki boði meistaraflokksráðs Víkings um að taka að sér þjálfun liðsins. Víkingur komst upp í Landsbankadeildina í sumar undir stjórn Sigurðar Jónssonar en hann ákvað að halda ekki áfram sem þjálfari liðsins. **Ásmundur** sagði þjálfarastarfið hjá Víkingi vissulega hafa verið spennandi. „Ég neita því ekki að það var spennandi að taka að sér þjálfarastarfið hjá Víkingi en ég ákvað að vera áfram hjá Fjölni. Ég er með samning til eins árs í viðbót og ætla mér að vera hér áfram,“ sagði Ásmundur sem þjálfaði Völsung áður en hann tók við stjórnartaumunum hjá Fjölni í Grafarvogi.



**K**örfuknattleikssamband Íslands boðaði í gær til blaðamannafundar á Grand hóteli í Reykjavík þar sem flugfélagið Iceland Express var kynnt sem nýr kostunaraðili í efstu deild karla og kvenna. Samningur Iceland Express og körfuknattleikssambandsins er til þriggja ára. Einnig var spá fyrirliða og þjálfara í báðum deildum opinberuð. Njarðvíkingum var spáð titilinum í karlaflokki en Íslandsmeisturum Keflavík öðru sæti og athygli vakti að Snæfell frá Stykkishólmi sem fór alla leið í úrslit í ár og í fyrra var spáð tíunda sæti. Í kvennaflokki var Keflavík spáð titilinum og Njarðvík spáð öðru sæti.

**S**lobodan Milicic mun þjálfa 1. deildarlið KA í fótbolta næstu tvö árin. Knattspyrnudeild KA gekk frá samningi við Milicic í gær og í dag ætla þeir að tilkynna hverjir munu þjálfa annan og þriðja flokk karla hjá félaginu. Milicic, sem er íslenskur ríkisborgari og hefur leikið hér á landi í rúman áratug og þjálfað yngri flokka hjá KA m.a. auk þess sem hann aðstoðaði **Þorvald Örlygsson** við þjálfun meistarflokks fyrir ári síðan. Hitt liðið á Akureyri, Þór sem einnig leikur í 1.deild karla hefur ákveðið að semja við **Dragan Stojanovic** um að halda áfram þjálfun liðsins á næsta ári, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Dragan tók við þjálfun liðsins um mitt sumar af þeim **Júlíusi Tryggvasyni** og **Páli Ólafssyni**.

Framarar hefja leit að nýjum þjálfara í dag:

# Nýi þjálfarinn má ekki vera dýr

**FÓTBOLTI** Stjórn Fótboltafélags Reykjavíkur, sem rekur meistaraflokk Fram, fundaði í hádeginu í gær um þjálfaramál félagsins. Þar setti stjórnin saman lista yfir álitlega kosti í stöðunni og strax í dag verður farið í að ræða við þá aðila sem þeir vilja helst fá til starfa.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Ásgeir Elíasson, fyrrverandi þjálfari Fram, Þróttar og landsliðsins, og Sigurður Jónsson, fyrrverandi þjálfari Víkings, ofarlega á lista Safamýrarliðsins. Fréttablaðið hafði samband við Ásgeir í gær og spurði hann út í stöðu mála.

„Ég hef fullan hug á því að halda áfram að þjálfa og Fram er kostur í stöðunni eins og hvað annað,“ sagði Ásgeir sem var staddur í Póllandi en hann kemur til landsins í dag.

Upp úr samstarfi Fram og Ólafs Kristjánssonar slitnaði þar sem Ólafur var ekki til í að breyta samningi sínum við liðið og lækka í launum. Það er því ljóst að hinn nýi þjálfari félagsins má ekki vera of dýr. Einn viðmælandi Fréttablaðsins í gær sem er vel tengdur inn í félagið komst svo skemmtilega að orði að Fram væri ekki að leita að nýjum bíl, heldur góðum, notuðum bíl á sanngjörnu verði og ekki væri verra ef ný vetrardekk fylgdu með. **- hbg**




ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÍSLAND Í DAG!
Með traustu fólki, á nýjum tíma, alla virka daga.



# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**

**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

Fiton/SÍA FI014416

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir







## STUÐ MILLI STRÍÐA: Fer aldrei aftur í helli

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** SEFUR MEÐ LJÓSIÐ KVEIKT



Hélt ég væri komin yfir það að þurfa að sofna með ljósið kveikt. Ekki það að ég hafi nokkurn tíma þurft þess áður heldur hélt ég allavega að það væri aðeins á vissum aldri sem maður myndi bregða á það úrræði. Þegar ég var lítil þá skildi ég það aldrei þegar vinir mínir sögðust vera myrkfælnir.

Komst sem sagt að hinu sanna aðfaranótt mánudags þegar ég gat ekki með nokkru móti róað mig niður í myrkrinu. Oftast er það ljósið sem truflar mig þegar ég er að sofna en ekki myrkrið. Í þetta sinn hafði ég reyndar gert þau mistök að bregða mér í bíó fyrr um kvöldið. Brá mér á mynd sem kallast The Descent og vissi lítið sem ekkert um hana. Ég á það til þykjast vera svalari og harðari en ég í rauninni er og þess vegna samþykkti ég það strax þegar kærastinn stakk upp á þessari hryllingsmynd.

Myndin fjallar sem sagt um hellaskoðun nokkurra kvenna og lenda þær í þeim ósköpum að hellirinn lokast og þær eru fastar inni. Þetta var nóg fyrir mig. Gamla innilokunarkenndin blossaði upp og þegar ég horfði á þær skríða um þröng göng hellisins tók ég ósjálfrátt fyrir augun. Það vildi þó ekki betur til en svo að eftir hlé kom í ljós að fleira leyndist í hellinum en konurnar hafði grunað. Ég ætla ekki að fara meira út í söguna því ekki vil ég skemma fyrir þeim sem hafa hug á að steikja í sér heilann með því að horfa á þennan óbjóð. Í stuttu máli sagt þá grúfði ég mig ofan í hálsakot kærastans, hélt fyrir augun og emjaði alla myndina. Eftir að hrottaskapnum lauk hrökkluðumst við úr bíóhúsinu, búin að henda poppinu út um allt og kreista kókdósina til óbóta. Ég fer aldrei aftur í helli, það eitt er víst.

Af hverju gerir maður sjálfum sér þetta? Ég er að minnsta kosti hætt því. Viðurkenni núna að ég er alls ekkert svöl þegar kemur að hryllingsmyndum og ætla að halda mig við Amélie og When Harry Met Sally héðan í frá.

## myndasögur

### pondus
Eftir Frode Overli




### gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 4 | 6 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 8 | 9 | | | | 6 | |
| | 4 | | | 5 | 6 | | 8 | |
| 5 | | 2 | | 1 | 7 | | | |
| | | 6 | | | | 8 | 2 | 3 |
| | | 9 | 6 | | 2 | 7 | | |
| 2 | 5 | 1 | | | | 9 | | |
| | | | 7 | 8 | | 3 | | 1 |
| | 9 | | 4 | 2 | | | 7 | |
| | 8 | | | | 3 | 2 | | 4 |

# Afnemum VSK af öllum sófasettum

**TAX FREE DAGAR**



Nú afnemum við VSK af öllum sófasettum í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri.



**Leðursófasett** 3+1+1 Danny



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Bycast sófi** 3ja sæta Lyon



**Leðurhornsófi** 2+h+2



**Ítalskt leðursófasett** 3+1+1



**Leðursófasett** 3+1+1 G2041



**Leðursófasett** 3+1+1 Flórens



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



**Leðursófasett** 3+1+1 M3208



**Sófasett** 3+1+1 Chesterfield



**Leðursófasett** 3+1+1 G1982



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Gildir til 17. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**Kl. 16.30**

***Sigursteinn Másson** formaður Geðhjálpar ræðir um forvarnir og viðbrögð við veikindum nemenda og kennara í menntastofnunum á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem að þessu sinni er helgað skólastefnu í geðheilbrigðismálum. Stofa L201 á Sólborg við Norðurslóð.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Nóbelsnefnd í uppnámi



ELFRIEDE JELINEK

Á morgun skýrir sænska Nóbelsverðlaunaakademían frá því hver hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels í ár. Deilur um val síðasta árs hafa náð inn í raðir akademíunnar sjálfrar og í gær skýrði einn meðlima hennar, Knut Ahnlund, frá því að hann kæmi ekki nálægt störfum nefndarinnar framar.

Ahnlund, sem er rúmlega áttræður, telur að valið á austurrísku skáldkonunni Elfriede Jelinek hafi valdið akademíunni óbætanlegu tjóni. Hann lítur á verk hennar sem „textaflæmi sem virðist vera mokað saman án þess að votti fyrir listrænni byggingu“ og efast um að aðrir meðlimir akademíunnar hafi sjálfir lesið neitt af verkum hennar.

„Eftir þetta get ég ekki verið áfram í Sænsku akademíunni, ekki einu sinni að forminu til. Héðan í frá hlýt ég að líta á sjálfan mig sem utangarðs,“ sagði Ahnlund í sænska dagblaðinu Svenska Dagbladet.

Sjálfur hefur Ahnlund reyndar ekki tekið virkan þátt í starfi akademíunnar síðan árið 1996. Sæti hans hefur verið autt og verður það væntanlega áfram, eftir því sem Horace Engdahl, aðalritari akademíunnar skýrði frá.

Tilkynningin á vali þessa árs hefur nú dregist í tæpa viku, því samkvæmt venju hefði átt að greina frá Nóbelsverðlaunahafa ársins síðastliðinn föstudag.

## > Ekki missa af ...

... hátíðartónleikum í Hólmaröst á Stokkseyri í tilefni þess að Páll Ísólfsson hefði orðið 112 ára í dag. **Hlín Pétursdóttir** sópran og **Hrefna Eggertsdóttir** píanóleikari koma fram.

... ljóðakvöldi á Café Rosenberg í kvöld þar sem **Sigfús Bjartmarsson, Haraldur Jónsson, Krisín Ómarsdóttir** og **Michael Pollock** lesa úr verkum sínum.

... sýningu **Guðrúnar Veru Hjartardóttur** í Listasafni Íslands. Hún nefnir sýningu sína


Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumsýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 16/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

EDITH PIAF
Sun. 16/10 uppselt, sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Sun. 16/10 nokkur sæti laus, þri.18/10 uppselt, mið 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

LJÓSIÐ Í MYRKRINU – Dagskrá um Jon Fosse
Sun. 16/10 kl. 15:00, mán. 17/10 kl. 20:00

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt. Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11, lau. 5/11.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 13/10 kl. 21:00 - Tónleikar Harðar Torfasonar
Lau. 15/10 kl. 21:00 - Broadway-söngleikjakvöld í umsjá Björgvins Fr. Gislasonar
Sun. 16/10 kl. 21:00 - Múlinn - Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar og félaga
Miðasala við innganginn.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**FRANK STROBEL HLJÓMSVEITARSTJÓRI** Kemur hingað á haustin til þess að stjórna kvikmyndatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Að þessu sinni er ein af fyrstu myndum Hitchcocks á dagskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Skuggalegur leigjandi

**Ein fyrsta mynd spennumeistarans Alfreds Hitchcock, Leigjandinn, er þögul mynd frá árinu 1927. Hún verður sýnd í Háskólabíói í kvöld við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.**

Myndin fjallar um raðmorðingja sem gengur laus í Lundúnum. Hann myrðir alltaf á þriðjudögum og fórnarlömbin eru ungar ljóshærðar konur. Grunur fellur á skuggalegan náunga, leigjanda hjá hjónum nokkrum sem óttast um líf ljóshærðrar dóttur sinnar.

„Þetta er fyrsta spennumyndin sem Hitchcock gerði og í henni má sjá allt sem hann átti eftir að gera síðar meir,“ segir hljómsveitarstjórinn Frank Strobel, sem stjórnar hljómsveitinni á sviðinu í Háskólabíói.

Alfred Hitchcock hafði gert hátt í þrjátíu myndir í Bretlandi á þriðja og fjórða áratugnum áður en hann hélt til Bandaríkjanna.

Sjálfur sagði Alfred Hitchcock á seinni árum að Leigjandinn hefði verið fyrsta „raunverulega Hitchcock-myndin“. „Flestar þöglu myndanna sem hann gerði voru reyndar grínmyndir,“ segir Strobel, en í Leigjandanum er Hitchcock kominn á þær slóðir sem hann varð þekktur fyrir síðar meir.

Upprunalega tónlistin við Leigjandann þótti illa heppnuð, en þegar myndin var endurgerð fyrir nokkrum árum var Hollywood-tónskáldið Ashley Irvin fengið til þess að semja nýja tónlist, sem áhorfendur í Háskólabíói fá að heyra í kvöld.

„Hann samdi þessa tónlist í rómantískum Hollywood-anda en líkir jafnframt eftir tónskáldinu Bernard Hermann, sem starfaði mikið með Hitchcock,“ segir stjórnandinn.

Frank Strobel hefur oft komið hingað til lands til þess að stjórna kvikmyndatónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói.


BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 16/10 kl. 14 UPPSELT, Su 23/10 kl. 14, Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

WOYZECK
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

HÍBÝLI VINDANNA
Aðeins þessar 2 aukasýningar eftir
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20

SALKA VALKA
Fö 14/10 FORSÝNING m.v. kr. 1000,-
Lau 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT,
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

FORÐIST OKKUR
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.
Í kvöld kl. 20 Fi 13/10 kl. 20, Lau 15/10 kl. 20, Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20,

MANNTAFL
Fö 14/10 kl. 20, Lau 15/10 kl.20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 16/10 kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS.
Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝN. Lau 29/10 kl. 20 UPPS,
Sun 30/10 kl. 20 UPPSELT
Sun 6/11 kl. 20 AUKASÝN.

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT, Fi 3/11 kl. 20,
Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,
Fö 11/11 kl 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Sími miðasölu 568 8000
www.borgarleikhus.is






Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is



Nemendaleikhúsið og CommonNonsense



Forðist okkur
eftir Hugleik Dagsson
Einungis sýnt í október.
Miðaverð kr. 1.500 -
Næstu sýningar:
12, 13, 15, 19.okt.
í Borgarleikhúsinu

# Banville hlaut Booker-inn

Írski rithöfundurinn John Banville hlýtur hin virtu bókaverðlaun Man Booker Prize í ár fyrir skáldsögu sína The Sea eða Hafið.

Banville er fyrsti írski rithöfundurinn sem hreppir Booker-verðlaunin frá því þau komu í hlut Roddys Doyle árið 1993.

John Banville var einn þeirra rithöfunda sem komu til álita við úthlutun Booker-verðlaunanna árið 1989 fyrir skáldsögu sína The Book of Evidence, en tapaði það árið fyrir Kazuo Ishiguro sem þá hafði sent frá sér skáldsöguna Dreggjar dagsins, sem þýdd hefur verið á íslensku.

Þetta árið bar Banville hins vegar sigur af Ishiguro, sem einnig kom til álita í ár með bókina Never Let Me Go.

Auk þeirra Banvilles og Ishiguros komu fjórir aðrir rithöfundar til álita við úthlutun Booker-verðlaunanna í ár. Þetta eru þau Julian Barnes, Sebastian Barry, Ali Smith og Zadie Smith.

John Sutherland, formaður dómnefndarinnar, segir að mjög erfitt hafi verið að gera upp á milli þessara sex rithöfunda, en dómararnir hafi ákveðið að veita John Banville verðlaunin fyrir The Sea, sem er „snilldarleg rannsókn á sorg, minningum og endurheimtri ást“.

Í skáldsögunni The Sea segir frá Max Morden, manni sem flýr aftur til þorpsins Ballyless eftir að hafa orðið fyrir sárum missi, en um leið þarf hann að takast á við ýmsa erfiðleika úr æsku sinni.

Banville er tæplega sextugur og býr í Dublin. Fyrsta bók hans, Long Lankin, kom út árið 1970.


**JOHN BANVILLE** Írski rithöfundurinn John Banville hlaut hin eftirsóttu Booker-verðlaun í ár.

# Minning Páls Ísólfssonar heiðruð

Í dag eru 112 ár frá fæðingu tónskáldsins Páls Ísólfssonar á Stokkseyri. Um árabil hefur minning Páls verið heiðruð með samkomuhaldi á fæðingardegi hans. Að þessu sinni verða hátíðartónleikar í menningarsal Lista- og menningarverstöðvarinnar Hólmarastar á Stokkseyri klukkan 21. Þá munu þær Hlín Pétursdóttir söngkona og Hrefna Eggertsdóttir píanóleikari flytja sönglög Páls og annarra höfunda. Tónleikarnir eru í boði Tónminjaseturs Íslands og er því aðgangur frír.

Af sama tilefni mun Björgvin Tómasson, orgelsmiður á Stokkseyri, undirrita samning um smíði fyrsta orgelsins á orgelverkstæði hans á Stokkseyri en það fer í Grindavíkurkirkju. Þar með hefur Björgvin smíðað öll orgelin í kirkjunum við suðurströndina. Það eru Stokkseyrar-, Eyrarbakka-, Þorlákshafnar- og Grindavíkurkirkju. Aðeins orgelið í Strandarkirkju er ekki eftir hann en það smíðaði meistari hans í Þýskalandi.

Páll Ísólfsson var einn besti organisti í Evrópu á sinni tíð og er undirritunin tengd minningu hans. Að loknum tónleikum verður Orgelverkstæði Björgvins til sýnis en það er nýlega fullbúið.


**TÓNLEIKAR** Hlín Pétursdóttir söngkona flytur sönglög Páls Ísólfssonar á tónleikum í kvöld.

























fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Nylon afhenti hálfa milljón

Stúlknasveitin Nylon afhenti í gær Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna ávísun upp á tæpa hálfa milljón króna.

Afhendingin fór fram í húsakynnum félagsins. Sérstakir gestir stúlknanna voru börn og unglingar sem eru í krabbameinsmeðferð á Barnaspítala Hringsins.

Í sumar tóku Nylon og Fanta höndum saman og framleiddu vinabönd til stuðnings krabbameinssjúkum börnum á Íslandi og í dag hafa alls 900 stykki selst.




**NYLON** Stúlknasveitin Nylon afhenti tæpa hálfa milljón króna í gær.




Gallerý fiskur
Ný ýsuflök daglega
Ferskir og fljótlegir fiskréttir s.s. satay, montreal, karrý, pönnukökur, saltfiskréttir omfl.
Ath nýr opnunartími í veitingahúsi
mán.-fös.: 11:30-15:00
fim.-lau.: 18:00-22:00
Verslun mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

# Síðu nærbuxurnar rjúka út

**Veður fer kólnandi og kaupmenn hafa vart undan við að afgreiða síðar nærbuxur. Bómullin er enn sem komið langvinsælust en ullin á sér líka tryggan aðdáendahóp.**



**HJÁ GUÐSTEINI** Ragnhildur Sigurðardóttir, afgreiðslukona hjá Guðsteini, mundar forláta bómullarnærbuxur, en þær njóta mikilla vinsælda.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Ég gæti ekki unnið úti í svona veðri ef ekki væri fyrir síðu nærbuxurnar," segir ónefndur verkamaður á Laugaveginum í haustnorpinu.

Kári hefur blásið býsna kuldalega undanfarið og fatakaupmenn hafa ekki farið varhluta af því. „Það hefur orðið kippur í sölu á síðum nærbuxum," segir Svava Eyjólfsdóttir, sem rekur verslun Guðsteins Eyjólfssonar á Laugavegi. Að það seljist að jafnaði mikið af síðum nærbuxum allan ársins hring en það verði alltaf aukning á haustin. „Margir herramenn í eldri kantinum ganga í síðum nærbuxum allt árið, en þegar það fer að kólna koma yngri mennirnir líka." Síðar nærbuxur eru sérstaklega vinsælar meðal þeirra sem stunda hvers kyns útivinnu, enda ekki heiglum hent að híma úti langan vetur. Að sögn Svövu eru bómullarbuxur langvinsælastar, enda kostar parið af hvítu pari ekki nema 1600 krónur. Ullarbuxurnar eiga þó líka fastan aðdáendahóp. Meðal útivistamanna sem stunda til dæmis skotveiðar og hestamennsku munu síðar nærbuxur úr gerviefni sem andar vera vinsælast.

Íris Eggertsdóttir hjá herrafataverslun Andrésar á Skólavörðustíg hefur svipaða sögu að segja og Svava; síðu nærbuxurnar fljúga út um þessar mundir. Bómullinn ber einnig höfuð og herðar yfir annað vefnað hjá Andrési. „En gæði ullarinnar eru svo miklu meiri að það er ekki saman að líkja," segir Íris. „Í gegnum tíðina hafa margir þolað ullina verr, fundist hún stinga og klæjað undan henni. En annars eru ullarvörur svo vel unnar í dag að það finnst ekki mikill munur, svo er hún ekki mikið dýrari."

bergsteinn@frettabladid.is






**VERSLUN ANDRÉSAR** Íris hjá Andrési segir að ullin eigi sér dyggan aðdáendahóp enda eru gæði ullarinnar mun meiri en bómullar.








**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós heillaði greinarhöfund Los Angeles Times með frammistöðu sinni í Hollywood Bowl.

# Sigur Rós hælt í LA Times

Tónleikar Sigur Rósar á hinum fræga tónleikastað Hollywood Bowl á dögunum fá góða dóma í dagblaðinu The Los Angeles Times.

Í umsögninni segir að tónlist Sigur Rósar hafi verði undurfögur og að tónleikarnir hafi verið mikil upplifun hvað varðar hljóðfæraleikinn. Bætir greinarhöfundur við að epískur-hljómur sveitarinnar sé 180 gráðum frá grípandi popplögum Abba. Eini gallinn við tónleikana að hans mati er sá að ekki náðist að fylla Hollywood Bowl og því hafi vantað aðeins upp á stemninguna.

„Umhverfið var frábært en því miður var staðurinn hálffullur," sagði í umsögninni. „Þrátt fyrir það skilaði Sigur Rós sínu prýðilega og hélt sínum háa standard með því að takast hvað eftir annað að fara með áheyrendur á fallegar og jafnframt spennandi slóðir."

# Tölvuleikur um Friðrik prins

Nú þegar stutt er í fæðingu nýs ríkiserfingja skemmta Danir sér við að spila nýjan tölvuleik. Leikurinn gengur út á að stýra bíl Friðriks á ofsahraða eftir hraðbrautum í átt að spítalanum þar sem Mary liggur. Það sem flækir leikinn enn frekar er að foreldrar Friðriks eru með honum í bílnum. Þarf Friðrik því að safna sígarettupökkum handa móður sinni og rauðvínsglösum handa föður sínum á leiðinni. Leikurinn kallast Væluprinsinn og er þá vísað til þess að Friðrik felldi ófá tárin í brúðkaupi sínu fyrir rúmu ári. Tölvuleikinn má spila frítt í gegnum slóðina www.tudeprinsen.dk.



# Vögguvísur fyrir þreytta eiginmenn

Lögreglan í Malasíu hefur hrundið af stað vögguvísusamkeppni fyrir malasískar konur í þeim tilgangi að svæfa úrvinda eiginmenn þeirra. Er markmið keppninnar að hvetja konur landsins til að leggja sem allra mest af mörkum í umhyggju sinni fyrir betri helmingnum og sjá þeim fyrir nærandi lúr þegar þreytan er að gera út af við þá.

„Eiginmenn í þessu landi koma heim til sín útkeyrðir og lúnir. Ef fer sem horfir, og við viljum stuðla að með vögguvísusamkeppninni, munu eiginkonurnar syngja vögguvísu eftir kvöldmatinn fyrir þá svo þeir fari rólegir og afslappaðir inn í svefninn. Þegar þeir vakna á ný verða þeir úthvíldir og ánægðir; tilbúnir til að takast á við annríki dagsins og amstur fjölskyldunnar, auk þess að sinna konunni betur,“ segir Nik Aziz hjá stjórnvöldum í Kelantan.

„Þetta fyrirkomulag mun án efa auka hamingju hjóna,“ segir Aziz og bætir við að fljótlega verði haldin sams konar samkeppni fyrir mæður til handa börnum þeirra.



Úrvinda eiginmaður en alsæll eftir vögguvísur sinnar heittelskuðu.



**MICHAEL JACKSON** Hann heimsótti London á dögunum og var umkringdur æstum aðdáendum hvert sem hann fór.

# Trylltir aðdáendur í London

Múgur aðdáenda réðist að söngvaranum Michael Jackson þegar hann heimsótti Madame Tussaud‘s-safnið í London á dögunum. Jackson var í heimsókn í London og voru börnin hans með í för. Þetta er í fyrsta sinn sem Jackson sést á almannafæri síðan hann var sýknaður.

Þegar Jackson mætti á safnið bar hann hendi fyrir augu til að skýla sér fyrir myndavélum. Börnin hans, Prince Michael Jr, Prince Michael II og Paris-Michael, voru öll með skýlu fyrir andlitunum.

Á laugardag fór söngvarinn á leiksýninguna Billy Elliot og þegar sýningunni lauk stóðu hundruð aðdáenda fyrir utan leikhúsið og kölluðu nafn hans ákaft.

Ástæðan fyrir heimsókninni er talin vera sú að söngvarinn hafi verið í London að taka upp lag til styrktar fórnarlömbum fellibylsins Katrínar. Fyrir utan stúdíóið klifraði söngvarinn upp á bílþak til þess að heilsa aðdáendum sínum sem tóku myndir á myndavélar og GSM-síma.





EUROVISION 2006



BaseCamp, auglýsir fyrir hönd Ríkisútvarpsins-Sjónvarps, eftir lagi til þátttöku í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer á Grikklandi í maí 2006.

Lagið má ekki hafa verið flutt opinberlega og hámarkslengd þess skal vera 3 mínútur. Texti lagsins skal vera á **íslensku** vegna flutnings hér heima.

Höfundar skili lögum til BaseCamp, Vatnagörðum 4, 104 Reykjavík eigi síðar en **18. nóvember,** merktum Söngvakeppnin 2006. Lögin skulu merkt dulnefni höfunda en rétt nöfn fylgi í lokuðu umslagi.

Frekari upplýsingar eru veittar hjá BaseCamp í síma 591 5250 eða í vefpósti info@basecamp.is.

Sími 591 5250 info@basecamp.is

BaseCamp PRODUCTIONS













## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn og plötusnúðurinn Boy George, sem gerði áður garðinn frægan með Culture Club, er í klandri. Fyrir helgi var hann handtekinn eftir að lögreglan fann 3,5 grömm af kókaíni í íbúð hans í New York. George hafði hringt í lögregluna og tilkynnt innbrot. George þurfti að dúsa í fangaklefa yfir nóttina en var dreginn fyrir dómara á laugardag þar sem hann lýsti yfir sakleysi sínu. Alþekkt er að söngvarinn átti áður við fíkniefnavandamál að stríða. Lögfræðingur hans fullyrðir hins vegar að hann viti ekki hvaðan kókaínið komi enda væri glórulaust af honum að hringja á lögregluna ef svo væri.



Framleiðendur myndanna um Austin Powers ætla að hraða sér að taka upp fjórðu myndina um njósnarann og gefa út um svipað leyti og nýja James Bond myndin verður frumsýnd á næsta ári. Ekki er búist við að Mike Myers muni endurtaka hlutverk sitt sem Austin Powers en talið er að myndin muni fjalla um njósnarann á hans yngri árum. Michael York, sem komið hefur fram í öllum myndunum, gerir ekki ráð fyrir að taka þátt í þessari og telur að eini leikarinn úr fyrri myndunum sem leiki í þeirri nýju sé Seth Green. Green hefur hingað til leikið son Dr. Ills, fjandvinar Powers, en mun nú leika Dr. Illan sjálfan á sínum sokkabandsárum.



Britney Spears hefur hætt við að selja demantsskrýddan brjóstahaldara úr sinni eigu á eBay. Ágóðinn átti að renna til fórnarlamba fellibylsins Katrínar. Búið var að bjóða tæpar 400 þúsund krónur í flíkina þegar Spears hætti við að selja hana. Ástæðuna segir hún vera hvenær hún hafði klæðst henni; sumir sem gerðu tilboð töldu greinilega að Spears hefði verið í brjóstahöldunum dýru á tónleikum, en hið rétta er að hún kom fram í auglýsingu í þeim. „Ég vil ekki að fólk finnist það hafa keypt köttinn í sekknum," segir poppdívan hugulsama.



Ein bjartasta vonin í Hollywood, Jon Heder sem sló í gegn í Napoleon Dynamite, sá ástæðu til að gefa út yfirlýsingu um að hann hefði alls ekki safnast til feðra sinna. Þrálátur orðrómur þess efnis hefur gengið á netinu og leikarinn sagður hafa látist í bílslysi. Heder var furðu lostinn er hann sá myndir á netinu sem sýndu anda hans stíga upp úr illa leiknu bílflaki. Hann taldi að fólk myndi átta sig á að um grín væri að ræða en ákvað að gefa út yfirlýsingu eftir að ættingjar hans, þar á meðal bróðir hans, hringdu í dauðans ofboði og óttuðust greinilega að eitthvað væri hæft í orðrómnum.






| ÁLFABAKKI | |
|---|---|
| CINDERELLA MAN | KL. 5-8-10.50 B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN VIP | KL. 5.30-8-10.30 |
| GOAL | KL. 6-8.30-10.50 |
| MUST LOVE DOGS | KL. 6-8.15-10.30 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3.40 |
| SKY HIGH | KL. 3.50 |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3.45-6-8.15 B.I. 14 |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 10.30 |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3.50 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 |
| GOAL | KL. 8 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| CINDERELLA MAN | KL. 8 |
| GOAL | KL. 8 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 10 |

| KRINGLAN | |
|---|---|
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14 |
| GOAL | KL. 8-10.30 |
| THE CAVE | KL. 10.30 B.I. 16 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |
| VALIANT enskt tal | KL. 8 |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 5.45 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA MAN | KL. 5.30-8.30-10.10 | B.I. 14 ára |
| MUST LOVE DOGS | KL. 6-8-10.10 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6-8-10 | B.I. 14 ára |
| KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND | KL. 6-8 | |

Háskólabíó




**SIENNA OG DANIEL** Þetta er ekki úr raunveruleikanum heldur kvikmyndinni Layer Cake. Við tökur á þeirri mynd hélt Sienna Miller framhjá kærasta sínum, Jude Law.

# Breska sápuóperan fullkomnuð

Þotuliðið í London hefur séð fjölmiðlum fyrir mat svo mánuðum skiptir með skrautlegri hegðun sinni. Fárið í kringum stjörnurnar hefur verið svo mikið að breska konungsfjölskyldan hefur fallið í skuggann og þá er nú mikið sagt. Sem betur fer hefur leyniþjónustumaðurinn í þjónustu drottningar verið ráðinn en Daily Mail greindi frá því í gær að Daniel Craig yrði líklega tilkynntur sem sjötti James Bond í næstu viku. Hann kemur þó einnig við sögu í öðru máli sem hefur einokað bresku slúðurpressuna. Það er samband Jude Law og Siennu Miller sem átt hefur senuna síðan Kate Moss fór í meðferð og þar spilar Craig ekki síður stórt hlutverk en í Casino Royal, 21. Bond myndinni.

Eins og greint hefur verið frá, nokkrum sinnum, hélt Jude Law framhjá Siennu Miller með barnfóstru barna sinna. Breskir fjölmiðlar veltu sér upp úr málinu þar til Miller tók við leikaranum aftur. Adam var þó ekki lengi í paradís því sunnudagsblað News of the World birti grein um framhjáhald Miller með Daniel Craig. Var Miller, að sögn vina Jude Law, hent út.

Nú segist Miller aldrei hafa tekið fyrrum unnusta sinn í sátt en Law heldur því fram að hann hafi hætt með Miller um leið og hann frétti af framhjáhaldi hennar. Á meðan þetta fyrrverandi stjörnupar London rífst í blöðunum stendur Daniel Craig eftir með pálmann í höndunum. Craig þykir nefnilega hafa sannað að hann ætti að geta valdið nýju hlutverki nokkuð vel.



**BROSNAN MEÐ ARFTAKANUM** Hvort að Pierce Brosnan sé svona ánægður með að Craig skyldi fá hlutverkið skal ósagt látið. Brosnan sleit samningarviðræðum sínum við framleiðendur myndarinnar með miklum hvelli. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Björk fékk Q-verðlaun

Björk Guðmundsdóttir fékk afhent sérstök innblástursverðlaun á verðlaunahátíð hins virta breska tónlistartímarits Q í fyrrakvöld.

Verðlaunin eru veitt þeim listamanni sem er talinn hafa veitt öðrum tónlistarmönnum og áhugamönnum um tónlist hvað mestan innblástur á árinu. Robert Wyatt, sem söng dúett með Björk í laginu Submarine á plötunni Medúllu, afhenti henni verðlaunin.

Plata Oasis, Don´t Believe the Truth, var valin plata ársins, U2 besta tónleikasveitin og Coldplay var valin hljómsveit ársins. John Lennon fékk heiðursverðlaun og tók ekkja hans, Yoko Ono, á móti verðlaununum. Skaut hún hörðu skoti að Sir Paul McCartney, fyrrum Bítli, þegar hún sagði að lögin hans væru spiluð meira í útvarpi en lög Lennons vegna þess að þau væru einfaldari.

Á hátíðinni gerði Liam Gallagher úr Oasis grín að Chris Martin úr Coldplay er Chris tók á móti verðlaunum fyrir bestu sveitina. Chris skaut á móti og sagðist ekki vera í stríði við neinn nema kannski George Bush Bandaríkjaforseta. Þótt Liam væri dónalegur væri hann bara frekar sjarmerandi. Bætti hann því við að hann myndi ekki slást við Liam því hann væri of lítill. Frekar myndi hann slást við Sugababes.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Söngkonan vinsæla fékk afhent sérstök innblástursverðlaun í fyrrakvöld.

Damon Albarn vakti einnig athygli þegar hann sagðist ekki hafa nennt að hlusta á nýjustu plötu Oasis.


HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM JARÐSKJÁLFTANNA Í PAKISTAN

Söfnunarsíminn er 907 2020

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins í Pakistan. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á www.redcross.is, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The moon unit will be divided into two divisions: Moon Unit Alpha and Moon Unit Zappa.“**

**Svar:**
Dr.Evil úr kvikmyndinni Austin Powers árið 1999

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREY GÍGJU GUNNARSSYNI FANNST SJÓNVARPIÐ VERA ORÐIÐ EITTHVAÐ BILAÐ

## *Hvað, hvar og hvenær?*

Þegar kemur að fréttum og dægurmálaþáttum eru sjónvarpsáhorfendur vanafastir. Þeir vilja að sama fólkið geri sama hlutinn, ár eftir ár. Það tekur alltaf smá tíma að venjast því þegar breytingar eru gerðar og þær verða helst að vera mjög hægfara. Menn stökkva ekki bara á milli starfa eins og ekkert sé. Hvað þá á milli stöðva.

Sú hefur raunin hins vegar ekki verið að undanförnu. Ég vaknaði fyrst upp við þennan vonda draum þegar Þorsteinn Joð var mættur í Ísland í dag. Var hann ekki löngu hættur og farinn að snúa sér að heimildarmyndagerð? Ég beið eftir Jóni Ársæli en hann kom ekki. Hann stjórnar einhverjum öðrum þætti á Stöð 2. Þetta varð enn ruglingslegra þegar stelpan úr Íslandi í bítið var komin við hlið Svanhildar Hólm sem tók glöð við keflinu af eiginmanni sínum, Loga Bergmanni Eiðssyni. Hann var allt í einu farinn að lesa fréttir á Stöð 2. Mig svimaði og ég slökkti. Þetta hlyti að komast í lag næstu



**KASTLJÓSIÐ** Þegar Jóhanna Vilhjálmsdóttir var komin við hlið Sigmars Guðmundssonar var mér öllum lokið. Þetta var meira en vanafastur maður gat þolað.

daga. Einhverjir tæknilegir örðugleikar eins og Bjarni Fel orðaði það í Seoul 1988. En þetta batnaði ekki heldur versnaði. Á sunnudagskvöldið þegar ég horfði á fréttir Ríkissjónvarpsins var Páll Magnússon allt í einu orðinn þulur. Ég hugsaði með sjálfum mér hvort einhver tímavél hefði ráðist á mig og flutt mig 20 ár aftur í tímann. Það bætti síðan ekki úr skák á mánudagskvöld þegar umræddur Páll kynnti til sögunnar Þórhall Gunnarsson. Var hann ekki starfsmaður hins þáttarins á Stöð 2. Til að bæta gráu ofan á svart var Jóhanna Vilhjálmsdóttir við hlið Sigmars Guðmundssonar. Var ég orðinn geðveikur eða var sjónvarpið komið í einn hrærigraut? Ég slökkti og tók mér smá tíma til að hugsa mig um. Þetta var eitthvað sem ég þyrfti að venjast og tæki mig lengur en tvo daga til að jafna mig á. Kannski í næstu viku mun ég treysta mér til að horfa á fréttir og dægurmálaþætti.



▶ 21.25 *Gaman*

LITTLE BRITAIN



▶ 21.30 *Nýtt*

GRUMPY OLD WOMEN



▶ 22.20 *Drama*

RESCUE ME



▶ 22.50 *Drama*

SEX AND THE CITY



▶ 17.00 *Fótbolti*

SVÍÞJÓÐ – ÍSLAND

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (42:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (4:42)

**18.30 Mikki mús (4:13)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (4:22)** (ER, Ser. XI)Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
▶ **21.25 Litla-Bretland (2:6)** (Little Britain II)Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Williams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.35 Formúlukvöld**

**23.00** Matisse og Picasso **0.00** Eldlínan (12:13) **0.40** Kastljós **1.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Hver lífsins þraut (4:8) (e) **14.00** Wife Swap (2:12) **14.50** Jamie Oliver (Oliver's Twist) (26:26) **15.15** Kevin Hill (3:22)**16.00** Barnatími Stöðvar 2 **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 What Not To Wear (2:5)** (Druslur dressaðar upp) Raunveruleikaþáttur þar sem fatasmekkur fólks fær á baukinn.
▶ **21.30 Grumpy Old Women (1:4)** (Fúlar á móti) Það getur stundum verið erfitt að vera kona, sérstaklega á miðjum aldri. Í þessum breska myndaflokki kynnumst við nokkrum konum sem segja farir sínar ekki sléttar.
**22.00 1-800-Missing (15:18)** (Mannshvörf) Hörkuspennandi myndaflokkur.
**22.45 Strong Medicine (1:22)** (Samkvæmt læknisráði 4) Vönduð þáttaröð.

**23.30** Stelpurnar **23.55** Most Haunted (B. börnum) **0.40** Mile High (Bönnuð börnum) **1.25** Abandon (B. börnum) **3.00** Fréttir og Ísland í dag **4.20** Ísland í bítið **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV** Frábær þáttur fyrir leikjafíklana!!
**19.30 Game TV**
**20.00 Friends 3 (25:25)**
**20.30 Hogan knows best (2:7)** (Nick's Girlfriend) .
**21.00 So You Think You Can Dance (2:13)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Banaríkjanna.
▶ **22.20 Rescue Me (2:13)** (Harmony) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífiðs em er að angra þá.

**23.10** Kvöldþátturinn **23.40** Laguna Beach (2:11) **0.10** My Supersweet (1:6) **0.40** David Letterman **1.25** Friends 3 (25:25) **1.50** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Will & Grace (e)** Bandarískir gamanþættir.
**20.00 America's Next Top Model IV**
**21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý.
**22.00 Law & Order** Law & Order er hugarfóstur Dicks Wolf og ein langlífasta glæpaþáttaröð sem sögur fara af.
▶ **22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað og á í haltu-mér-slepptu-mér-sambandi við dularfullan herramann sem kallaður er hr. Big.

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers – 7. þáttaröð (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**14.45** Olíssport **15.15** HM 2006 ▶**17.00** HM 2006

**19.30 HM 2006** (Írland – Sviss) Bein útsending frá leik Írlands og Sviss í 4. riðli sem er sá mest spennandi undankeppninni. Frakkar og Ísraelar berjast líka um toppsætið og ljóst að fram undan er mögnuð spenna. Fyrri leik Íra og Svisslendinga lauk meðjafntefli, 1-1. Leikið er í Dyflinni.
**21.10 HM 2006** (England – Pólland) Bein útsending frá leik Englands og Póllands í 6. riðli. Englendingar unnu Pólverja í fyrri leiknum á útivelli, 1-2, en þjóðirnar hafa haft mikla yfirburði í riðlinum. Reyndar þurftu ensku leikmennirnir þá á sjálfsmarki að halda til að fagna sigri. Leikið er í Manchester.
**22.50 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina .

**23.20** HM 2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Juwanna Mann **8.00** Double Bill 10.00 Hvítir mávar **12.00** Big Fish **14.05** Juwanna Mann **16.00** Double Bill **18.00** Hvítir mávar **20.00 Big Fish** Í þessari stórkostlegu mynd segir frá ótrúlegu lífi Edward Bloom. Aðalhlutverk: Albert Finney, Ewan McGregor, Billy Crudup. Leikstjóri: Tim Burton. **22.05 Everbody's Doing It** Stórskemmtileg gamanmynd með dramatískum undirtóni. **0.00** Boat Trip (Bönnuð börnum) **2.00** Shanghai Knights (Bönnuð börnum) **4.00** Everbody's Doing It

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Hollywood Nights Gone Bad **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Fight For Fame **18.00** E! News **18.30** Hollywood Nights Gone Bad **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** Party @ the Palms **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Hollywood Nights Gone Bad **0.00** Party @ the Palms **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Sunderland – West Ham frá 01.10**
**23.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Matisse / Picasso — Sjónvarpið **kl. 23.00**



*Matisse og Picasso höfðu áhrif hvor á annan*

## *Sérstakt samband*

Sjónvarpið sýnir í kvöld heimildarmynd um myndlistarmennina Henry Matisse og Pablo Picasso. Fjallað er um samskipti þessara tveggja risa myndlistarinnar á síðustu öld og um rannsóknir listfræðinga sem sýna að nánari og flóknari tengsl eru á milli verka þeirra en áður var talið. Samband listamannanna var náið og margslungið, þeir voru harðir keppinautar í fyrstu og höfðu ólíkt skap en viðurkenndu seinna meir hvor annan sem jafningja í listinni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt **12.25** Fréttaviðtalið.

**13.10** Hrafnaþing **14.03** Er það svo? **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2

**19.00** Ísland í dag **19.30** Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Eitt–línan **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hálftíminn **15.03** Dagamunur **16.00** Fréttir **16.10** Veður **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Muse **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom **16.30** Equestrianism: Samsung Nations Cup Athens Greece **17.30** Equestrianism: World Cup Helsinki Finland **18.30** Sailing: Orma Grand Prix de Lorient **19.00** Football: World Cup Germany **21.00** Football: World Cup Germany **22.30** Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** The Stables **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Changing Rooms **18.30** Rick Stein's Food Heroes **19.00** Fragments of Genius **19.50** Presumption: The Life of Jane Austen **20.40** Escape the Elephants **21.10** State of Play **22.00** Red Cap **23.00** The Private Life of a Masterpiece **0.00** Dance Masterclass **0.45** Personal Passions **1.00** Modcon **1.30** Framing and Forming

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Into the Lost World **13.00** When Expeditions Go Wrong: Rampaging River **14.00** Megastructures: Sea Launch **15.00** Megastructures: Sears Tower **16.00** Seconds from Disaster: the Bali Bombing **17.00** Paranormal?: Ghosts **18.00** Into the Lost World *living Wild* **19.00** When Expeditions Go Wrong: Into Galeras Volcano **20.00** Megastructures: Uss Virginia **21.00** Megastructures: Tau Tona – City of Gold **22.00** Inside 9/11: Zero Hour **23.00** Megastructures: Uss Virginia **0.00** Megastructures: Tau Tona – City of Gold

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Lyndal's Lifeline **13.00** Natural World **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Meerkat Manor **18.30** Predator's Prey **19.00** Seven Deadly Strikes **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** Venom ER **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Seven Deadly Strikes **1.00** Meerkat Manor **1.30** Lyndal's Lifeline

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Buena Vista Fishing Club **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** A Bike is Born **16.30** A Bike is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Blueprint for Disaster **20.00** The Greatest Ever **21.00** Zero Hour **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Hitler's Women

**MTV**
**13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Andy Milonakis Show **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Fabulous Life Of... **19.30** MTV at the Movies **20.00** Pop Up Videos **20.30** Beavis & Butthead **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** Fabulous Life Of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Paradise Seekers **19.00** Design Challenge **19.25** Single Girls **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Cheaters **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Awesome Interiors **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.25** Love 600 **13.55** Killer Klowns From Outer Space **15.20** Woman's Tale, A **17.00** Lilies OF The Field **18.35** Winnie **20.10** Swamp Thing **21.40** BY Duty Bound **23.15** Semi Tough **1.00** Wisdom

**TCM**
**19.00** They Were Expendable **21.15** Alfred the Great **23.15** The Man Who Laughs **0.55** Rich, Young and Pretty **2.30** The Clock

**HALLMARK**
**11.00** Mary, Mother Of Jesus **12.45** The Colt **14.15** Down in the Delta **16.00** Larry McMurtry's Dead Man's Walk **17.30** McLeod's Daughters V **18.30** Early Edition Iv **19.15** Fighting For My Daughter **20.45** The Inspectors 2: A Shred of Evidence **22.30** Early Edition Iv **23.15** Amnesia **0.45** Fighting For My Daughter

**BBC FOOD**
**12.00** Kitchen Takeover **12.30** My Favourite Chef **13.00** My Favourite Chef **13.30** Sophie's Weekends **14.00** Delia's How to Cook **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Beauty and the Feast **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Chef at Large **16.30** Danny By the Sea **17.00** Chef at Home **17.30** The Best **18.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **18.30** Street Cafe **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Delia's How to Cook **21.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.20** Radioskolen, 2 **12.30** OPS **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Derhjemme **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Det Vildeste Westen **15.00** Braceface **15.20** Kurts klamme krop **15.25** Helt sikkert DR **15.35** GO! **16.00** SKRÅL **16.20** KatjaKaj og BenteBent **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** OBS **17.35** Rabatten **18.05** F¢dt uden ansigt **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Skorpionens forbandelse **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Parat til at dræbe **22.50** Det Vildeste Westen

**SV1**
**12.25** Bara få kan skoja så **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Kött på benen **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Barbacka **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Klirr i bössan för Världens barn **19.05** Extras **19.35** The Contender **21.40** Rapport **21.50** Kulturnyheterna **22.00** Häktet **23.00** Sändning från SVT24





BaseCamp, auglýsir fyrir hönd Ríkisútvarpsins-Sjónvarps, eftir lagi til þátttöku í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer á Grikklandi í maí 2006.

Lagið má ekki hafa verið flutt opinberlega og hámarkslengd þess skal vera 3 mínútur. Texti lagsins skal vera á **íslensku** vegna flutnings hér heima.

Höfundar skili lögum til BaseCamp, Vatnagörðum 4, 104 Reykjavík eigi síðar en **18. nóvember,** merktum Söngvakeppnin 2006. Lögin skulu merkt dulnefni höfunda en rétt nöfn fylgi í lokuðu umslagi.

Frekari upplýsingar eru veittar hjá BaseCamp í síma 591 5250 eða í vefpósti info@basecamp.is.

Sími 591 5250 ▪ info@basecamp.is

BaseCamp PRODUCTIONS



## HRÓSIÐ

*...fá stelpurnar í Nylon fyrir að hafa safnað hálfri milljón króna til styrktar krabbameinssjúkum börnum með sölu á vinaböndum sínum.*

## ÞRÍR SPURÐIR

# Berðu traust til dómstóla?

### Óheppileg tengsl



Mér finnst umhugsunarefni hvernig framkvæmdavaldið hefur valið dómara landsins. Þetta eru óheppileg tengsl sérstaklega í stórum og viðkvæmum málum. Ég trúi ekki öðru en að við getum samt sem áður treyst á dómstóla landsins enda væri ella illa komið fyrir íslenskri þjóð.

**SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON,** jarð- og veðurfræðingur.

### Fullkomið traust



Já, ég verð að segja að ég ber alveg fullkomið traust til dómstóla. Ástæðan fyrir þessu trausti er að ég veit að í dómstóla hafa valist ákaflega vel menntaðir og færir menn. Ég treysti því íslenska dómskerfinu algjörlega.

**ÁSTA HRAFNHILDUR GARÐARSDÓTTIR** sjónvarpskona.

### Dómstólar dæma sig sjálfir



Já, ég vil ekki dæma dómstóla. Þeir dæma sig sjálfir með dómum sínum. Hins vegar vil ég dæma dómsmálaráðherra þó ég vilji ekkert segja um hver sá dómur myndi verða.

**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR,** borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 1 kvarta 6 bók 7 skammstöfun 8 belti 9 karlfugl 10 þrá 12 fæða 14 rá 15 smáorð 16 mjöður 17 geislahjúpur 18 plat.
**LÓÐRÉTT** 1 inniloka 2 langar 3 bardagi 4 sjúkdómur 5 upphrópun 9 flýti 11 slæma 13 megin 14 verkfæri 17 í röð.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 1 kvabba, 6 rit, 7 eh, 8 öl, 9 ara, 10 ösk, 12 ala, 14 slá, 15 að, 16 öl, 17 ára, 18 gabb.
LÓÐRÉTT: 1 króa, 2 vil, 3 at, 4 berkir, 5 aha, 6 asa, 11 illa, 13 aðal, 14 sög, 17 áb.








**ÓTTAR MARTIN** Segir eitthvað í íslensku samfélagi kalla á opna umræðu um kynferðisafbrot gagnvart börnum sem lengi hefur verið tabú.

ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ: SKRIFAR UM BARNANÍÐING Á ALÞINGI

# American Psycho á Íslandi

„Þetta er íslensk samtímasaga sem fjallar um vald og valdníðslu," segir Óttar Martin Norðfjörð, en í lok þessa mánaðar kemur skáldsaga hans Barnagælur út hjá Eddu.

Þetta er fyrsta skáldsaga Óttars, sem er heimspekingur að mennt og á að baki fjórar ljóðabækur. Bókin fjallar um ungan mann sem er nýsestur á þing. Hann nýtur velgengni í starfi, er myndarlegur og vinsæll og prýðir forsíður glanstímarita. „En hann er ekki allur þar sem hann er séður," útskýrir Óttar. „Hann lýgur stöðugt því hann heldur að það falli betur í kramið en það sem honum raunverulega finnst. En djúpstæðasta leyndarmálið er að hann er barnaníðingur."

Bókinni lýsir Óttar sem ádeilu á íslenskan samtíma. Hann hafði gælt við þá hugmynd að notast við raunveruleg nöfn á sögupersónum en hvarf frá því eftir vandlega umhugsun. „Eftir á að hyggja held ég að það sé til bóta, því bókin er opnari fyrir túlkunum en samtímavísanir halda sér."

Óttar kveðst vera undir sterkum áhrifum frá Bret Easton Elli, sem skrifaði meðal annars bókina American Psycho þar sem deilt er á Wall Street og uppamenningu 9. áratugarins. Þótt sú bók gerist á öðrum áratug segir Óttar að hana megi að ýmsu leyti heimfæra yfir á Ísland í dag og það sé hann að reyna. „Bókin fjallar bæði um hið samfélagslega vald sem og vald yfir öðrum manneskjum. Barnaníðingur er holdgervingur valdsins þegar hann ráðskast með litla manneskju sem á sér ekki viðreisnar von. Margar rannsóknir sýna að þeir sem misnota börn eru yfirleitt karlar í valdastöðum og því ekkert óeðlilegt að nota alþingismann sem prófíl fyrir barnaníðing." Óttar bendir á að fyrir jólin koma út að minnsta kosti þrjár bækur sem fjalla um kynferðisafbrot gegn börnum. „Það sýnir að það er greinilega eitthvað í okkar samfélagi sem kallar á opnari umræðu um þessi mál."

Þá segir Óttar að bókin fjalli öðrum þræði um almenna vantrú fólks á ráðamönnum. Í því ljósi hafi verið borðleggjandi að láta aðalpersónuna sitja á þingi fyrir stóran hægri flokk, því slíkur flokkur hefur verið við völd hér á landi í nærri hálfan annan áratug. „Það ber því ekki að túlka þetta sem árás á hægri flokka sem slíka. Ef vinstri flokkur hefði setið jafn lengi við völd væri bókin skrifuð eftir því. Ég er fyrst og fremst að fjalla um þá gjá sem hefur myndast milli þess hvernig fólk hegðar sér og hvað það segir því ég held að fáir trúi að ráðamenn séu í raun eins og þeir gefa sig út fyrir að vera."

bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fimm hundruð manns sóttu um að komast í Ástarfleyið. Það er ýmislegt búið að ganga á og það reyndist þrautinni þyngra að finna þessa fjörtíu einstaklinga sem munu skemmta áhorfendum Sirkus í vetur. Sex manna nefnd fékk það erfiða hlutskipti að velja fólkið en hún var skipuð fólki frá sjónvarpsstöðinni og Storm, framleiðanda þáttanna. Mikil sálfræði liggur að baki valinu en fólk er metið út frá persónueinkennum eftir forskrift eigenda vörumerkisins. Í sumum tilvikum höfðu foreldrar eða vinir skráð fólk til leiks en margir létu tilleiðast og mættu í viðtal. Framleiðendur spurðu þátttakendur um trúmál, hvort þeir svæfu hjá á fyrsta stefnumóti og hvort einhver börn væru í spilinu. Einhverjum var vísað frá vegna skuggalegrar fortíðar.



Salvör Gissurardóttir, lektor í upplýsingatækni og tölvunotkun í námi og kennslu í Kennaraháskóla Íslands, kemur bróður sínum Hannesi Hólmsteini til varnar á bloggsíðu sinni. „Þegar ég kom heim til Íslands var nýtt mál bróður míns í algleymingi, mál sem ég vissi ekki að væri til. Það virðast öll spjót standa á honum þessa dagana. Öll blöð og ljósvakamiðlar fjölluðu um að hann hefði verið dæmdur í Bretlandi fyrir meiðyrði, fyrir að láta að því liggja að íslenskur athafnamaður hafði komið undir sig fótunum á eiturlyfjasölu," segir Salvör og undrast það að breskir dómstólar skuli hafa lögsögu yfir texta vistuðum á íslenskri heimasíðu. „Þessi mál eru mjög áhugaverð út frá tjáningarfrelsi, hver er lögsaga Internetsins, nær íslensk lögsaga yfir það sem skrifað er á blogspot og nær bresk lögsaga yfir það sem er skrifað í íslenskum vefrýmum?" spyr Salvör og telur tjáningarfrelsinu standa ógn af þessum dómi.










# Eins og konungar í Japan

Ferðalag heimildarkvikmyndarinnar Africa United heldur áfram en nú styttist í komu hennar hingað til lands. Sex hundruð japanskir gestir mættu á frumsýningu hennar á Yamagata-heimildarmyndahátíðinni. „Þetta er mesta aðsóknin sem kvikmynd hefur fengið á hátíðinni," sagði kampakátur leikstjóri hennar, Ólafur Jóhannesson, þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Hann útskýrði ennfremur að myndin hefði fengið góða kynningu án þeirra vitneskju og meðal annars verið sýnd í öllum skólum. „Þá hafa nokkrir dreifingaraðilar falast eftir myndinni til að setja hana í japönsk kvikmyndahús. Við setjum það bara í hendurnar á dreifingaraðila okkar," sagði Ólafur. Þeir Ólafur og Ragnar Santos, framleiðandi myndarinnar, kvarta ekki því leikstjóranum finnst eins og farið sé með þá eins og kónga. „Við höfum sinnt gríðarlegum fjölda viðtala og fólkið hérna vill vita meira um land og þjóð," útskýrir hann en viðurkennir að sér þyki sárt að bróðir hans, Benedikt Jóhannesson, geti ekki verið með þeim, hann eigi ekki síður heiður skilinn fyrir sitt framtak.



**ÓLAFUR JÓHANNESSON OG RAGNAR SANTOS** Þeir félagar eru hæstánægðir með viðtökurnar sem kvikmynd þeirra, Africa United, hefur fengið á Yamagata - heimildarmyndahátíðinni.

Ólafur segir það hafa verið nokkuð undarlegt að sitja og horfa á myndina með Japönum því þeir hafi hlegið á allt öðrum stöðum en Evrópubúar. „Það er því greinilegt að það er munur á skopskyni milli heimsálfa," segir hann og hlær.



á meðan birgðir endast!
TILBOÐ!
Á HREINLÆTIS-TÆKJUM
Landsins mesta úrval af
baðinnréttingum
Blöndunartæki
fyrir handlaugar
VERÐ frá
6.900 kr . stgr.
Handlaugar á borð VERÐ frá
15.900 kr . stgr.
Handlaugar
Handlaugar í borð
53.5x41.5 sm
43x29 sm
56x47 sm
VERÐ frá
7.900 kr. stgr.
Handlaugar á vegg
45x35 sm
50x24 sm
VERÐ frá
3.250 kr. stgr.
Baðkör
Venjulegt baðkar
170x70x2.5mm
VERÐ
12.900 kr . stgr.
LÚXUSbaðkar
með handföngum
170x75x2.5mm
VERÐ
19.900 kr . stgr.
OFUR-TILBOÐ!
Blöndunartæki
fyrir eldhús og bað
VERÐ frá
2.900 kr . stgr.
Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir sturtu með
nudd sturtusetti
VERÐ
8.900 kr . stgr.
Blöndunartæki
fyrir sturtu og bað
20 sm sturtuhaus
StarCraft sturtuhaus
Nuddhandsturta
Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir bað og sturtu
m. ömmustöng
VERÐ
34.900 kr . stgr.
Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir sturtu
m. ömmustöng
VERÐ
29.900 kr . stgr.
Skiptir
Stoppventill fyrir inntak
Hreinsanleg vatnssía
Skiptir
Stoppventill fyrir inntak
Hreinsanleg vatnssía
Sturtuklefar
Sturtuklefi
með hornbaðkari
VERÐ
69.900 kr. stgr.
heill
Nuddsturtuklefi
VERÐ frá
69.900 kr . stg
Speglaskápar
VERÐ frá
9.450 kr . stgr.
WC
WC með
stút í vegg eða gólf
Hörð seta og
festingar fylgja
VERÐ frá
15.900 kr . stgr.
WC til
innbyggingar
Hörð seta fylgir
Lok, hvítt eða
stál fylgir
VERÐ frá
39.900 kr . stgr.
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



! Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7




BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR


## Tíu vikur til jóla

Nú er ég farin að bíða eftir snjónum. Kuldinn undanfarna daga hefur vakið upp hjá mér löngun til þess að fá yfir mig alvöru óveður með hríð og tilheyrandi, helst svo að ekki sjáist út um gluggana. Það er einhvern veginn eins og október sé svona mitt-á-milli mánuður. Hvorki haust né vetur. Laufin eru fallin af trjánum, það er dimmt þegar maður skríður á fætur í morgunsárið og kuldaboli er farinn að krefjast þess að maður setji bæði á sig húfu og vettlinga áður en maður fer út úr húsi.

**EN** samt er ekki kominn almennilegur vetur. Veðrið núna er svolítið hvorki né. Það er hvorki hægt að tala um fallegt haustveður, því varla er hægt að tala um haust þegar laufin eru fallin af trjánum og engir eru haustlitirnir, né fallegt vetrarveður, því það er hvorki orðið nógu kalt né nógu dimmt til þess að manni finnist almennilega vera kominn vetur.

**OG** svo hefur ekkert snjóað enn hér fyrir sunnan. Kannski finnst manni ekki að veturinn sé almennilega kominn fyrr en fyrsti vetrarsnjórinn hefur fallið. En það er nú oft svo að það gerist ekki fyrr en fyrstu jólalögin fara að hljóma og því má spyrja hvort það sé snjórinn eða tilhugsunin um jólin sem fái mann til að finnast að veturinn sé loks kominn.

**EÐA** kannski er þetta allt bara undir manni sjálfum komið. Kannski getur maður bara sett sig í ákveðnar vetrarstellingar og leyft sér að byrja snemma að hlakka til jólanna þótt hvorki sé kominn snjór né jólalög farin að hljóma. Það eru nú einu sinni aðeins tíu vikur til jóla, sem er alls ekkert langt þegar maður miðar við að það er um það bil jafn langt síðan verslunarmannahelgin var, sem er bara nýliðin.

**ÞAÐ** er eins gott að fara að huga að því að kaupa jólagjafir því ef ég minni sjálfa mig á alla þá hluti sem ég ætlaði að vera búin að koma í verk á heimilinu frá því um verslunarmannahelgi er ljóst að mér verður ekki skotaskuld úr því að geyma jólagjafainnkaupin fram á Þorláksmessu - eins og alltaf. Í þetta skiptið ætla ég sko að vera skipulögð - en ég ætla það nú alltaf.





Paratabs® – Öflugur verkjabani!



**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

actavis
hagur í heilsu

„Við mælum með Bridgestone loftbóludekkjum – eftir að hafa reynt þau í þrjá vetur"

BRIDGESTONE
BLIZZAK
LOFTBÓLUDEKK

Loftbóludekkin frá Bridgestone eru afbragðs vetrardekk – án nagla!


BLIZZAK WS50
FYRIR FÓLKSBÍLA



... segja þeir Rúnar og Baldur Jónssynir – margfaldir Íslandsmeistarar í Rallyakstri

- Meira öryggi og akstursánægja
- Mun betra veggrip
- Mun styttri hemlunarvegalengd
- Mikið skorin og mjúk
- Ónegld og hljóðlát
- Minna slit á malbikinu
- Umhverfisvænni

ORMSSON
DEKKJAÞJÓNUSTA • LÁGMÚLA 9
SALA 530-2842 / 896-0578
VERKSTÆÐI 530 2846 / 899-2844